FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

78. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. APRÍL 2017



## Er verið að plata þig?

Lygasögur í fréttatón breiðast út á netinu. Lætur þú glepjast af falsfréttum? 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Yngri greinast**
Elly opnar umræðuna um Alzheimer. 26



**Ágreiningur**
Ólíkar hugmyndir um Brexit-viðræður. 6



**Eldmóður í Eyjum**
Kristín gerir sögu gossins skil. 30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ●









## Veður




Norðlæg átt, allhvöss og snjókoma eða slydda norðvestantil með morgninum, en síðan hægari og él um landið norðanvert. Vestan 5-10 og úrkomulítið um landið sunnanvert. SJÁ SÍÐU 54



**Ekkert gabb.** NORDICPHOTOS/AFP

# Þora ekki að birta aprílgabb þetta árið

**NOREGUR** Margir helstu fjölmiðlar Noregs bregða út af vananum þetta árið og sleppa því að vera með aprílgabb. Þetta eru sjónvarpsstöðvar á borð við NRK og TV2 og dagblöð á borð við VG, Aftenposten og Bergens Tidende.

Ástæðan er sú að þessir fjölmiðlar hafa tekið þátt í herferð gegn platfréttum, „Fake News“ svonefndum, sem hafa sett strik í reikning bæði stjórnmála og fréttaflutnings í Bandaríkjunum og víðar undanfarið.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur kvartað mikið undan því að öflugir og virtir fjölmiðlar skrifi um sig tóman þvætting, og þá hafa samfélagmiðlar verið notaðir til að dreifa ósönnum frásögnum um áhrifafólk af ýmsu tagi.

Norsku fjölmiðlarnir segjast þess vegna óttast að trúverðugleiki þeirra bíði skaða ef þeir birti aprílgabb þetta árið eins og ekkert hafi í skorist.

Löng hefð er fyrir því í Noregi, ekki síður en hér á landi, að birta aprílgöbb. Enn geta Norðmenn ekki varist brosi þegar þeir minnast eins þekktasta aprílgabbs sögu sinnar, en það var árið 1950 þegar Aftenposten tókst að fá fjölda fólks til að bíða í röðum fyrir utan áfengisverslun ríkisins með fötur og flöskur af ýmsu tagi í von um að fá hræbillegt áfengi. **– gb**

## Afmælishlaup Neskirkju



**Séra Skúli Ólafsson, prestur í Neskirkju, reimar á sig hlaupaskóna en á morgun verður Neskirkjuhlaupið sem haldið er í tilefni af 60 ára afmæli kirkjunnar. „Við tökum ekki tímann á fólki en hringjum kirkjuklukkum þegar hlauparar eru ræstir,“ segir Skúli. Hlaupnar verða tvær vegalengdir, tíu og sjö kílómetrar. „Þarna gefst hlaupurum kostur á að hlaupa á jafnsléttu nánast alla leiðina enda engar brekkur hér,“ segir hann og hlær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Guðný Dóra Gestsdóttir, safnstjóri á Gljúfrasteini.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gljúfrasteinn opnaður á ný

**MENNING** Frítt verður inn á Gljúfrastein – hús skáldsins í dag í tilefni þess að safnið hefur verið opnað á ný að loknum viðgerðum. Safninu var lokað í byrjun árs 2016 þegar rakaskemmdir komu í ljós.

„Hér var vandað til verka. Þetta er rosalega vel gert.,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir safnstjóri.

Innt eftir kostnaði við framkvæmdirnar segir Guðný hann losa 40 milljónir króna. **- ibs**




# Úr Biggest loser og í grunnbúðir Everest

**Keppandi í þriðju þáttaröð Biggest Loser Ísland er á leiðinni í grunnbúðir hæsta fjalls heims, Evererst. Hann segir að án þáttanna hefði ferðin einungis verið draumur en ekki veruleiki. Þættirnir hafi breytt lífsstíl hans algjörlega.**



**Nokkrir úr hópnum sem fara upp í grunnbúðirnar.** MYND/SIGURBJÖRN

**SAMFÉLAG** Sigurbjörn Gunnarsson, sem missti 93 kíló í þriðju þáttaröð Biggest Loser og vann heimakeppnina er á leiðinni í grunnbúðir Everest, hæsta fjalls heims. Til stendur að ferðin standi yfir í alls sextán daga og fer hann með nokkuð fjölmennum gönguhóp.

„Ég var búinn að vera lengi að leita mér að einhverju krefjandi að gera í ár. Rakst þá á auglýsingu frá vilborg.is um þessa ferð og eftir nokkuð langan umhugsunartíma þá ákvað ég að skella mér,“ segir Sigurbjörn.

Hann segist lengi hafa fylgst með Íslendingum reyna við fjallið og hafði hann alltaf langað að reyna sjálfur. Sérstaklega þegar hann var yngri.

„Þegar maður verður eldri breytast draumar manns lítillega og maður sættir sig við að sumir draumar verði ekki að veruleika,“ segir Sigurbjörn og bætir því við að þá þurfi maður að laga drauma sína að aðstæðunum.

Sigurbjörn segir að án Biggest Loser væri hann ekki á leiðinni upp í grunnbúðir fjallsins. „Það er ekki spurning að ef ég hefði ekki farið í Biggest Loser þá væri ég ekki hérna í dag,“ segir hann.

> **Það er ekki spurning að ef ég hefði ekki farið í Biggest Loser þá væri ég ekki hérna í dag.**
>
> Sigurbjörn Gunnarsson, fyrrverandi keppandi í Biggest Loser



Þá bætir Sigurbjörn því við að ástæðan sé sú að þættirnir hafi breytt lífsstíl hans nánast algjörlega.

Eftir að Sigurbjörn lauk keppni í Biggest Loser í fyrra hefur hann afrekað ýmislegt sem áður hefði þótt ólíklegt. Sigurbjörn var þyngsti keppandinn í þriðju þáttaröð af keppninni. Alls fór hann úr 203,3 kílóum þegar hann hóf keppni og niður í rúm 110 kíló. Þar með missti hann nærri helming líkamsþyngdar sinnar.

Í viðtali við mbl.is í fyrra sagðist Sigurbjörn stefna að því að hlaupa tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu ásamt fjölskyldumeðlimum. Þá stefndi hann einnig að því að ganga upp á Súlur. Honum tókst síðasta sumar bæði að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu, þar sem hann safnaði fyrir Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri, og um verslunarmannahelgina tók hann þátt í sprett þríþraut.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER TILBOÐ Á GRILLUM



## ÖLL WEBER OG OUTBACK GRILL Á TILBOÐI UM HELGINA

**weber**

**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU. Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm.
3000380

**Þú sparar: 9.000 kr.**

**73.990 kr**

~~82.990~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## BLÓMASÝNING
Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI
ALLA HELGINA

Sýnum ýmis afbrigði af:
• Túlípönum • Gerberum
• Liljum • Rósum
sjón er sögu ríkari!



blómaval



weber
**Þú sparar: 4.760 kr.**
**Gasgrill Weber Q2200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 39x54 cm.
3000377
**48.690 kr**
~~53.450~~ kr



weber
**Þú sparar: 3.000 kr.**
**Gasgrill Weber Q1200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm.
3000376
**36.900 kr**
~~39.900~~ kr



weber
**Þú sparar: 5.000 kr.**
**Gasgrill Q2200**
Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulínglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi.
3000378
**54.900 kr**
~~59.900~~ kr



OUTBACK
**Þú sparar: 4.000 kr.**
**Gasgrill**
Outback Omega 100.
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm.
3000226
**13.990 kr**
~~17.990~~ kr



OUTBACK
**Þú sparar: 11.000 kr.**
**Gasgrill**
Sunset Solo 3. 3ja brennara. Grillflötur: 62.8x40.6 cm. 3 ryðfríir brennarar. Hitamælir, 9,67 kW.
3000393
**25.990 kr**
~~36.990~~ kr

**Byggjum á betra verði**

SENDUM GRILL FRÍTT HEIM Í VEFVERSLUN HUSA.IS

**TÖLUR VIKUNNAR** 26.03.2017 – 01.04.2017

**4.069** voru aðfluttir umfram brottflutta á árinu 2016.

**70%** íslensks vinnumarkaðar falla undir lög um jafnlaunavottun, taki þau gildi.

**56** pláss eru í fangelsinu á Hólmsheiði en aðeins 30 pláss eru nýtt.

**58** verkefni fengu styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og er heildarupphæðin 610 milljónir.

**15.000** manns bætast við íslenskan vinnumarkað fram til ársins 2019, spáir Arion banki.

**1,2** milljörðum til viðbótar við fyrri fjárheimildir verður varið í vegagerð á árinu.

**93** starfsmenn landvinnslu HB Granda á Akranesi eiga það á hættu að missa vinnuna í sumar.

**3.300** verslanir selja skyr MS [Icelandic Provisions] í Bandaríkjunum.

## Þrjú í fréttum
## Fiskur, lundi og nauðganir

**Skúlína Guðmundsdóttir**
*trúnaðarmaður starfsmanna í landvinnslu hjá HB Granda á Akranesi*



sagði starfsmenn hafa verið slegna við fréttirnar um að fyrirtækið hygðist láta af landvinnslunni þar sem 93 starfsmenn vinna. Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri Granda, sagði að Skagamenn ættu ekki að gera sér miklar vonir um árangur af viðræðum við bæjaryfirvöld.

**Benedikt Jóhannesson**
*fjármálaráðherra*



lagði á það áherslu í umræðum um Búnaðarbankaskýrsluna að við yrðum að vita hver skyldi sér á bak við grímu lundans. Lundinn var dulnefni á Kaupþingi í leynilegum samskiptum Ólafs Ólafssonar og annarra leikenda í aðdraganda einkavæðingar Búnaðarbankans árið 2003. Fjármálaráðherra vill að einkavæðing annarra banka verði rannsökuð til hlítar.

**Guðrún Jónsdóttir**
*talskona Stígamóta*



greindi frá því að 29 hópnauðganir hefðu komið inn á borð Stígamóta í fyrra og 27 lyfjanauðganir. Fleiri hefðu leitað hjálpar hjá Stígamótum á síðasta ári en sést hefði frá 1992. Alls hefðu 654 einstaklingar leitað þangað, þarf af 372 í fyrsta skipti.

# Trump dregur úr áhuga á Bandaríkjaferðum

**Tæplega 58 prósent segjast hafa minni áhuga á að ferðast til Bandaríkjanna eftir að Trump tók við forsetaembættinu. Stjórnendur Icelandair verða varir við breytinguna. Forstjóri WOW segist líta björtum augum til Bandaríkjanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er erfitt að skilgreina nákvæmlega hvernig pólitískur órói hefur áhrif á áhuga fólks á að fljúga á milli landa en eins og fram hefur komið höfum við fundið fyrir óróa í stjórnmálum í bókunum okkar,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Guðjón segir þó erfitt að leggja mat á hversu sterk pólitísku áhrifin eru.

Rétt tæplega 58 prósent þeirra sem afstöðu taka í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis segja áhuga sinn á að ferðast til Bandaríkjanna hafa minnkað eftir að Donald Trump tók við sem forseti þar í landi, rétt tæp 40 prósent segja að áhuginn hafi hvorki aukist né minnkað, en rétt rúmlega tvö prósent segja að hann hafi aukist.

Séu svörin skoðuð í heild má sjá að 56 prósent segja að áhugi þeirra á að fara til Bandaríkjanna hafi minnkað, 39 prósent segja að hann hafi hvorki aukist né minnkað og tvö prósent segja að hann hafi aukist. Þá segjast tvö prósent vera óákveðin og eitt prósent neitar að svara spurningunni.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, segist líta björtum augum á markaðinn í Ameríku. „Við erum að vaxa hratt og vorum að bæta við okkur Chicago og erum að auka tíðni til Ameríku. Ég væri ekki að gera það nema ég teldi ástandið vera bjart fram undan,“ segir Skúli. Hann segist lítið annað geta sagt um málið enda leiðist honum að taka þátt í pólitískri umræðu.

Áhugi á að ferðast til Bandaríkjanna virðist frekar hafa minnkað á meðal kvenna en karla, en 66 prósent kvenna sem taka afstöðu segja að áhugi þeirra á að fara til Bandaríkjanna hafi minnkað eftir kjör Trumps en einungis 50 prósent karla segja að áhugi þeirra hafi minnkað.

Í frétt á vef bandarísku sjónvarpsfréttastöðvarinnar CNBC kemur fram að ferðamálayfirvöld í Bandaríkjunum segja að búist sé við því að ferðaþjónustan í heiminum vaxi um 2,3 prósent í ár en vöxturinn nam 2,8 prósentum í fyrra. Ástæða minni vaxtar sé einkum sterkari Bandaríkjadalur. Hins vegar hafi stefna Trumps í innflytjendamálum og ferðamálum einnig neikvæð áhrif á vöxt ferðaþjónustunnar. jonhakon@frettabladid.is



**Hefur áhugi þinn á að ferðast til Bandaríkjanna aukist eða minnkað eftir að Donald Trump tók við sem forseti?**




## Fangelsið á Akureyri einnig hálftómt

**Samfélagsmál** Fimm fangar eru vistaðir í fangelsinu á Akureyri sem getur hins vegar rúmað fimm fanga til viðbótar. Að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra vill stofnunin fara varlega í að fjölga föngum á Akureyri eftir að fangi svipti sig lífi í fangelsinu fyrir skömmu.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun vikunnar að fangelsið á Hólmsheiði sé hálftómt á meðan boðunarlisti fanga til afplánunar lengist. Hið sama virðist vera uppi á teningnum nyrðra; fangelsið er nýtt til hálfs á meðan hin plássin standa auð.

Um 550 fangar bíða þess að geta hafið afplánun dóma sinna en voru um 470 um mitt síðasta ár. Fangelsismálastofnun telur að með byggingu fangelsis á Hólmsheiði fari að saxast á þann boðunarlista. **– sa**



**Páll Winkel forstjóri fangelsismálastofnunnar**

## Norðmenn vilja að færri greiði með reiðufé

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld herða nú baráttuna gegn peningaþvætti. Í því skyni vilja þau banna greiðslu með reiðufé sé upphæðin yfir 40 þúsund norskum krónum, eða um 530 þúsundum íslenskra króna. Skattayfirvöld eiga að hafa eftirlit með að farið sé að lögum.

Í frétt á vef Aftenposten segir að sams konar takmörk hafi verið sett í fjölda annarra landa, þar á meðal í Danmörku.

Hámarkið mun ekki gilda um greiðslur til einkaaðila. **– ibs**

Jeep



KOMDU OG PRUFAÐU

Opið í dag laugardag 12 - 16

Margar góðar reynsluakstursleiðir
í nágrenni Mosfellsbæjar.

Tökum vel á móti þér!
Rjúkandi Lavazza kaffi á könnunni.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




## Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður.
Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km.
Komdu á glæsilega frumsýningu á Hyundai i30 í dag milli klukkan 12 og 16 og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

ENNEMM / SÍA / NM81178 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717


**Osteopathy** - Restore and preserve the physiological functions of the body

Osteopathy is a manual therapy whereby patients are examined as a whole and then treated in accordance with their anatomy and everyday environment.

From athletes and pregnant women, to infants and grandparents, osteopathy safely adapts to and treats the causes of pain and dysfunctions.

**Hadrien** is an **osteopath** that practices in **Heilsumiðstöð Reykjavíkur** and has a degree from the Toulouse Institute of Osteopathy in south of France, whereby he practiced before.

Grensásvegur 50–108 Rkv–**Sími: 649 2097 (SMS only)**
**http://heilsumidstod.is/is_IS/hadrien** (Booking Online)

GEÐVERND

**Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn mánudaginn 24. apríl nk. kl. 17 að Hátúni 10, jarðhæð, vestan megin.**

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6. gr. laga félagsins.

Að aðalfundarstörfum loknum munu Dr Guðbjörg Ottósdóttir lektor í félagsráðgjöf við HÍ og Björg G. Gísladóttir bókmenntafræðingur og ráðgjafi hjá Stígamótum og höfundur bókarinnar Hljóðin í nóttinni flytja fyrirlestur um börn í ábyrgðarhlutverkum.

Fyrirspurnir og umræður að fyrirlestri loknum.

*Stjórnin*


**Styrkir úr Tónlistarsjóði 2017**
Umsóknarfrestur til **15. maí**

**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2017.**

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

**Umsóknarfrestur rennur út 15. maí 2017 kl. 17.00. Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.**

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember. Næsti umsóknarfrestur er 15. nóvember 2017.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# Norðmenn fylgjast grannt með Brexit

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld ætla að fylgjast grannt með samningaviðræðum Breta við Evrópusambandið um útgöngu Bretlands. Útkoma samninganna getur haft mikil áhrif á Noreg, sem rétt eins og Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

„Við verðum að viðurkenna að við fáum ekki að sitja við samningaborðið, en það er mikilvægt að við séum engu að síður í nálægð við ferlið sem partur af innri markaðnum," sagði Frank Bakke-Jensen, Evrópumálaráðherra norsku stjórnarinnar, í viðtali við norska fréttavefinn E24.

**Það er mikilvægt að við séum engu að síður í nálægð við ferlið sem partur af innri markaðnum**

Frank Bakke-Jensen, Evrópumálaráðherra norsku stjórnarinnar.



Þar vísar hann til þess að Michel Barnier, aðalsamningamaður ESB gagnvart Bretlandi, hefur látið hafa eftir sér að hagsmunir ESB-ríkjanna verði hafðir í forgangi. Hagsmunir EES-landanna verði hafðir í öðru sæti í viðræðunum.

Bakke-Jensen segir að norsk stjórnvöld hafi þess vegna sett saman vinnuhóp í utanríkisráðuneytinu til að fylgjast með viðræðunum og leggja mat á gang þeirra með tilliti til norskra hagsmuna. **– gb**

# Ólíkar hugmyndir um framhaldið á Brexit

Evrópusambandið hafnar því að hefja viðræður um framtíðarsamskipti við Bretland samhliða viðræðum um útgöngu Bretlands. Þetta gengur þvert á óskir Theresu May, sem vill samhliða viðræður um þetta tvennt.




**Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, með bréfið frá Theresu May.** NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Töluverður áherslumunur er á því hvernig þau Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, og Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, sjá fyrir sér hvernig viðræðum um útgöngu Bretlands verði háttað.

Tusk birti í gær svar sitt við úrsagnarbréfi Bretlands, sem May sendi til hans á miðvikudag.

Við það tækifæri tók hann skýrt fram að ekki verði hægt að ræða framtíðarsamskipti Bretlands og Evrópusambandsins fyrr en viðræður um brotthvarf Bretlands verða langt komnar: „Það mun ekki gerast að samhliða viðræður hefjist."

Þetta gengur þvert gegn því sem May sagði í bréfi sínu, og endurtók meira að segja nokkrum sinnum, að Bretar telji nauðsynlegt að gera samkomulag um framtíðarsamskipti við ESB samhliða viðræðum um útgöngu Bretlands úr ESB.

Ekki er þó víst að þessi ágreiningur skipti miklu í reynd þegar viðræðurnar komast á skrið.

Tusk tekur fram í bréfi sínu að í 50. grein Lissabonsáttmála ESB, sömu grein og inniheldur úrsagnarákvæðið sem Bretar hafa nú virkjað, segi að í viðræðum um skilmála útgöngunnar þurfi að taka mið af því hvernig fyrirkomulag verði haft á framtíðarsamskiptum við Breta.

Þetta verður þó ekki hægt, segir Tusk í bréfinu, fyrr en á seinni hluta útgönguviðræðnanna, þegar þær eru nokkuð langt á leið komnar.

**Við teljum þess vegna nauðsynlegt að ná samkomulagi um skilmála framtíðarsamstarfs okkar samhliða samkomulagi um skilmála útgöngu okkar úr Evrópusambandinu**

Theresa May, í bréfi sínu til Evrópusambandsins 29. mars



Í bréfinu, sem Tusk sendi í gær til leiðtoga allra aðildarríkja Evrópusambandsins, segir hann einnig ekki koma til greina að Bretar eigi í viðræðum við einstök aðildarríki um framtíðarsamskipti við þau á meðan þeir eiga í viðræðum um útgönguskilmálana við ESB.

Þá er tekið skýrt fram í svari Tusks til Breta að Evrópusambandið muni ekki semja um framtíðarstöðu Gíbraltarskaga nema í fullu samráði við Spán. Gíbraltarskagi hefur lengi verið bitbein Bretlands og Spánar, en skaginn hefur heyrt undir breska lögsögu þótt hann sé syðst á Spáni.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Slagsmálin á Selfossi mögulega sviðsett



**Myndir frá slagsmálunum á Selfossi, sem lögregla segir að hafi mögulega verið sviðsett.** FRETTABLADID/AÐSEND

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi segir að skipulögð slagsmál unglinga þar, sem nýlega rötuðu í fréttir, hafi sennilega verið sviðsett. Lögregla myndi ganga í málið ef formleg kæra bærist og hæfi þá rannsókn.

„Menn voru með rautt í andliti og mér fannst þetta bara vera einhver litur, málning. Kannski átti að gera myndbandið eða það sem menn voru að gera, áhrifameira, láta það líta út fyrir að vera blóð," segir Þorgrímur Óli Sigurðsson, lögreglumaður á Selfossi.

Hann segir að ekki virðist óeðlilegt að foreldrar ættu að geta treyst því að lögreglan skakkaði leikinn þar sem grunur léki á slæmum barsmíðum af þessu tagi. „Auðvitað getur svona farið úr böndum. Hvenær ætlar maður að slá fast og hvenær laust? Kannski er ekkert saknæmt við þetta?"

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, segir að hún sé spæld vegna þessa máls, sem hafi ekkert með skólann að gera. „Ég sendi póst á alla starfsmenn og tilkynnti þeim um þessa frétt," í þeim tilgangi að upplýsa nemendur um afleiðingar ofbeldis af þessu tagi.

Olga segir að óheppilegt hafi verið af lögreglu að segja að atvikið væri á könnu Fjölbrautaskóla Suðurlands, til þess að taka á þessu máli en að lögreglan sé að drukkna í verkefnum. „Með allri þessari aukningu á fólki sem er hér um allt og vandamálum sem upp koma núna eru fjárveitingar ekki í neinu samræmi við álagið sem fylgir þessu starfi í dag.

Ég kýs að trúa því að þetta sé eins skiptis viðburður af því ég kýs að trúa því að nemendur okkar séu skynsamt fólk. Ábyrgðin byrjar heima og endar heima," segir Olga. **– pfe**



# Kanntu nýrri flaug að fljúga?

**VIÐ ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA FRÆKNAR FLUGHETJUR TIL AÐ FLJÚGA ÖLLUM SPLUNKUNÝJU VÉLUNUM OKKAR ÚT UM ALLAN HEIM. VIÐ LEITUM BÆÐI AÐ NÝLIÐUM OG REYNSLUMIKLUM FLUGKÖPPUM.**

## HVAÐ BJÓÐUM VIÐ?

- Við ráðum í framtíðarstörf
- Umsækjendur geta hafið störf strax
- Flugstjórar og reynslumiklir flugmenn geta sóst eftir flugstjórastöðu hjá okkur
- Frí þjálfun á Airbus A320 og A330 og möguleiki á að fljúga báðum tegundum
- Skemmtilegt starfsumhverfi, einstakt samstarfsfólk
- Fullt af útlöndum

## VIÐ ERUM Í SKÝJUNUM!

Flugflotinn okkar tútnar stöðugt út og samanstendur nú af tveimur Airbus A320 flugvélum, sjö Airbus A321 flugvélum og þremur Airbus A330 breiðþotum. Auk þess eigum við von á tylft nýrra Airbus véla, fimm á þessu ári og sjö á því næsta. Fyrsta neo vélin er væntanleg til okkar núna í apríl, önnur kemur í sumar og á næsta ári bætast svo fjórar A330–900 neo vélar við flotann, sem mun telja 24 flugvélar í lok árs 2018. Vilt þú ekki einmitt prófa eitthvað nýtt?

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Frekari upplýsingar um störfin, nauðsynlega hæfileika og annað skemmtiefni má finna á **www.wowair.is/starf**. Þar er jafnframt tekið á móti umsóknum. Drífa sig!

WOW air

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

# Stóraukin útgjöld en krafa um aðhald

**Fjármála- og efnahagsráðherra kynnti fjármálaáætlun ríkisins til ársins 2022 í gær. Gert er ráð fyrir byggingu nýs Landspítala, kaupum á þremur nýjum þyrlum fyrir gæsluna. Á sama tíma er hins vegar gert ráð fyrir skuldalækkun hins opinbera og áframhaldandi aðhaldi**

**RÍKISFJÁRMÁL** Auka á útgjöld til heilbrigðismála um fimmtung samkvæmt nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2022 sem lögð var fyrir Alþingi í gær. Reisa á nýtt þjóðarsjúkrahús, breyta og minnka greiðsluþátttöku sjúklinga, auka sálfræðiþjónustu og stytta biðlista.

„Markmið með fjármálaáætluninni eru í grunninn fjögur,“ sagði Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, þegar hann kynnti áætlunina í ráðuneyti sínu. „Vega þarf á móti þenslu í hagkerfinu á sama tíma og stuðla þarf að sátt á vinnumarkaði. Taka á gengisstyrkingu krónunnar og jafnframt efla opinbera þjónustu og styrkja innviði samfélagsins.“

Stærstu útgjaldaliðir verða til heilbrigðismála og velferðarmála en gert er ráð fyrir að raunvöxtur útgjalda til heilbrigðismála verði 22 prósent.

Á sama tíma verða greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi hækkaðar og bótakerfi öryrkja endurskoðað með það að markmiði að auka útgjöld og aðstoða við atvinnuleit.

> Vega þarf á móti þenslu í hagkerfinu á sama tíma og stuðla þarf að sátt á vinnumarkaði
>
> Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra

Á tímabilinu munu heildarútgjöld fara úr 788 milljörðum króna árið 2018 í 857 milljarða króna árið 2022.

Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir breytingum á tekjum ríkissjóðs. Ferðaþjónustan mun fara úr neðri þrepi virðisaukaskatts í almennt þrep um mitt næsta ár. Á sama tíma verður horft til þess að lækka tryggingagjald sem mun gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Einnig verða skattar á losun gróðurhúsalofttegunda tvöfaldaðir.

Hættumerki eru hins vegar í fjármálum hins opinbera. Efnahagsleg þensla, gengisstyrking og þung vaxtabyrði ríkisins valda því að fjármálastefna gerir ráð fyrir meiri afgangi en samþykkt var síðastliðið sumar. Þessir þrír kraftar kalla því á mikið aðhald í rekstri ríkissjóðs. Fjármálaráðherra sagði í kynningu sinni mikilvægt að ríkissjóður stæði vel að vígi ef og þegar næst kreppir að til að geta spýtt í lófana. Langtímamarkmið ríkisins er að skuldir A-hluta ríkissjóðs verði í lok gildistíma áætlunarinnar þær sömu að hlutfalli og árið 2006.

**sveinn@frettabladid.is**

## Hvað þýðir ný fjármálaáætlun 2018 til 2022









**RAV4** markar upphaf nýrra tíma og gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju með nóg rými fyrir fólk og farangur. RAV4 fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, í dísil-, bensín- og kraftmikilli Hybrid-útfærslu. Glæsileikinn geislar af hönnuninni, jafnt að utan sem innan þar sem mælaborðið skartar stórum margmiðlunarskjá og upplýsingum á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Heilbrigðismálin eru sett í fyrsta sæti

**Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir að reynt verði að vera með afgang af ríkissjóði sem spornar við þenslu í nýrri fjármálaáætlun. Stjórnarandstaðan gagnrýnir áform um að skapa hagfelld skilyrði til lægri skatta.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það sem ég er ánægðastur með er að við náum að auka útgjöld mikið til heilbrigðis- og velferðarmála sem voru okkar forgangsmál bæði í kosningabaráttunni og svo forgangsmál stjórnarinnar eftir að hún var mynduð,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra um hina nýju fjármálaáætlun ríkisins.

„Á sama tíma náum við líka að vera með afgang af ríkissjóði sem spornar við þenslu og auk þess náum við að borga niður skuldir ríkisins sem býr þá í haginn fyrir komandi tíma,“ segir Benedikt.

Í tilkynningu segir að miðað verði að því að skapa hagfelld skilyrði fyrir vaxtalækkun, og mynda þannig rými til aukinna útgjalda og lægri skatta. Benedikt ítrekar þó að á tímabilinu verði skattar ekki raunverulega lækkaðir. „Við erum með skattana nokkurn veginn í jafnvægi og heldur hærri á næsta ári heldur en verið hefur. Við erum með þessar tilfærslur í virðisaukaskattskerfinu, svo tölum við um það að við séum að horfa á það á seinni hluta kjörtímabilsins að lækka tryggingagjaldið en tilgreinum ekki hvernig það yrði og það verður að ráðast aðeins af aðstæðum,“ segir Benedikt.



Benedikt Jóhannesson kynnti áætlunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hann segir að heilbrigðis- og velferðarmálin verði sett í forgang. „Við erum að setja 20 prósent aukningu í heilbrigðismál og 13 prósent í velferðarmál. Við erum að setja milli 20 og 25 milljarða í viðbót í samgöngumálin frá fyrri áætlun. Það er verið að styrkja menntakerfið og menninguna. Nú erum við að deila út peningunum, en svo ætlum við að fara í átak til að gæta þess að skilvirkni í kerfinu aukist, svo við fáum sem mest fyrir peningana.“

Að sögn Benedikts mun aukinn hagvöxtur og minni vaxtagreiðslur standa straum af auknum útgjöldum. Lögð verður áhersla á að draga úr þenslu í hagkerfinu.

„Þessi lækkun á virðisaukaskattinum er innlegg í stöðugleikann. Það minnkar þrýstinginn á kauphækkanir því menn ná þar vonandi kjarabót með því. Þetta mun auka kaupmáttinn um milli 0,4 og 0,5 prósent.“

saeunn@frettabladid.is

### Katrín Jakobsdóttir
*formaður Vinstri grænna.*



Stóru línurnar eru þær að við teljum að skorti fé til mjög mikilvægra málaflokka. Við teljum líka að sú tekjuöflun sem er boðuð, sem er í raun og veru bara hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, sé ekki skynsamlegasta leiðin til að styrkja tekjugrunn. Við hefðum frekar viljað sjá skattlagningu á fjármagnið í samfélaginu og þá hópa sem best standa. Að vísu fögnum við hækkun kolefnisgjaldsins. Þessi áætlun gefur ekki þau fyrirheit að verði staðið við kosningaloforð. Við teljum það kolranga forgangsröðun að skapa skilyrði fyrir skattalækkun.

### Logi Már Einarsson
*formaður Samfylkingarinnar.*



Það veldur okkur vonbrigðum að menn vilji ekki nota góðærið núna til að koma hér á félagslegum stöðugleika og meiri jöfnuði. Við höfum líka áhyggjur af því að útgjaldaregla fjármálastefnunnar sem þessi áætlun byggir á gerir ráð fyrir því að svigrúm myndist við það að efnahagskerfið bólgni út, en ef fer að þyngjast fyrir fæti þá eru menn bundnir í báða skó og eru komnir í spennitreyju og hafa engin önnur vopn en taka upp hnífinn og skera niður. Við vitum á hverjum það bitnar.

### Björn Leví Gunnarsson
*þingmaður Pírata.*



Miðað við þær umsagnir sem við fengum þá er mjög óvarlegt að vera að fara í skattalækkanir í hátindi hagsveiflu sem þrýstir undir þenslu og getur orðið mjög alvarlegt ef þetta getur stækkað þessa bólu sem við erum í. Við sáum í línuriti mismuninn varðandi þróun kaupmáttar og þróun húsnæðisverðs að hann er orðinn meiri núna en í kringum 2008. Þótt hún sé ekki eins skuldsett og hún var þá er munurinn uggvænlegur. Varðandi velferðarmálin er ég ekki búinn að sjá tölugrunninn. En það verður áhugavert að sjá hvaðan allur peningurinn kemur.

### Sigurður Ingi Jóhannsson
*formaður Framsóknarflokksins.*



Fjármálaáætlunin einkennist af þessari frábærlega góðu stöðu sem búið er í. Það sem við höfum verið að tala um, við Framsóknarmenn, er að við höfum áhyggjur af því að menn séu um of að einblína á hraða lækkun skulda á sama tíma og mér sýnist að aukningin, hvort sem er í heilbrigðismálum og sérstaklega samgöngumálum, verði mun hægari og minni en menn höfðu vænst. Það að skapa svigrúm til skattalækkana er sá þáttur í þessu sem mér finnst vera mjög sérkennilegur.






Costco Wholesale  er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Sækið um aðild og fáið gjafabréf
í Costco og njótið sértilboða!*

## Skráning aðildarumsókna er hafin
### á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið.
Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta.
Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.






# Hvítþvottur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um þátt þýska bankans Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans er skýr og afdráttarlaus. Ólafur Ólafsson fjárfestir átti stærstan hlut að máli. Hauck & Aufhäuser var aldrei kaupandi að Búnaðarbankanum, heldur kom hann einungis að borðinu til að raunverulegir kaupendur virtust uppfylla skilyrði einkavæðingarnefndar um hlut erlendra fjárfesta.

Fyrir liggur, samkvæmt skýrslunni, að Ólafur Ólafsson, með dyggu liðsinni þekkts Kaupþingsfólks, hafi spunnið fléttu og hagnast á henni. Þegar rýnt er í viðskiptasögu Ólafs verður ekki hjá því komist að draga þá ályktun að þetta hafi hvorki verið í fyrsta né síðasta sinn sem hann beitti viðlíka meðulum.

Sá grundvallarmunur var hins vegar á í þetta sinn að verið var að kaupa þjóðfélagslega mikilvæga eign af ríkinu. Ferlinu hafði verið markaður sá rammi að mikilvægt væri að tryggja aðkomu erlendra fjárfesta. Með fléttu Ólafs var farið á svig við þá forsendu. Afleiðingarnar af þessu misheppnaða einkavæðingarferli þekkja allir.

En stöldrum aðeins við þátt annarra en Ólafs og félaga.

Stjórnmálamenn sem voru í valdastöðum á þessum tíma hafa keppst við að lýsa forundran og hneykslan á blekkingum Ólafs. „Maður trúði því lengi vel að þetta hefðu verið eðlileg viðskipti. Maður hafði engar aðrar upplýsingar," sagði Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra. Aðrir, líkt og Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Davíð Oddsson forsætisráðherra hafa tekið í sama streng.

Er þetta boðlegur hvítþvottur af hálfu stjórnmálamannanna sem ábyrgð báru á ferlinu? Var aldrei staldrað við þá staðreynd að Hauck & Aufhäuser var óþekktur smábanki? Datt engum í hug að sækja bankann heim? Svo virðist ekki vera þrátt fyrir augljós hættumerki. Í stað þess að vinna heimavinnuna átu þeir upp hver eftir öðrum að með Hauck & Aufhäuser fengist dýrmæt alþjóðleg reynsla af bankaviðskiptum.

Ekki dugar heldur að skýla sér bak við ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, HSBC bankann og þær áreiðanleikakannanir sem hann átti að standa skil á. Áreiðanleikakannanir eru þess eðlis að sá sem þeirra óskar ákveður hvers skal spurt og hversu djúpt skuli kafað í viðfangsefnið.

Í dómsmálum sem hér hafa orðið eftir hrun hefur verið mörkuð sú lína að stjórnarmönnum og öðrum í ábyrgðarstörfum í einkageiranum leyfist ekki að yppta öxlum og segjast ekki þekkja málavöxtu í stórum málum. Eðlilega, það eitt að taka sæti í stjórn hefur ákveðnar afleiðingar og til stjórnarmanna má gera ákveðnar kröfur. Sambærilegt fyrirkomulag tíðkast erlendis.

Stjórnmálamenn gera minni kröfur til sjálfra sín og telja boðlegan málflutning að skila auðu í örlagaríkum málum. Þeir hafi ekki vitað hvernig í pottinn var búið, og hafi verið blekktir alveg eins og við hin.

Auðvitað er það ekki boðleg afsökun. Þeim bar að sjá til þess að umgjörð einkavæðingarinnar stæðist skoðun. Afleiðingar einkavæðingarinnar og áfellisdómur yfir ríkisstjórninni sem sat, og skrifast í bestu falli á afskiptaleysi og fúsk.

**Stjórnmálamenn gera minni kröfur til sjálfra sín og telja boðlegan málflutning að skila auðu í örlagaríkum málum.**

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17
KVIKA

Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Skilaðu dólgnum

Stundum koma upp mál sem heltaka umræðuna í nokkra daga en deyja svo hægt og rólega út. Stóra rassaklípingarmálið er það nýjasta. Það verður búið í næstu viku (ef það er ekki þegar búið) og við finnum eitthvað annað til að hneykslast á.

Ég er alls ekki að gera lítið úr þessu máli. Það á ekki að klípa ókunnugt fólk í rassinn eða áreita á annan hátt. Það er ekki í lagi að haga sér eins og fáviti og ég er ánægður með þá þróun að fólk láti heyra í sér þegar það lendir í svona aðstæðum. En mitt í allri þessari umræðu fannst mér samt sem áður að við værum að missa af góðu tækifæri til að hrista af okkur meðvirkni með annarri hegðun.

Það er nefnilega eitt sem á svo oft við, þegar einhver káfar, klípur, lemur eða sýnir af sér annan fávitaskap: Dólgurinn er drauga-fullur.

### Að búa til vesen

Hver þekkir ekki manninn sem á ekki að drekka? Ég er ekki að tala um þann sem misreiknar sig einu sinni á tíu ára fresti og fær sér of mikið. Það getur komið fyrir alla. Vandamálið er sá sem kemur sér alltaf í þá stöðu að gera sig að fífli og láta öllum líða illa. Hvert einasta skipti með honum er vesen. En í stað þess að setjast niður með honum á mánudegi og segja honum að þetta sé bara orðið gott af þessu rugli, þá glottum við út í annað og tölum um að þetta hafi nú ekki verið sérlega góð helgi hjá okkar manni. Ég hef séð fólk horfa fram hjá hegðun sem ætti aldrei að vera í lagi. Yppa öxlum og muldra eitthvað um að viðkomandi hafi kannski fengið sér fullmikið. Það sé ekkert við því að gera. Viðkomandi sé bara eins og veðrið, stundum sól og stundum rigning.

Og trúið mér: Ég er ekki saklaus. Ég hef staðið aðgerðarlaus hjá þegar vinir mínir og kunningjar hafa farið langt yfir allt sem maður gæti kallað eðlilega hegðun. Ég hef verið með fólki sem hefur talið það afbragðshugmynd að reyna að fara í kraftsleik við alla í kringum sig (kyn aukaatriði), sagt sömu söguna hundrað sinnum, talið nauðsynlegt að hoppa niður á trampólín af svölum, pissað í blómapotta, klifrað uppí tré eða svarað öllu heilt kvöld sem Borat.

**Kvöld, sem þeim tekst að láta algjörlega snúast um sig, brjóta og eyðileggja, einoka samræður, áreita fólk og trufla, er í þeirra augum bara býsna skemmtilegt og vel heppnað.**

Það getur líka verið ákveðið vandamál að dólgarnir upplifa sig og hegðun sína ekki eins og fólkið í kringum þá. Kvöld, sem þeim tekst að láta algjörlega snúast um sig, brjóta og eyðileggja, einoka samræður, áreita fólk og trufla, er í þeirra augum bara býsna skemmtilegt og vel heppnað. Þeim fannst gaman og á einhvern hátt draga þeir þá ályktun að fyrst að það var gaman hjá þeim, þá hafi verið gaman hjá öllum.

Það er ekki þannig og kannski er kominn tími til að við reynum að gera þeim grein fyrir því. Það er alls óvíst að dólgurinn muni fatta það af sjálfsdáðum úr þessu. Það er örugglega til eitthvert fagfólk sem getur veitt viðeigandi leiðbeiningar um það hvernig best sé að eiga þetta samtal við dólginn, eða ef þetta er klassískur árshátíðardólgur má kannski vísa málinu til starfsmannastjórans.

### Einföld regla

En hvað sem öðru líður, það ætti að vera til einhver regla sem segir að það þurfi enginn að láta eyðileggja fyrir sér kvöld, bara til að einhver annar geti komið sér upp stórkostlegum móral eða það sem síðra er, að hann komi sér ekki upp móral, vegna þess að hann eyddi kvöldinu í ákaflega eftirminnilegu blakkáti.

Ég skal svo sem bara taka að mér að orða þessa reglu: Réttur eins til að losna við leiðindi trompar frelsi annars til að verða mölvaður.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Nýjar sendingar af gjafavöru og húsgögnum!

## Höfum lækkað verð á nýjum sendingum!






**Camerich Alison tungusófi í áklæði**
295xx165 cm, verð kr. 462.000,-



**Púði PB home,** kr. 9.700,-



**Teppi Elvang,** kr. 15.900,-



**PB home sófaborð 90x45 cm,**
verð frá kr. 68.000,-



**PB home sófaborð 70x70x45 cm,**
verð kr. 49.000,-



**Camerich Crescent áklæðissófi,** verð frá kr. 324.000,-
sófasett 3+1+1 662.000,-



**PB home skápur 218x105x45 cm,**
verð kr.198.000,-



**Blómavasi LSA,** kr. 3.900,-



**PB home gangaborð 125x90x40 cm,**
verð kr. 72.000,-



**PB home lampi**
verð kr. 38.900,-



**HK living motta,**
120x180 cm kr. 29.400,-, 180x280 cm kr. 69.600,-



**PB home skápur 220x82x39 cm**
verð kr. 168.000,-

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

DISCOVERY

# NÝR OG GLÆSILEGUR FRUMSÝNDUR Í DAG F




Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Discovery er nú í fyrsta sinn með yfirbyggingu úr áli sem gerir hann 490 kg léttari. Hæfni við erfiðar aðstæður hefur verið aukin með endurbættu Terrain Response drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð sem er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

Hátt og lágt drif er staðalbúnaður í SDV4 og TDV6 gerðunum. Auk ríkulegs staðalbúnaðar er hægt að fá sæti fyrir 7 manns. Innréttingin í nýjum Discovery er endurhönnuð frá grunni og í algerum sérflokki hvað varðar útlit og áferð. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

www.landrover.is

VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# DISCOVERY
# RÁ 12–16

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND



**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Að virða niðurstöður rammaáætlunar



**Björt Ólafsdóttir**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Dýrmætustu eigur okkar Íslendinga eru náttúruauðlindirnar sem landið og hafið láta okkur svo ríkulega í té. Til þess að geta nýtt þær á sjálfbæran hátt, með umhverfis- og náttúruvernd í forgrunni, þurfum við að hafa sem ítarlegasta þekkingu á umfangi þeirra, ástandi og verndargildi. Stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar á nytjafiskistofnum sem mynda grunn að fiskveiðistjórnunarkerfi okkar er dæmi um stjórnun á nýtingu náttúruauðlinda sem byggir á hlutlausu og faglegu mati sérfræðinga. Rammaáætlun er dæmi um annað slíkt kerfi.

### Upphaf rammaáætlunar

Fram til ársins 1999 var nýting orkuauðlinda landsins með þeim hætti að orkufyrirtækin völdu hvaða svæði þau töldu hagkvæmast að virkja og fóru í framkvæmdir samkvæmt því. Lög um náttúruvernd, sem voru samþykkt árið 1971, settu orkufyrirtækjunum reyndar ramma um að þau þyrftu að vera í skipulegu samstarfi með þáverandi Náttúruverndarráði varðandi fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir. Krafa um heildarsýn yfir vernd og nýtingu orkuauðlindanna varð hins vegar æ háværari og árið 1997 ákváðu stjórnvöld að ráðast í gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Áætlunin var hugsuð sem langtíma verkfæri og átti sérstaklega að fjalla um verndargildi einstakra vatnasvæða. Fyrsti áfangi verkefnisins stóð frá 1999-2003 og annar áfangi frá 2004-2011. Þriðja áfanga rammaáætlunar er nýlokið.

### Hvernig virkar rammaáætlun?

Gerð rammaáætlunar er stýrt af verkefnisstjórn, skipaðri af stjórnvöldum. Samkvæmt lögum um rammaáætlun ber verkefnisstjórn að viðhafa tvö samráðsferli vegna vinnu við tillögur sínar að flokkun virkjunarkosta. Þannig gefst öllum, sem það vilja, kostur á að koma sínum áherslum að sem tryggir að matsferlið byggist á víðtæku samráði. Faghópar fjalla síðan sérstaklega um afmarkaða þætti matsferlisins og nota staðlaðar aðferðir til að meta fyrirliggjandi virkjunarkosti á sambærilegan hátt. Tillögur verkefnisstjórnar hverju sinni, að endanlegri flokkun fyrirliggjandi virkjanahugmynda í verndun, nýtingu eða bið, byggja því á mjög umfangsmikilli og samhæfðri greiningarvinnu.

Í vikunni ritaði Magnús Guðmundsson ritstjórnargrein í Fréttablaðið og hvatti mig til að útskýra hví ég legg fram tillögu til Alþingis þar sem Skrokkalda er flokkuð í nýtingarflokk. Það er mér ljúft og skylt að gera.

Lögum samkvæmt ber mér, sem umhverfis- og auðlindaráðherra, að leggja fram þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landssvæða, byggða á niðurstöðum verkefnisstjórnar. Samkvæmt lögum hef ég val um að leggja tillögur verkefnisstjórnar fram óbreyttar eða breyta þeirri flokkun virkjunarkosta sem verkefnisstjórnin leggur til áður en ég legg útkomuna fyrir Alþingi.

### Breyta á hvaða forsendum?

Verandi stjórnmálamaður væru mér kannski hæg heimatökin að setja sjálfa mig og mínar skoðanir ofar öllum öðrum. Ofar málamiðluninni milli mismunandi sjónarmiða sem tillögur verkefnastjórnar hafa leitt fram. Það væri hins vegar röng nálgun. Það myndi eyðileggja rammaáætlun sem verkfæri til að sætta sjónarmið og til að vernda náttúruna.

**Þó að svæði séu komin í nýtingarflokk þýðir það ekki að rjúka eigi til og nota orkuna sem þar er í boði. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna vill ekki nýta orku í frekari stóriðjuuppbyggingu. Svo ef við horfum fram hjá henni þá liggur ekkert á að virkja meira. Það liggur hins vegar á að vernda meira.**

Við getum verið ósammála tillögu verkefnisstjórnar um flokkun fyrirliggjandi virkjunarkosta. Ég minni hins vegar á að þetta er fagleg nálgun – svo ef ég tæki mér það vald að handstýra útkomunni er grunnur hlutleysis og fagmennsku brostinn.

Ég, eins og eflaust margir aðrir, er ekki fullkomlega sátt við þær tillögur sem verkefnisstjórnin lagði fram, og ég tek undir áhyggjur umhverfisverndarsamtaka af hugmynd um virkjun við Skrokköldu. Ég kaus engu að síður að virða þetta ferli og treysta því til fullnustu.

Við megum heldur ekki gleyma að niðurstöður rammaáætlunar eru aðeins frummat fyrirliggjandi virkjunarkosta. Það er því ekki víst að öll þau svæði sem nú þegar eru flokkuð í nýtingu komist í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar eru þau svæði sem hafa verið samþykkt í vernd tekin til friðlýsingar gagnvart orkuvinnslu. Ég ætla því að setja aukinn kraft í friðlýsingar á næstunni. Tillögur fyrirliggjandi rammaáætlunar munu ekki hafa áhrif á áform mín og ríkisstjórnarinnar um gerð heildstæðrar verndaráætlunar fyrir miðhálendið. Ég hef talað fyrir því



að miðhálendisþjóðgarður verði að veruleika og mun leggja mitt lóð á vogarskálarnar til að svo verði.

### Forsendur sjálfbærrar auðlindanýtingar

Þau sem halda um stjórntaumana hverju sinni verða að tileinka sér fagleg vinnubrögð þegar kemur að stórum stefnumarkandi ákvörðunum sem hafa áhrif langt inn í framtíðina. Við viljum að ákvarðanirnar byggist á bestu fáanlegri faglegri þekkingu og eigum því að marka undirbúningsferli ákvarðanatöku skýran ramma til að tryggja hlutleysi útkomunnar.

Það tók okkur marga áratugi að byggja upp fiskveiðistjórnunarkerfi sem segir til um hversu mikið megi veiða af hverri nytjafisktegund á tilteknu tímabili. Það tók okkur reyndar líka mörg ár að ná sátt um að miða aflamarkið við þær magntölur sem fagaðilar Hafrannsóknastofnunar mæltu með. Við sáum samt á endanum að til lengri tíma litið væri farsælla að hlusta og fylgja ráðum byggðum á hlutlausu og fræðilegu mati á stofnstærðum – og veiðar og viðkoma nytjastofna okkar virðast í dag vera í ágætu jafnvægi.

Það sama gildir um rammaáætlun og niðurstöður hennar. Við eigum að virða ferlið og niðurstöður þess. Ef það er ekki gert er mikil hætta á því að allt fari aftur undir. Það væri ekki í þágu verndar víðerna eða náttúru- og menningarminja Íslands.

Að mínu mati eigum við hins vegar að hinkra við og spyrja okkur í hvað við eigum að nota orku sem enn hefur ekki verið virkjuð. Þó að svæði séu komin í nýtingarflokk þýðir það ekki að rjúka eigi til og nota orkuna sem þar er í boði. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna vill ekki nýta orku í frekari stóriðjuuppbyggingu. Svo ef við horfum fram hjá henni þá liggur ekkert á að virkja meira. Það liggur hins vegar á að vernda meira.

Í fyrirliggjandi tillögu er lagt til að vernda fjölmörg ný svæði, til að mynda þrjú afskaplega falleg og umfangsmikil vatnasvið sem ná langt inn á hálendi bæði á sunnan- og norðanverðu landinu. Þau eru Héraðsvötn, Skjálfandafljót og Skaftá. Vernd þessara vatnasviða mun hafa gríðarlegt vægi fyrir áframhaldandi vinnu við vernd miðhálendisins, eins og bent hefur verið á af íslenskum umhverfisverndarsamtökum. Það er mín von að Alþingi samþykki rammaáætlun óbreytta og styðji þannig við þá góðu vinnu sem unnin hefur verið af þeim sem að verkefninu koma.

# Það er kyrrlátt kvöld við fjörðinn



**Bubbi Morthens**
tónlistarmaður

Fyrirtæki sem hefur grætt tugi milljarða ákveður vegna græðgi sem er kallað hagræðing á Excel-skjali að hætta starfsemi í litlu bæjarsamfélagi, það er ekki að græða nóg og ástæðan er að krónan er vond við þau þessa stundina. Þegar krónan liggur sveitt og veik undir þunga gróðans þá hvísla þeir í græðgisbríma: Ó, ég elska þig svo heitt. En um leið og krónan er komin á fætur styrkum fótum og vill ekki þýðast þá, þá kalla þeir til blaðamannafundar og ofbeldið er opinberað í örfáum orðum: Við munum hætta allri starfsemi hér og konurnar verða látnar fara. En á meðan sitja máfurinn og múkkinn sveittir við að reikna út arðinn á þessu ári. Enn og aftur detta nokkrir milljarðar í vasana.

**Allt fólkið sem hefur unnið af trúmennsku og látið yfir sig ganga langa stranga daga, ljósa sem dökka, það er skotið niður líkt og tívolíendur, bara vegna þess að milljarðamæringarnir eru ekki að græða nóg.**

Samfélagsleg ábyrgð hlýtur að vera nýyrði í eyrum þeirra sem stjórna, því að ekki virðist það orð hringja bjöllum. Allt fólkið sem hefur unnið af trúmennsku og látið yfir sig ganga langa stranga daga, ljósa sem dökka, það er skotið niður líkt og tívolíendur, bara vegna þess að milljarðamæringarnir eru ekki að græða nóg. Bæjarsamfélagið ákveður af veikum mætti að reyna að þóknast herranum og leitar leiða til að gleðja hann. Þau stóðu tvö föl í svölum sjávarvindi, kona og nýi bæjarstjórinn, og stundu: Við erum í sjokki.

Þetta er gömul saga. Hún gerðist líka í gær og mun gerast aftur á morgun. Örfá fyrirtæki gína yfir gapandi fiskum í sjónum og á þurru landi og skrapa völlinn með Excel-skjölunum sínum. Við viljum græða, þið hjálpið okkur til þess, syngja þeir á árshátíðinni þar sem þangskógurinn bylgjast til og frá og fiskar á þurru landi fá eina kvöldstund að deila sama rými og gróðaguðirnir. Eitt augnablik gleyma þau að þau eru fiskar fastir í netmöskvum manna sem hafa eitt áhugamál. Gróði, ó, þú sæti gróði, ó, þú dásamlegi gróði, umla þeir á milli máltíða.

Svo vakna þeir upp hrópandi nei! Og konan spyr: Fékkstu martröð, elskan?

Og það er stunið upp: Já.

Hvað var það, ljúfurinn?

Mig dreymdi samfélagslega ábyrgð.

# Ríkidæmi eða fátækt?



**Halldór Gunnarsson**
varaformaður Flokks fólksins

Formaður Sjálfstæðisflokksins sagði rétt fyrir kosningar þann 19.10. 2016 í myndbandsupptöku Sjálfstæðisflokksins: „Ég er mjög hreykinn af þeim árangri sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð á þessu kjörtímabili. Það sem ég er þó einna stoltastur af, eru mestu kjarabætur fyrir aldraða í áratugi. Við höfum tryggt öldruðum og öryrkjum 300 þúsund króna lágmarksframfærslu, og með frítekjumarkið, óháð því hvaðan tekjurnar koma, það verður kerfið réttlátara, betra í alla staði og skiljanlegra. Við höfum náð mjög miklum árangri, við viljum gera enn betur fyrir alla fyrir alla Íslendinga. Það verða nefnilega allir að vera með.“

Þessi lágmarksframfærsla finnst hvergi og frítekjumarkið sem áður var 109 þúsund kr. á mánuði var lækkað af sömu ríkisstjórn eftir kosningar, fyrst í lagafrumvarpi í 0 kr. og síðan hækkað í 25 þúsund kr. á mánuði frá og með 1. janúar sl.!

Halldór Benjamín, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í Víglínunni á Stöð 2 þann 18. mars sl., að kaupmáttaraukning á Íslandi síðustu ár hefði verið 20%, og orðrétt sagði hann: „Ef við skoðum bara opinberar tölur frá OECD, frá World Economic Forum ... þá liggur fyrir að Ísland er ekki bara í flokki með Norðurlöndunum þegar kemur að lífsgæðum fólks, heldur erum við í toppnum, við erum kannski annað eða þriðja innan Norðurlandanna.“ Forystumenn ríkisstjórnar og Samtaka atvinnulífsins vísa til erlendra aðila um hversu gott ástand sé á Íslandi, hvergi meiri hagvöxtur o.s.frv. Í þessari viðmiðun er öryrkjum sleppt úr samanburðinum, en tekjur annarra stétta miðaðar við landsmeðaltal, þannig að þessi niðurstaða segir okkur frá hinum mikla mismun á milli ríkra og fátækra hér á landi!

### Fyrir hönd þeirra fátæku

Í janúar 2016 kom út ný skýrsla frá Unicef á Íslandi þar sem fram kom að um 9,1% barna líði efnislegan skort í landinu. Þessi tala hefur nú hækkað um 2%. Fjöldinn er líklega um 10 þúsund börn í fátækt og um 2.000 börn í sárri fátækt.

Nýlega hefur einnig komið fram hvernig öryrkjar eru meðhöndlaðir í nakinni fátækt og enn meiri en áður, með nýrri löggjöf almannatrygginga, sem skerðir bætur á móti öllum hækkunum, þannig að þeir standa mun verr en áður. Jafnframt er þeim hótað að sett verði lög um að þeir sæti starfsmati og fái greidda örorku eftir því, án tryggingar um vinnu eða atvinnuleysisbætur fái þeir ekki vinnu við sitt hæfi til að takast á við skerðinguna. Gleymum því ekki að öryrkjar verða líka eldri borgarar og þá versnar hlutskipti þeirra enn frekar.

Í nýrri greiningu, sem unnin var árið 2016 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um hag aldraðra, kemur fram að af 1.800 manna úrtaki var svarhlutfall aðeins 59%. Af þeim sem svöruðu sögðust 17% hafa undir 200 þúsund krónum í ráðstöfunartekjur heimilis á mánuði. Hvað skyldu margir hafa sleppt því að

**Síðan 1969 hefur öllum verið skylt að greiða í lífeyrissjóð og var frá upphafi talað um að þeir ættu sínar innistæður, enda greiða þeir sjálfir til sjóðanna af launum sínum gegn mótframlagi atvinnurekanda. Þetta eru umsamin og lögbundin kjör allra launþega. Ríkið hefur hirt þetta af fólki smátt og smátt með lögum.**

svara í úrtakinu, sem búa við svipaðar aðstæður? Ef reiknað er út frá þessari niðurstöðu Félagsvísindastofnunar kemur fram að 9 til 12 þúsund eldri borgarar búa við fátækt hér á landi.

Ekki fá þessir eldri borgarar að njóta lífeyrissjóðsgreiðslna, sem þeir áttu að fá að njóta á efri árum, því ríkissjóður hirðir í raun þær lífeyrisgreiðslur, um 30 milljarða á ári, til sparnaðar fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Síðan 1969 hefur öllum verið skylt að greiða í lífeyrissjóð og var frá upphafi talað um að þeir ættu sínar innistæður, enda greiða þeir sjálfir til sjóðanna af launum sínum gegn mótframlagi atvinnurekanda. Þetta eru umsamin og lögbundin kjör allra launþega. Ríkið hefur hirt þetta af fólki smátt og smátt með lögum. Það er ekkert annað en þjófnaður, sem alþingismenn hljóta að hafa samvisku til að taka á. Flokkur fólksins hefur talað fyrir því, að látið verði reyna á lögmæti þessara aðgerða fyrir dómi.

Síminn

# Trúlega besta fermingargjöfin

Samsung S7 og Samsung S7 Edge.
Fullorðinssímar fyrir fermingarbörn.
Það sem Jósef hefði gefið Jesú.

**Samsung S7 Edge**
89.990 kr.

Stóri bróðir. Jafn klár og S7 bara stærri og stoltari.

+ **R1 Wireless 360° hátalari** að verðmæti **29.990 kr.** fylgir.

**Samsung S7**
74.990 kr.

Vatns- og höggvarinn með meiriháttar myndavél.

+ **R1 Wireless 360° hátalari** að verðmæti **29.990 kr.** fylgir.






**Kaupauki: R1 Wireless 360° Hátalari**

+ Að verðmæti **29.990 kr.** fylgir með S7, S7 Edge og Galaxy S6.

**Samsung Galaxy S6**
54.990 kr.

+ **R1 Wireless 360° hátalari** að verðmæti **29.990 kr.** fylgir.

**Bose QC 35**
39.990 kr.

Verð áður: 49.990 kr.

Tilboð gildir til 7. apríl 2016.

**Bose SoundLink Mini**
21.990 kr.

Verð áður: 29.990 kr.

Tilboð gildir til 7. apríl 2016.

Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar.

Úrval fermingagjafa á **siminn.is/ferming**

## Frábær frammistaða á gamla heimavellinum




**Stálu heimavallarréttinum strax í fyrsta leik** Dagur Kár Jónsson og félagar í Grindavík sóttu sigur í Garðabæinn í gær í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum úrslitakeppni Domino´s deildar karla í körfubolta. Grindavík nægir því sigur í heimaleikjunum sínum til þess að tryggja sér sæti í lokaúrslitunum. Dagur Kár Jónsson, sem hér keyrir á körfuna, var frábær í gærkvöldi og skoraði 26 stig á móti uppeldisfélaginu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Domino's-deild karla**
***Undanúrslit leikur 1***

**Stjarnan - Grindavík 78-96**

**Stigahæstur:** Anthony Odunsi 14/10 frák., Tómas Heiðar Tómasson 13, Justin Shouse 13, Tómas Þórður Hilmarsson 11, Hlynur Elías Bæringsson 10/14 frák. - Lewis Clinch Jr. 29/6 frák./6 stoðs., Dagur Kár Jónsson 26, Þorleifur Ólafsson 16, Ólafur Ólafsson 11/11 frák. Staðan er **1-0** fyrir Stjörnunni. **Næsti leikur** er í Grindavík á þriðjudaginn.

BLIKAR UPP Í DOMINO'S Í GÆR



Blikarkonur tryggðu sér sæti í Domino's-deild kvenna í körfubolta í gær eftir 14 stiga sigur á Þór í oddaleik á Akureyri, 56-42. Blikinn Isabella Ósk Sigurðardóttir var með 21 stig, 18 fráköst og 4 varin skot í gær. Hildur Sigurðardóttir kom Breiðabliki upp í efstu deild á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari.

## Um helgina

**Stöð 2 Sport:**

**L 11.20 Liverpool - Everton** Sport 2
**L 13.00 MD: Gæðingaskeið** Sport
**L 13.25 Bayern - Augsburg** Sport 3
**L 13.50 Man. Utd - WBA.** Sport 2
**L 16.20 Stjarnan - Snæfell** Sport 3
**L 16.20 S'oton- Bournem.** Sport 2
**L 21.30 Formúla E - Mexíkó** Sport

**S 12.20 Swansea - M'brough** Sport
**S 14.10 Real Mad. - Alavés** Sport 2
**S 14.50 Arsenal - Man. City** Sport
**S 15.25 Leverk.-Wolfsburg** Sport 3
**S 18.40 Granada - Barcelona** Sport
**S 19.05 Skallagrím.- Keflav.** Sport 3
**S 19.30 NBA: Spurs-Jazz** Sport 2

# Allt að 3ja ára fangelsi að þiggja mútur

**Hagræðing úrslita verður alltaf stærra og stærra vandamál í íþróttaheiminum og þá sérstaklega fótbolta. Er Ísland enn þá bara lítið saklaust land? Krikket er í næstmesta vandamálunum á eftir fótboltanum. Liggur fyrir að þyngja refsingu fyrir mútur í fimm ár.**

**FÓTBOLTI** „Málið snýst alltaf um gróða og peninga. Fótbolti er stór íþróttagrein en okkur finnst að glæpir eigi ekki að borga sig.“

Þetta sagði Sveinn Helgason, sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu, á málstofu HR og ÍSÍ í gær sem bar yfirskriftina Veðjað á rangan hest. Þar var rætt um hagræðingu úrslita í íþróttum, þá sérstaklega fótbolta, en erindi Sveins, sem er formaður stýrihóps innan ráðuneytisins sem berst gegn spillingu, fjallaði um skipulagða glæpastarfsemi tengda hagræðingu úrslita.

Fram kom í erindi Sveins að þeir sem stunda hagræðingu úrslita vilja græða sem mest fyrir sem minnsta áhættu. Vitað er að ef glæpamenn sjá fyrir sér mikinn hagnað þar sem áhættan er lítil leita þeir þangað. Því færist sífellt í vöxt að úrslitum sé hagrætt og hættan sem steðjar að fótboltanum verður æ meiri.

Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, sagði fyrir nokkrum árum að árlegur gróði af hagræðingu úrslita væri um fimmtán milljarðar dollara en aðrir sérfræðingar hafa sagt ómögulegt að taka þetta saman, allt eins sé hægt að reka fingurinn út í loftið.

### Ekki lengur saklausir?

Nokkur dæmi um hagræðingu úrslita hafa komið upp á Íslandi á undanförnum árum. Sum hafa verið stöðvuð í fæðingu en aðrir eru grunaðir um hafa gengið lengra.

Í bók rannsóknarblaðamannsins Declan Hill sem heitir The Fix kemur Ísland við sögu. Bókin kom út fyrir þremur árum og seldist eins og heitar lummur út um allan heim en hún hefur verið þýdd á 21 tungumál.

Sveinn kom í erindi sínu inn á kafla í bókinni þar sem Hill situr með Malasíumanni sem vann fyrir glæpasamtök sem sérfræðingur um íslenska fótboltann. Hann sat með honum og fékk allar nýjustu fréttirnar af Fram, Skaganum og öðrum íslenskum liðum.

Veðjað er fyrir hundruð milljóna á íslenskan fótbolta á sumrin en tvær helstu ástæður þess eru að íslenski boltinn er í gangi þegar ekkert annað er í gangi og vegna þess að hann telst hreinn.

„Þegar allt kemur til alls eru þetta Skandinavíumenn. Víkingar. Mjög heiðarlegir og ljóshærðir. Enginn að svindla,“ sagði Malasíumaðurinn.

„Hvort þetta á við enn í dag vitum við ekki. Þetta var fyrir nokkrum árum og núna hefur ýmislegt breyst,“ sagði Sveinn í Háskólanum í Reykjavík í gær.

### Hagræðing í nýju ógnarmati

Hagræðing úrslita er fyrir löngu orðin svo mikið vandamál að fjallað var ítarlega um það í nýju ógnarmati Evrópulögreglunnar, Europol. Í því segir að hagræðing í íþróttum innan ESB sé mest í fótbolta en næstmest í krikket. Þetta er einnig mikið vandamál í tennis, snóker og pílukasti.

Peningaþvætti tengist þessu vandamáli líka mikið en árið 2016 tókst rússneskum glæpasamtökum að þvætta milljónir evra í nokkrum Evrópuríkjum í gegnum fótboltafélög. Þau ná að nota skort á gagnsæi og eftirliti til að koma illa fengnum gróða inn í hagkerfið.

„Svindlararnir vinna og við töpum. Um það snýst þetta. Þetta er ekki flókið,“ sagði Sveinn.

### Þungir dómar fyrir mútur

Sveinn sagði í gær að ekki væri vitað hvort skipulögð glæpasamtök hafi komið að hagræðingu úrslita í íslenskum íþróttum en hann sagði: „Ísland er hluti af heimssamfélaginu.“ Málið er nefnilega svolítið þannig að menn verða að líta á alvöru málsins og sjá hvernig þessi vá stigmagnast. Þeir sem eiga að standa vörð um íslenskan fótbolta mega ekki sofa á verðinum.

> Þegar allt kemur til alls eru þetta Skandinavíumenn. Víkingar. Mjög heiðarlegir og ljóshærðir. Enginn að svindla.
>
> Ónefndur malasískur glæpamaður

Eins og allir vita er hagræðing úrslita ólögleg en Sveinn kom í erindi sínu í gær inn á nýjan vinkil í umræðunni er varðar það lögbrot að þiggja mútur. Það er ekki bara brot gagnvart viðkomandi íþrótt að þiggja greiðslu fyrir að hagræða úrslitum heldur lögbrot samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hægt er að dæma menn á Íslandi í allt að þriggja ára fangelsi fyrir að þiggja mútur en tillaga liggur fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um að þyngja þá refsingu í allt að fimm ár.

„Þeir dómarar eða leikmenn sem hafa rangt við eru spilltir ef þeir þiggja mútur. Þeir eru að bregðast liðsfélögum sínum og skaða ímynd íþróttarinnar. Spilling er drifkraftur og mikilvæg í öllum glæpageirum. Þetta snýst allt um gróða. Tilgangurinn helgar meðalið,“ sagði Sveinn Helgason í erindi sínu í Háskólanum í Reykjavík í gær. **tomas@365.is**

**MIKLAR HÆKKANIR**

Fasteignamarkaðurinn hefur verið í mikilli uppsveiflu síðustu misserin, þar sem minni eignir seljast á mjög háu verði. Einnig eru stærri eignir farnar að seljast vel og verð á sérbýlum hefur hækkað talsvert á síðustu 15 mánuðum.

**Hvers virði er þín eign? Hafið samband og fáið frítt söluverðmat.**



LIND FASTEIGNASALA

Kristján Þórir Hauksson, löggiltur fasteignasali
kristjan@fastlind.is · Sími 696 1122

# Starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs 2016

*Hrein eign sjóðsins í árslok var 472 milljarðar króna og hækkaði um 12 milljarða á milli ára. Mikil styrking íslensku krónunnar á árinu hafði neikvæð áhrif á afkomuna. Á árinu greiddu um 50.600 sjóðfélagar til Gildis og um 20.300 manns fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum.*

### Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 467.576 m.kr. í árslok 2016 og hækkaði á árinu um 11.655 m.kr. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2016 var 4.111 m.kr. og hækkaði um 98,3 m.kr. frá fyrra ári.

**Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:**

| | |
|---|---|
| **30,2%** | Ríkistryggð skuldabréf |
| **26,4%** | Erlend verðbréf |
| **20,7%** | Innlend hlutabréf |
| **10,3%** | Önnur skuldabréf |
| **6,8%** | Skuldabréf fyrirtækja |
| **4,0%** | Sjóðsfélagalán |
| **1,7%** | Innlán og aðrar eignir |



Mikil styrking íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum hafði neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins á árinu en hlutfall eigna í erlendri mynt nam 27,1% í árslok. Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 2,0% samanborið við 9,0% lækkun Úrvalsvísitala Nasdaq Iceland (OMXI8). Nafnávöxtun skuldabréfa og innlána var 5,9%.




| Efnahagsreikningur | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2016** | **2015** |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 221.474 | 219.954 |
| Skuldabréf | 241.430 | 227.955 |
| Bankainnstæður | 6.043 | 9.708 |
| Aðrar fjárfestingar | 57 | 76 |
| Kröfur | 2.647 | 2.262 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 367 | 370 |
| Skuldir | -331 | -391 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **471.687** | **459.934** |

| Breytingar á hreinni eign | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2016** | **2015** |
| Iðgjöld | 19.354 | 17.610 |
| Lífeyrir | -14.348 | -13.441 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 1.301 | 1.180 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 5.921 | 44.785 |
| Rekstrarkostnaður | -742 | -664 |
| Aðrar tekjur (gjöld) | 268 | -424 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 11.753 | 49.046 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 459.934 | 409.024 |
| Hækkun á hreinni eign v. breyttra reikningsskilaaðferða | | 1.864 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **471.687** | **459.934** |

| Kennitölur samtryggingardeildar | | |
|---|---|---|
| | **2016** | **2015** |
| Hrein nafnávöxtun | 1,2% | 10,6% |
| Hrein raunávöxtun | -0,9% | 8,4% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,7% | 6,5% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 0,1% | 1,1% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar (%) | -2,7% | 1,4% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 30.761 | 30.846 |
| Fjöldi launagreiðenda | 5.449 | 5.081 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 20.331 | 19.365 |

### Stjórn sjóðsins

Harpa Ólafsdóttir (formaður), Gylfi Gíslason (varaformaður), Áslaug Hulda Jónsdóttir, Elínbjörg Magnúsdóttir, Guðmundur Ragnarsson, Hjörtur Gíslason, Konráð Alfreðsson, Þórunn Liv Kvaran.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

### Ársfundur 2017

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl kl. 17.00 á Grand Hóteli Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

# Eykur skilning barna

**Hanna Styrmisdóttir** kynnir kvikmyndina Stelpan, mamman og djöflarnir á barnakvikmyndahátíð í Bíói Paradís. Myndin fjallar um sambúð mæðgnanna Ti og mömmu hennar, Siri, sem þjáist af geðklofa. Hanna hefði viljað sjá svona mynd sem barn og segir mikilvægt að vekja athygli á litlum stuðningi til barna foreldra með geðröskun.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hanna Styrmisdóttir mun kynna efni myndarinnar og leikstjórann fyrir sýningu og taka þátt í umræðum á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bíó Paradís í samstarfi við Geðhjálp frumsýnir í dag sænsku kvikmyndina Stelpan, mamman og djöflarnir (Flickan, Mamman och Demonerna). Frítt verður á myndina og allir velkomnir. Myndinni er leikstýrt af Suzanne Osten og er að hluta til byggð á eigin reynslu hennar af því að alast upp hjá móður með geðröskun. Fyrir sýninguna kynnir Hanna Styrmisdóttir, fyrrverandi listrænn stjórnandi Listahátíðar og aðstandandi, kvikmyndina og leikstjórann.

Hanna býr sjálf að þeirri lífsreynslu að alast upp með móður með geðsjúkdóm. Móðir hennar, Sigrún Finnbogadóttir heitin, veiktist aðeins 24 ára gömul. Það var skömmu eftir að Hanna fæddist.

„Suzanne hefur barist fyrir réttindum barna og efni myndarinnar stendur henni mjög nærri. Hún ólst upp hjá einstæðri móður með geðklofa. Hún var orðin þrettán ára gömul þegar hún hafði sjálf samband við barnaverndarnefnd vegna aðstæðnanna sem varð til þess að hún og móðir hennar fengu loks hjálp,“ segir Hanna frá.

> ÉG VAR SMÁTÍMA AÐ VINNA ÚR MYNDINNI. ÉG VEIT AÐ ÞETTA ERU RAUNVERULEGAR AÐSTÆÐUR ÞÓ AÐ ÞÆR SÉU SETTAR Í LEIKRÆNAN BÚNING.

Suzanne gaf út bók sem var að hluta til sjálfsævisöguleg. Úr þeirri bók var unnin leikgerð sem fór víða og fékk góð viðbrögð. „Kvikmyndin er byggð á leikgerðinni og vakti sterk viðbrögð í Svíþjóð. Susanne hugsaði myndina fyrir börn en í upphafi var myndin bönnuð börnum yngri en fimmtán ára. Hún barðist fyrir því að aldurstakmarkið væri lækkað og nú er myndin leyfð börnum eldri en ellefu ára.“

Hanna er sammála leikstjóranum um að það sé mikilvægt að börn hafi aðgang að góðu og vönduðu sjónvarps- og myndefni um málefnið. „Það er gott að vita af því að maður er ekki einn. Að fleiri hafa reynslu af því að vera í sömu sporum. Ég hefði viljað sjá svona mynd þegar ég var barn,“ segir Hanna.

Hanna segir sjónarhorni stelpunnar komið til skila með áhrifamiklum hætti. „Myndin er sjokkerandi og mjög myndræn. Það er ekki að ástæðulausu að í byrjun myndarinnar sitja aðalsöguhetjurnar í bíósal og segja áhorfendum að myndin endi vel. Áhorfendur fylgjast með lífi átta ára stúlku sem býr ein með móður sinni sem verður alvarlega geðveik. Hún verður veikari og veikari og það er ýmislegt gert til þess að miðla varnarleysi barnsins gagnvart yfirþyrmandi aðstæðum,“ segir Hanna sem segist hafa þurft svolítinn tíma til að vinna úr myndinni.

„Ég var smátíma að vinna úr myndinni. Ég veit að þetta eru raunverulegar aðstæður þó að þær séu settar í leikrænan búning. Ýmislegt er gert til þess að auka skilning manns á því hvað barnið er varnarlaust gagnvart aðstæðum. Það er allt of seint gripið inn í, það þekkjum við líka hér á landi,“ segir Hanna og segir boðskap myndarinnar ekki eingöngu eiga erindi við börn sem eiga geðsjúka foreldra.

„Myndin eykur líka skilning barna sem búa við aðrar og betri aðstæður. Og fullorðinna líka. Ég myndi alveg treysta mínu ellefu ára gamla barni til að horfa á þessa mynd. Fólk þarf líka að vera tilbúið að ræða við börn sín,“ segir hún og bendir á að í flestum tilfellum sé einhver í umhverfi barna sem glími við geðröskun af einhverju tagi. Eftir sýningu myndarinnar í dag verður efnt til stuttra umræðna með þátttöku Hönnu, Maggýjar Hrannar Hermannsdóttur, sérkennara og aðstandanda, og Möndu Jónsdóttur, hjúkrunarfræðings og deildarstjóra á sérhæfðri endurhæfingardeild á Kleppspítala. Í umræðunum gefst fólki færi á að ræða efni myndarinnar frekar með börnum sínum.

## Menningarhátíð barna og unglinga

Alþjóðleg Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík er haldin í Bíói Paradís í fjórða sinn þessa dagana og stendur til 9. apríl.
Hátíðin hefur fest sig í sessi sem árlegur menningarviðburður barna og unglinga og hefur brotið blað í kvikmyndamenningu barna og unglinga. Verndari hátíðarinnar er Vigdís Finnbogadóttir.
Hlutverk barnakvikmyndahátíðarinnar er að bjóða börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra aðgang að áhugaverðum og vönduðum barna- og unglingakvikmyndum víðs vegar að úr heiminum sem annars eru ekki teknar til sýninga á Íslandi



Myndræn frásögn. Ofsjónir móðurinnar eru færðar í leikrænan búning.

HVERNIG KEMUR ÞÚ UNDAN SÓLINNI!
AF HVERJU AÐ SÆTTA SIG VIÐ SÓLARSKEMMDIR OG ÓTÍMABÆRAR LITABREYTINGAR
VIÐ GETUM LAGAÐ ÁSTAND HÚÐARINNAR




PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com






Þórsmörk parka
Verð nú: 39.500 kr.
Verð áður: ~~79.000 kr.~~



Langjökull PrimaLoft dömukápa
Verð nú: 31.500 kr.
Verð áður: ~~45.000 kr.~~



Hofsjökull PrimaDown jakki
Verð nú: 31.600 kr.
Verð áður: ~~79.000 kr.~~



Arnarhóll jakki
Verð nú: 24.000 kr.
Verð áður: ~~48.000 kr.~~



Reykjavík frakki
Verð nú: 22.500 kr.
Verð áður: ~~45.000 kr.~~



Magni kuldagalli
Verð nú: 17.500 kr.
Verð áður: ~~25.000 kr.~~



Reykjavík dömukápa
Verð nú: 21.500 kr.
Verð áður: ~~43.000 kr.~~



Kría ungbarnagalli
Verð nú: 5.250 kr.
Verð áður: ~~7.500 kr.~~

**Verslun Faxafeni 12, Reykjavík**
Lau. 10:00 – 21:00. Sun. 12:00 – 21:00. Mán.-þri. 8:00 – 21:00.

**Verslun Skipagötu 9, Akureyri**
Lau. 11:00 – 18:00. Sun. 12:00 – 16:00. Mán.-þri. 9:00 – 18:00.

Útsöluverð á einungis við um ákveðnar vörur og liti. Verð getur lækkað á meðan á útsölu stendur.



skovby

## MICHIGAN

Michigan borðstofu-borðin eru 101 x 205 cm og hæð 74 cm. Þau eru stækkanleg í 358 cm. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir þannig að borðið verði allt að 511 cm.

**30% AFSLÁTTUR**

## MICHIGAN

Michigan borðstofuborð olíuborin spónlögð hnota.

**244.993 kr.** ~~349.990 kr.~~



**30% AFSLÁTTUR**

## ASTRO

Slitsterkt áklæði. Litir: Rautt eða kakí.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



**20% AFSLÁTTUR**

## TWIST

2,5 sæta sófi. Ljósblár, dökkgrár eða appelsínugulur. Viðarfætur. Stærð: 159 x 92 x 95 cm

**87.990 kr.** ~~109.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

## DEVON

Tveggja sæta svefnsófi. Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 151 x 86 x 82 cm

**99.990 kr.** ~~139.990 kr.~~

# FALLEGAR OG SKEMMTILEGAR VÖRUR TIL FERMINGAGJAFA

## LAMPAR

Borðlampar frá Broste. Svartir, silfur-gráir eða gull





TILBOSVERÐ

**13.990 kr.**

~~17.990 kr.~~

## SÆNGURVER

Falleg sængurvera-sett frá Södahl. Mikið úrval.



TILBOSVERÐ

**12.990 kr.**

~~15.990 kr.~~



## GEORGE

Hinn ítalski George er bluetooth hátalari og ilmgjafi. Góð hljómgæði og skemmtileg gjöf. Fáanlegur svartur charcoal grár og rosegold. Mikið úrval af ilmum. **SNIÐUG FERMINGARGJÖF.**

**Verð frá 23.990 kr.**



## SPEGLAR

Skemmtilegir speglar frá Broste. Hæð 48 cm.

TILBOSVERÐ

**5.990 KR.**

~~6.990 kr.~~



## FÍLAR

Skrautlegir fílar frá Elephant Parade. Margar stærðir.

TILBOSVERÐ FRÁ

**5.112 kr.**

~~Verð frá 6.390 kr.~~





## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**189.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

# PÁSKA TILBOÐIN



**25%** AFSLÁTTUR

## KIRUNA

Tveggja og þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Tveggja sæta: 162 x 90 x 78 cm
**67.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

Þriggja sæta: 227 x 90 x 78 cm
**74.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

## OSWALD

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt eða dökkblátt slitsterkt áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm



**25%** AFSLÁTTUR

**74.990 kr.** ~~99.990 kr.~~









Tvær 48 cm stækkanir fylgja.

## SINGLE

Borðstofuborð hvítt og svart.
Stærð: 120 x 80 x 76 cm.

**35%** AFSLÁTTUR

**49.990 kr.** ~~79.990 kr.~~



## VIVALDI

Borðstofustóll. Eik með svörtu áklæði í setu og baki.

skovby

**50%** AFSLÁTTUR

**29.995 kr.** ~~59.990 kr.~~



## ALBERTA

Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

**20%** AFSLÁTTUR

**6.990 kr.** ~~8.990 kr.~~



## EIFFEL

Eldhússtóll með krómlöppum. Litir: Rautt, grátt, svart eða hvítt.

**25%** AFSLÁTTUR

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



## EIFFEL

Eldhússtóll með svörtum löppum. Litir: Grátt, svart, hvítt eða turkis blátt.

**25%** AFSLÁTTUR

**7.490 kr.** ~~9.990 kr.~~



## OMAHA

Borðstofustóll. Turkisblátt eða grátt áklæði.

**35%** AFSLÁTTUR

**9.990 kr.** ~~15.990 kr.~~

**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Falsfréttir dreifast um heiminn

**Falsfréttamennska er orðin að iðnaði. Falsfréttir eru birtar í pólitískum eða fjárhagslegum tilgangi og eru augljóslega ósannar. En hvers vegna trúir fólk falsfréttum og dreifir þeim áfram? Er mögulegt að stöðva útbreiðslu þeirra?**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Þótt fyrstu notkunina á hugtakinu „Fake News“ sé mögulega að finna í bandaríska blaðinu Daily Tobacco Leaf-Chronicle í tölublaði sem birtist í desember árið 1890 hefur hugtakið aldrei verið í meira hámæli en nú.

Ástæðuna fyrir því má að mestu leyti rekja til forsetakosningabaráttunnar í Bandaríkjunum á síðasta ári og einkum Donalds Trump, sigurvegara þeirra. Hefur notkun hugtaksins verið tvíþætt.

Í fyrsta lagi er hugtakið notað yfir hinar raunverulegu falsfréttir. Fréttir sem eru birtar í pólitískum eða fjárhagslegum tilgangi og eru augljóslega ósannar og jafnvel skaðlegar. Í öðru lagi hafa stjórnmálamenn, til dæmis Trump sjálfur, notað hugtakið yfir fréttir sem þeim þóknast ekki eða eru ósammála.

## Frans páfi studdi Trump

Fréttir í fyrri flokknum voru einkar áberandi á meðan á kosningabaráttunni stóð. Birtist til að mynda frétt á síðunum WTOE 5 News og Ending the Fed um að Frans páfi hefði lýst yfir stuðningi við framboð Trumps. Fréttin náði mikilli dreifingu og tjáði Frans páfi sig um orðróminn í október. „Ég hef aldrei sagt stakt orð um nokkurt framboð,“ sagði Frans.

## Ósáttum boðið til Írlands

Nærri milljón las falsfrétt síðunnar Winning Democrats um að írska ríkisstjórnin hefði boðið þeim sem voru ósáttir við kjör Trumps að setjast að þar í landi.

Þá var einnig tekið fram að dyrnar að Kanada væru galopnar. Hvorugt var satt.

## Hillary vopnasali

The Political Insider birti falsfrétt um að skjöl sem WikiLeaks birti sönnuðu að Hillary Clinton hefði selt hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki vopn. „Hillary Clinton og ráðuneyti hennar stóðu að því að vopnavæða íslamska hryðjuverkamenn, meðal annars ISIS,“ segir meðal annars í falsfréttinni sem var lesin í milljónatali.



**Ætli hluti vandans sé þröng og sjálfmiðuð sýn okkar á samfélag og heiminn í gegnum samfélagsmiðla á borð við Facebook?**

## #pizzagate

Umsvifamesta falsfréttamálið var og er hins vegar svokallað Pizzagate. Það mál má einnig rekja til skjala sem WikiLeaks birti.

Meðlimum spjallborða á 4chan og Reddit þótti grunsamlega mikið minnst á pitsur í tölvupóstum Johns Podesta, kosningastjóra Clinton, og héldu því fram að pitsa væri dulmál yfir börn sem til stæði að misnota kynferðislega.

Var því meðal annars haldið fram að pitsustaður í höfuðborginni Washington, Comet Pizza, hýsti háttsetta stjórnmálamenn og útvegaði börn til að misnota. Voru þeir sem trúðu kenningunni svo sannfærðir að maður að nafni Edgar Welch réðst á Comet Pizza vopnaður hríðskotabyssu. Enginn særðist þó sem betur fer í árásinni.

Lögreglan í Washington, New York Times, Fox News og Washington Post hefur rannsakað málið. Samhljómur er um að fréttin sé fölsk og lýsti lögregla Pizzagate sem samsæriskenningu.

## Sænsk hryðjuverk

Sjálfur var Donald Trump staðinn að því að deila falsfrétt um uppskáldaða hryðjuverkaárás í Svíþjóð og slæmt ástand vegna innflytjenda þar í landi. Hafði hann verið að horfa á þátt Tuckers Carlson á Fox News þar sem viðmælandi Carlsons þóttist sérfróður um málefni Svíþjóðar og innflytjendamál þar í landi. Á fjöldafundi talaði Trump um árás sem átti að hafa farið fram deginum áður. Sú frétt var hins vegar fölsk.

### Trump og „falsfréttir“

Notkun Donalds Trump, sem og ýmissa stjórnmálamanna héðan og þaðan af litrófi stjórnmálanna, á hugtakinu falsfréttir er hins vegar önnur en almennt er viðurkennd.

Þannig hefur Damian Collins, þingmaður Íhaldsflokksins á Bretlandi og formaður menningar-, fjölmiðla- og íþróttamálanefndar þingsins, lýst notkun hans á orðinu sem hættulegri.

„Það sem Donald Trump gerir er að túlka hugtakið falsfréttir sem allar þær fréttir sem honum líkar ekki eða er ósammála,“ sagði Collins í upphafi marsmánaðar.

Hefur Trump þannig tíst um að allar skoðanakannanir honum í óhag séu falsfréttir. Bandaríkjamenn séu í raun sammála honum og kannanir fréttastofa á borð við CNN hljóti því að vera skáldskapur rétt eins og í kosningabaráttunni þegar honum var spáð tapi.

Skoðanakannanir á landsvísu í kosningabaráttunni voru hins vegar ekki ýkja rangar í raun þótt þær hafi verið rangar í ýmsum fylkjum. Var honum spáð færri atkvæðum en Clinton og varð sú raunin.

Þegar Mike Flynn, þáverandi þjóðaröryggisráðgjafi Trumps, þurfti að segja af sér þar sem upp komst um ósannsögli hans um samskipti hans við rússneska sendiherrann sagði Trump að lekarnir sem fréttirnar byggðu á væru raunverulegir en fréttirnar falskar.

### Að horfa alltaf í sama pollinn

Hvernig er hægt að ná í gegn á tímum falsfrétta, sannlíkis (alternative truth) og minnkandi trausts almennings á fjölmiðlum? Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, segir erfitt verk fyrir höndum. Fyrst og fremst sé mikilvægt að byggja upp traust og halda faglegri fréttamennsku til streitu.

„Að gæta að grunngildum blaðamennsku, fá sjónarhorn margra, fá staðfestingu margra. Margar af stærstu og traustustu ritstjórnum heims hafa brugðið á það ráð að ráða til sín sannreynara. BBC byrjaði á þessu í janúar. NRK í Noregi fór í samstarf með stærstu fjölmiðlum landsins um að berjast á móti falsfréttum. Svo er það hin hliðin sem snýr að lesandanum. Það þarf að kenna fólki hverju er hægt að treysta, fræða fólk um falsfréttir, hvernig þær verða til og í hvaða tilgangi.“

Elfa Ýr segir þó vandasamt að ráðast til atlögu við vandann. „Það

SKOÐAÐ




**Því var haldið fram í haust að veitingastaðurinn Comet Pizza hýsti ráðamenn sem misnotuðu börn kynferðislega. Hið rétta er að staðurinn selur pitsur.** NORDICPHOTOS/GETTY

er þannig að það er hópur af fólki sem er lítt móttækilegur fyrir slíkri fræðslu. Það er með fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvernig lífið er. Þetta er sami hópur og er hræddur við innflytjendur og hælisleitendur. Það er mjög erfitt að ná til þessa fólks. Það telur sig vera læsara á miðla en almenningur og fer inn á vefsíður sem staðfestir heimssýn þess. Við erum ráðalaus í því hvernig við getum náð til þessa fólks,“ segir Elfa Ýr. „Þetta er fólk sem er með ákveðna sýn á lífið og treystir ekki hefðbundnum fjölmiðlum sem vinna eftir gildum blaðamennskunnar. Það telur fjölmiðla í stríði við sig og talar líka um falsfréttir. Auðvitað magnast vandinn svo enn frekar þegar forseti Bandaríkjanna efast um þessa sömu fjölmiðla og kallar fréttir sem eru honum óþægilegar falsfréttir.“

**Rússar hvattir til Íslands**

*Geta fjölmiðlar veitt aðhald ef fólk treystir þeim ekki til þess?*

„Ég held að almenningur þurfi að finna það að hlutlægni ráði för í blaðamennsku. Þess vegna er rík ástæða til þess að ritstjórnir efli sig, verði fjölbreyttari. Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að það er nauðsynlegt að hafa ólíkt fólk í starfi á ritstjórnum. Því sjónarmið okkar ráða því hvað okkur þykir fréttnæmt. Það er líklegt að því fólki, sem er hætt að treysta fjölmiðlum, finnist að það hafi ekki verið fjallað um mikilvæg atriði í lífi þess og umhverfi.“

*Þurfa Íslendingar að hafa áhyggjur af útbreiðslu falsfrétta?*

„Já, þetta er stórmál. Svíþjóð lenti til dæmis skyndilega í sviðsljósinu í kjölfar falsfrétta sem Trump dreifði áfram. Það atvik hafði bein áhrif á utan- og innanríkispólitík Svía. Fréttirnar höfðu stórfelld áhrif á ímynd landsins og almenning. Ég get nefnt saklaust dæmi um falsfrétt sem kemur Íslendingum við. Ég var á Kýpur og þá sagði maður af rússneskum ættum mér að hann hefði lesið í fréttum að það væru svo fáir karlmenn á Íslandi. Þess vegna ættu Rússar að fara til Íslands og giftast íslenskum konum. Hann sagði mér að fréttinni hefðu fylgt myndir af fallegum íslenskum konum. Auðvitað finnst einhverjum þetta bara fyndið. En það er það ekki.

Þjóðverjar standa einnig í ströngu og eru fyrstir að því ég best veit til að koma fram með frumvarp til laga sem á að taka á falsfréttum og hatursorðræðu. Frumvarpið gengur út á að milliliðirnir séu gerðir ábyrgir fyrir dreifingunni, svo sem Google. Þetta sætir talsvert miklum tíðindum og það er mjög áhugavert að þetta sé sett svona fram. Þjóðverjar eru á tánum vegna þess að það eru kosningar hjá þeim í haust,“ segir Elfa og vísar í útrás Breitbart-miðilsins. „Þeir eru búnir að tilkynna það að þeir ætli að fara inn með stormi um Evrópu og hafa áhrif á stórar kosningar í Evrópu. Það er yfirlýst markmið hjá þeim og þessi miðill starfar alls ekki eftir gildum blaðamennsku.

## Hvað drífur falsfréttasíður áfram?

Þar sem falsfréttasíður eru ótal margar og verða fleiri með hverjum deginum er ekki hægt að fullyrða um eina sameiginlega orsök.

Þó eru tvær ástæður sem virðast drífa falsfréttamenn áfram algengari en aðrar. Annars vegar eru falsfréttasíður starfræktar í fjárhagslegum tilgangi og hins vegar í pólitískum eða hugmyndafræðilegum tilgangi.

Síður á borð við hina bandarísku Mad World News einbeita sér þannig að ákveðnum málefnum. Einkum baráttu fólks fyrir félagslegu jafnrétti, bandarískri skotvopnalöggjöf og bandarískum stjórnmálum almennt.

Á hinn bóginn er fjöldi falsfréttasíðna rekinn í fjárhagslegum tilgangi. Sænska dagblaðið Dagens Nyheter fjallaði til að mynda um makedóníska bæinn Veles. Þar eru reknar tugir, ef ekki hundruð, falsfréttasíða í fjárhagslegum tilgangi.

Í viðtölum blaðamanns DN við falsfréttamenn í bænum kom fram að þeir trúðu því ekki að Bandaríkjamenn tryðu fréttum þeirra. Þeir myndu hins vegar halda áfram að birta falsfréttir þar sem lítið væri um vel launaða vinnu og falsfréttamennskan gæfi vel af sér. Allt að 60.000 krónur á frétt.

Í Svíþjóð er svo bein tenging á milli Svíþjóðardemókrata og Breitbart. Þeir hafa verið að dreifa fréttum frá þeim og þýða fyrir þá. Í Svíþjóð velta menn fyrir sér hvernig það má vera að stjórnmálaflokkur sem fær fjárveitingar frá ríkisvaldinu geti unnið svona gegn almenningi.“

Mestar áhyggjur hefur Elfa Ýr af viðskiptamódelinu sem falsfréttir byggja á. „Það er erfitt að mæta falsfréttum með staðreyndum. Falsfréttirnar fá við þau aukið líf. Hvert klikk á netmiðlum veitir þeim sem dreifa falsfréttum auknar tekjur. Makedónía er ein af helstu falsfréttamiðstöðvum heims. Þar er mikið atvinnuleysi og atvinnulaust ungt fólk getur haft miklar tekjur upp úr því að ná mikilli dreifingu á falsfrétt. Ein falsfrétt sem dreifist vel getur þýtt 500 evrur í auglýsingatekjur. Það getur skipt fólk miklu máli. Með þessum tekjum fæðir fólk og klæðir fjölskyldu sína. Þetta er svo miklu erfiðara viðureignar en við fyrstu sýn og vandamálið víðtækt.“

„Einföld endurtekning lyginnar getur merkt hana sem sannleika í huga okkar og þannig breiðast lygasögur í fréttatón út á netinu,“ segir Arnar Eggert Thoroddsen, einn umsjónarmanna fjölmiðlafræðináms í Háskóla Íslands.



**ÞAÐ VÆRU SVO FÁIR KARLMENN Á ÍSLANDI. ÞESS VEGNA ÆTTU RÚSSAR AÐ FARA TIL ÍSLANDS OG GIFTAST ÍSLENSKUM KONUM.**

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

**„Ég heyrði það í fréttunum“**

„Rótin er í þeim breytingum sem hafa orðið á því hvernig hægt er að miðla til fjöldans. Kosturinn við Facebook og Twitter er að miðlarnir gefa venjulega manninum rödd en gallinn er sá að valdamikil öfl geta misnotað þá því að það er auðvelt og árangursríkt. Við erum auðvitað með skýrt dæmi fyrir framan okkur í samtímanum sem er þetta magnaða dæmi sem er Donald Trump, forseti Bandaríkjanna. Hann er vitleysingur sem ryðst áfram eins og naut í flagi og komst til valda með því að hagnýta sér samfélagsmiðla. Það er bara búið að kollvarpa fjölmiðlamódelinu. Traustið er farið en sem betur fer er líka hörð mótstaða fólks sem vill viðhalda gildum blaðamennskunnar. Það þarf að endurbyggja traustið. Fólk gerir ekki greinarmun á dagskrárgerð og fréttum. Fólk segir bara: Já en ég heyrði það í fréttunum. Eða ég heyrði það í útvarpinu. Og þá er það satt. Nema, það er ekki endilega satt.“

Arnar nefnir að hluti vandans sé þröng sjálfmiðuð sýn á samfélag og heiminn á samfélagsmiðlum á borð við Facebook. „Maður vill hafa það þægilegt á Facebook. Ekki endilega heyra eitthvað sem er ólíkt. Þetta er verndaður heimur í slíkum heimi verður óþolið meira fyrir ólíkum sjónarmiðum. Umburðarlyndið minnkar. Það er hættulegt að loka sig af, horfa alltaf í sama pollinn.“






Ellý Katrín Guðmundsdóttir legggur sitt af mörkum til umræðunnar um Alzheimer.. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sífellt yngri leita aðstoðar vegna einkenna heilabilunar

Það er þó nokkur aukning í því að fólk í yngri kantinum leitar aðstoðar hjá okkur eftir greiningu, þá rétt rúmlega fimmtugt. Fólk mætti hafa samband miklu fyrr. Því það að átta sig á því að það er komin einhver illkynja gleymska er mikið áfall sem fólk þarf aðstoð við að vinna úr. Þegar fólk áttar sig á því að það kann ekki lengur einfalda hluti sem það á að kunna. Eða að einn daginn þá ratar það ekki lengur heim úr búðinni,“ segir Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, fræðslustjóri og verkefnastjóri Alzheimer-samtakanna.

„Það er enn þá ákveðið tabú að greinast með sjúkdóminn og fólk leitar því miður seinna en æskilegt væri til læknis. Við finnum fyrir mikilli og aukinni þörf fyrir meiri þjónustu fyrir þennan hóp,“ segir Sirrý.

**ÞAÐ ER ÓÁSÆTTANLEGT, ENDA GETUR FÓLK GERT SÉR Í HUGARLUND HVAÐ TÍMINN ER VERÐMÆTUR ÞESSU FÓLKI. ÞAÐ SKIPTIR ÞAÐ VERULEGU MÁLI AÐ GETA TEKIST Á VIÐ SJÚKDÓMINN MEÐ ÖLLUM MÖGULEGUM RÁÐUM**

Sirrý Sif Sigurlaugardóttir



Hún nefnir að þróunin sé svipuð í Evrópu. Fólk fái greiningu fyrr en áður enda sé talið að forstigseinkenni sjúkdómsins geti gert vart við sig töluvert áður en sjúkdómurinn verður alvarlegur. „Það er orðið nokkuð algengt í Evrópu að fólk er greint á milli fimmtugs og sextugs, við þurfum að hverfa frá þeirri umræðu að sjúkdómurinn sé sérstakur öldrunarsjúkdómur þegar hann skerðir lífsgæði fólks á miðjum aldri. Þá á ég við það að við þurfum að byrja að ræða um þessi forstigseinkenni, opna umræðuna um þau því sjúkdómurinn getur hvílt í fólki áratugum áður en alvarleg lífsgæðaskerðing verður. Rannsóknir í dag miðast að því að reyna að komast fyrir sjúkdóminn.“

Sirrý segir algengast að aðstandendur hringi og leiti ráða. „En stundum hringir fólk sjálft, þá er það eftir greiningu. Þá vill það leita upplýsinga um rétt sinn og ferlið sem tekur við. Aðstandendur sem hafa samband vilja hins vegar vita hvernig eigi að opna þetta samtal við þann veika, að mögulega sé eitthvað að.“

Hún nefnir að það sé mikil þörf á að auka þjónustu við fólk sem glímir við einkenni heilabilunar. Enn sé biðlisti eftir greiningu hjá Minnisþjónustunni og í sérhæfðu dagþjónustuna sem samtökin reka sé biðin jafnvel heilt ár. „Það er óásættanlegt, enda getur fólk gert sér í hugarlund hvað tíminn er verðmætur þessu fólki. Það skiptir það verulegu máli að geta tekist á við sjúkdóminn með öllum mögulegum ráðum.“

Sirrý segir aðspurð að fólk geti lagt málefninu lið með því að opna umræðuna eins og Ellý Katrín hefur gert. Taka þátt í umræðunni og lyfta bannhelginni af því að greinast með Alzheimer.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



# Horfir í gin úlfsins

**Ellý Katrín Guðmundsdóttir, fyrrverandi borgarritari, hélt framsögu á opnum fræðslufundi í Íslenskri erfðagreiningu í vikunni og ræddi um reynslu sína af því að greinast ung með Alzheimer. Hún vill opna umræðuna.**

Það er erfitt að vera með greiningu og geta eiginlega ekki talað um hana. Þess vegna ákvað ég að stíga fram,“ segir Ellý Katrín Guðmundsdóttir sem sagði frá því að hún væri greind með Alzheimer-sjúkdóminn á opnum fræðslufundi um hugann sem var haldinn á vegum Íslenskrar erfðagreiningar á miðvikudag. Ellý Katrín starfaði sem borgarritari þangað til hún varð vör við einkenni sjúkdómsins á síðasta ári.

Hún fór í veikindaleyfi eftir samtal við Dag. B Eggertsson borgarstjóra. Greiningarferlið var langt og strangt.

Nú er hún komin til starfa aftur fyrir Reykjavíkurborg, er í hlutastarfi á umhverfis- og skipulagssviði og er staðráðin í að njóta lífsins og samverustunda við vini og fjölskyldu. Á fundinum beið Ellýjar útbreiddur faðmur vina, fjölskyldu og fleiri sem voru komnir til að hlýða á frásögn hennar sem hún kallaði: Þegar minnið hopar.

Ellý hóf frásögn sína á því að minna gesti fundarins á vorið, daginn í dag. „Þessi fallegi dagur, þessi fallega birta,“ sagði Ellý og lýsti því að áður en hún var greind hefði lífið verið eins og á fallegum vordegi. Allt hefði í raun gengið sinn vanagang þar til hún fann fyrir vanlíðan, óöryggi og því að samferðafólki hennar fannst hún ekki vera eins og hún á að sér að vera.

„Hvað er að gerast? Hvað er að gerast fyrir sjálfið mitt? Hver kippti undan mér fótunum?

Myrkur, drungi og áhyggjur byrgja sýn mína á sólina. Rökkrið verður notalegt. Birtan óþægileg. Kannski er best að sleppa þessu bara. Fel mig í skugga, forðast fólk, forðast birtuna. Ég er bara skugginn af sjálfri mér. Þangað til ég finn að ég er ekki lengur ég,“ sagði Ellý um upplifun sína af innreið sjúkdómsins í líf sitt.

### Opnar umræðuna

Hún grípur aftur til líkinga við vorið og birtuna. Hún hafi tekið ákvörðun, hafi hafnað þeirri hugmynd að lífið sé ekki gott og stígi nú fram. „Stíg fast til jarðar, tek mér taki. Horfi beint í gin úlfsins. Stend með sjálfri mér. Opna mig og segi: Sorrý, ég er komin með heilabilun. Ég heiti Ellý Katrín Guðmundsdóttir og var greind síðastliðið haust, 51 árs gömul, með forstigseinkenni Alzheimer-sjúkdómsins. Ég stend hér í dag af því að mér finnst mikilvægt að tala um Alzheimer-sjúkdóminn og ekki síst þolendur hans með sama hætti og við gerum með aðra sjúkdóma og sjúklinga.“

Ellý heldur dagbók. Eftir greininguna skrifaði hún niður hugleiðingu. „Hvað gerir kona við svona upplýsingar? Reynir að halda ró sinni en líka finna sér uppbyggilegt verkefni. Njóta samvista við maka og fjölskyldu,“ skrifaði hún sér til halds og trausts. Hún skrifar æ oftar í dagbókina þessa dagana því hún finnur fyrir því að vera orðin gleymnari og finnst það praktískt. Bókina geymir hún í náttborðinu og þennan dag sem hún opnar sig er hún með hana meðferðis.

Hún segir ýmislegt hafa gengið á áður en hún lét af störfum sem borgarritari og greiningarferlið hófst. „Kannski var aðdragandinn eitthvað lengri, segir hún og telur mögulegt að vanlíðan hafi verið fyrsta einkennið. Óöryggið og drunginn sem helltist yfir hana. Það sé þó erfitt að meta það. Á þessum tíma, áður en hún fékk staðfesta greiningu, velti hún upp ýmsum möguleikum. Voru þetta andleg veikindi, tíðahvörf, streita?

„Ég var æðsti embættismaður borgarinnar og það var oft á tíðum mikið að gera hjá mér. Síðla vors bað borgarstjórinn mig um að ræða við sig og sagði við mig á mjög nærgætinn hátt að hann hefði áhyggjur af mér,“ sagði Ellý og sagði Dag hafa nálgast það erfiða verkefni að upplýsa sig um að hún væri farin að missa tök á starfi sínu á vandaðan hátt.

„Þetta hafði aldrei gerst áður á mínum starfsferli,“ sagði Ellý, fregnirnar hefðu þó að einhverju leyti komið saman við þá upplifun hennar að hún væri ekki eins og hún ætti að sér að vera.

„Næsta dag tilkynnti ég að ég væri komin í veikindaleyfi. Þá hófst allsherjarrannsókn á heilsu minni,“ sagði Ellý og lýsti margra mánaða óvissuferð þar sem allt mögulegt var kannað. Síðasta rannsóknin sem var gerð var í jáeindaskanna í Kaupmannahöfn. „Ég bað allar góðar vættir að standa með mér, að niðurstaðan yrði mér í hag.“

**STÍG FAST TIL JARÐAR, TEK MIG TAKI. HORFI BEINT Í GIN ÚLFSINS. STEND MEÐ SJÁLFRI MÉR. OPNA MIG OG SEGI: SORRÝ, ÉG ER KOMIN MEÐ HEILABILUN.**

Það varð ekki. Niðurstaðan varð Ellý ekki í hag og þremur vikum eftir rannsóknina voru hún og eiginmaður hennar Magnús Karl Magnússon boðuð á fund Jóns Snædal læknis sem tilkynnti þeim að Ellý væri með forstigseinkenni Alzheimer. „Það mun vera mjög fátítt að svo ungir einstaklingar greinist með Alzheimer. Mér var sagt að þar hefði hending ráðið. Það væri stundum þannig. Sem sagt algjör tilviljun og í mínu tilfelli voru sterkir erfðaþættir útilokaðir,“ sagði Ellý frá.

### Nýtur skilnings

Henni var tjáð að hún ætti endilega að halda áfram að vinna. En ➡




# #LITRÍKASTUR

Nýr Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra akstursseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

**1.890.000** KR.

**28.388 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.890.000 kr.
- Útborgun 189.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,66%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

THE COLOR RUN™
BY Alvogen

*Ford Ka+ er The Color Run bíllinn í ár.*
*Komdu og reynsluaktu og þú gætir unnið miða í hlaupið!*

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ekki undir miklu álagi. „Þar fór borgarritari út um gluggann,“ sagði Ellý. Álagið sem fylgir þeirri stöðu var alltof mikið.

Ellý hefur átt farsælan feril. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og meistaraprófi í umhverfis- og alþjóðarétti frá University of Wisconsin Law School árið 1997. Hún starfaði í fjögur ár sem lögfræðingur hjá lagadeild Alþjóðabankans í Washington. Hugur hennar stendur til umhverfismála og hún tók við starfi forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur þegar hún var stofnuð 1. janúar 2002 og gegndi því þar til hún tók við sem sviðsstýra umhverfissviðs Reykjavíkurborgar. Hún varð forstjóri Umhverfisstofnunar fyrir sléttum áratug, eða 1. apríl 2007, en fór þaðan aftur til að stýra umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar. Hún varð borgarritari árið 2011. Nú starfar hún á umhverfissviði og segist njóta dyggilegs stuðnings og skilnings samstarfsmanna sinna.

En í fyrstu þá fengu fáir útvaldir að vita af greiningunni. „Ég var mjög sátt við þetta fyrirkomulag. Allavega til að byrja með. Og ég held að ég hafi þurft á þessum hlífiskildi að halda,“ sagði Ellý. Fljótlega hefði þögnin og greiningin orðið að byrði. Fólk hafi haft áhuga á því að vita hvað hún ætlaði að taka sér fyrir hendur nú þegar hún væri ekki lengur borgarritari. Sumir hefðu jafnvel verið aðgangsharðir og talið sig eiga rétt á að vita hvers vegna hún væri hætt störfum. Hún hefði forðast mannamót og að mæta fólki. „Sem er mér ólíkt. Ég hef yndi af því að vera innan um fólk og njóta lífsins,“ sagði Ellý.

**Þolir ekki leyndarmál**

„Fyrir skömmu síðan gerði ég það hins vegar upp við mig að svona væri mér ekki boðlegt. Ég væri ekki heil í því sem ég væri að gera. Í leik og starfi vil ég hafa hluti uppi á borðum. Ég þoli ekki leyndarmál og leyndarhyggju,“ sagði Ellý og varð ljóst að hún þyrfti að segja sína sögu, vera heil og sjálfri sér samkvæm. Eitt af því sem hvatti hana til að taka sig taki og segja frá var að lesa viðtal við Ólöfu Nordal heitna skömmu eftir andlát hennar fyrr í vetur. Í því sagðist Ólöf alltaf hafa rætt um sjúkdóminn. „Ég ákvað að koma út úr skápnum og tala um Alzheimer.“

Ellý sagðist sjaldnast finna fyrir einkennum sjúkdómsins. Hún gerir allt sem hún getur til að stuðla að betri heilsu. Fer í ræktina þrisvar í viku og hefur tileinkað sér mataræði sem er kallað „Mind diet“. „Sem hentar mér vel. Mind diet kveður á um eitt rauðvínsglas á hverju kvöldi. En bara eitt glas,“ sagði Ellý og uppskar hlátrasköll úr sal.

„Í dag finnst mér ég vera gleymnari en áður og mér finnst ég vera að tapa einhverjum minningum,“ sagði Ellý og greip til dagbókar sinnar til að lýsa tilfinningunni þegar minnið hopar.

**ÉG HELD ÞAÐ SÉ MIKILVÆGT AÐ TILEINKA SÉR AÐ VERA LÉTTUR Í LUNDU. ÉG HELD ÉG HAFI ALLTAF VERIÐ HLÁTURMILD OG GLAÐSINNA. ÉG Á LÍKA AUÐVELT MEÐ AÐ GLEÐJAST ÞVÍ AÐ ÉG Á GÓÐA VINI.**

„5. mars 2017. Í nótt dreymdi mig að ég væri í mikilli þoku að reyna að muna símanúmerið hans Magga. Ég held að þetta gæti verið lýsandi fyrir sjúkdóminn. Einhver þoka sem leggst yfir minnið en svo léttir yfirleitt til,“ las Ellý og bætti við að stundum upplifði hún minni sitt sem seigfljótandi. „Mér finnst stundum eins og ég sendi hugsanir mínar í nefnd sem skilar af sér viðunandi niðurstöðu eftir smá stund.“

Hún nefndi einnig að henni fyndist stundum erfitt að átta sig á því hvernig hún ætti að koma sér af stað og skipuleggja vinnu. Hún þyrfti frekar að reiða sig á kort en áður. Hún sagði rýmisgreind sína reyndar aldrei hafa verið sérstaklega góða og sagði skemmtilega sögu frá yngri árum þegar hún fór á fína árshátíð laganema í Kaupmannahöfn. Eftir að hafa kvatt og þakkað fyrir sig hafi hún gengið út.

„Þá áttaði mig á því að ég hafði gengið inn í fataskáp og lokað hurðinni á eftir mér.

Úff. Þetta var óþægilegt en eftir stutta stund komst ég að þeirri niðurstöðu að ég þurfti að koma mér út úr skápnum. Ég opnaði skápinn eins og ekkert hefði í skorist, þakkaði aftur fyrir mig. Kvaddi aftur og gekk út.“

Hún heldur í vonina um að læknavísindin geti leyst ráðgátuna um Alzheimer og þróað góð lyf. „Það verður að segjast að á köflum hefur verið erfitt að vera bjartsýn í þessari stöðu. Vonin er dásamlegt afl,“ sagði Ellý og sagðist minna sig á að allra bíða sömu örlög. „Þrátt fyrir þá óvissu sem er fram undan þá verð ég að lifa með þessum sjúkdómi. Til þess, þá verð ég að vera heil í því sem ég er að gera,“ sagði hún og ítrekaði von sína um að það að hún stigi fram og deildi hugsunum sínum og upplifun opnaði umræðu um Alzheimer-sjúkdóminn og þolendur hans.“

Ellý lauk framsögu sinni með því að lesa ljóð eftir Guðmund Kamban og færði þannig áheyrendum enn dýpri skilning á líðan sinni.

*Ef þú velur þér vorið til fylgdar*
*Og vorið er sál þinni skylt*
*Og vitirðu hvað þú vilt*
*Þér treginn lækkar og trúin stækkar*
*Og himinninn hækkar*

Fjölskylda Ellýjar situr á fremsta bekk. Eiginmaður hennar Magnús Karl Magnússon, prófessor í læknavísindum, og börnin hennar tvö. Hún segir í samtali við blaðamann stuðning þeirra skipta öllu máli. „Ég er svo heppin að vera gift lækni. Við höfum verið saman í þessu. Hann er mitt akkeri. Ég hef mikinn stuðning. Börnin voru með okkur núna, þau eru fullorðið fólk, það er mér mjög dýrmætt. Það er mikilvægt að hafa stuðning heima við í glímunni við þennan sjúkdóm.“

Hún segist ekki vilja lesa sér mikið til eða fræðast um framgang sjúkdómsins. „Ég kynnti mér aðeins hver eru einkenni Alzheimer, svo ákvað ég að lesa mér ekki meira til. Það er svo dökk sýn.“

Hún fer til sálfræðings einu sinni í mánuði sér til stuðnings og segir mikilvægt að halda í lífsgleðina.

„Ég held það sé mikilvægt að tileinka sér að vera léttur í lundu. Ég held ég hafi alltaf verið hláturmild og glaðsinna. Ég á líka auðvelt með að gleðjast því að ég á góða vini.“

# Klínískar tilraunir að hefjast um mitt ár

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er mjög bjartsýnn á þróun lyfja gegn Alzheimer. „Ég held því fram að það séu yfirgnæfandi líkur á því að lyf sem hemja framgang sjúkdómsins verði til. Eina spurningin er sú hvort það sé hægt að þróa þau þannig að þau hafi ekki miklar aukaverkanir. Núna um mitt ár hefjast klínískar tilraunir,“ segir Kári frá.

Í samstarfi ÍE og öldrunarlækna á Landspítalanum, Jóns Snædal, Pálma V. Jónssonar og Sigurbjörns Björnssonar, hefur á þriðja þúsund Alzheimer-sjúklinga tekið þátt í rannsóknum á erfðum sjúkdómsins.

Árið 2011 birtu vísindamenn ÍE og samstarfsmenn þeirra niðurstöður úr fjölþjóðarannsókn sem benti á nokkrar algengar breytingar á erfðaefni sem eru tengdar aukinni áhættu á Alzheimer og beindu athyglinni að lífefnaferlum sem gætu verið lyfjamörk.

Árið 2012 skýrðu vísindamenn ÍE síðan frá rannsókn þar sem þeir fundu stökkbreytingu sem verndaði gegn sjúkdómnum. Einstaklingar sem bera hana eru fimm sinnum ólíklegri en einstaklingar úr viðmiðunarhópi til að greinast með Alzheimer.



**ÉG HELD ÞVÍ FRAM AÐ ÞAÐ SÉU YFIRGNÆFANDI LÍKUR Á ÞVÍ AÐ LYF SEM HEMJA FRAMGANG SJÚKDÓMSINS VERÐI TIL.**

„Þessi stökkbreyting sem við fundum er sterk röksemd fyrir því að þetta sé rétt aðferð. Mér er málið auðvitað skylt af því ég tók þátt í þessari uppgötvun. Ég er ekki óháður einstaklingur, en mér finnst þetta mjög spennandi hið minnsta,“ segir Kári.


Uppboð í yfir 20 ár

Listmunauppboð
í Gallerí Fold

mánudaginn 3. apríl, kl. 18
og þriðjudaginn 4. apríl, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Alfreð Flóki

Forsýning í Gallerí Fold alla helgina
laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–17,
mánudag kl. 10–17, þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Fyrstu einkenni

Sjúkdómurinn byrjar oft lymskulega með hægfara breytingum, sem svo magnast með árunum.

**Fyrstu einkenni eru oft erfiðleikar við að:**






**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis**
**6. apríl**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2017

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

365 FRÉTTABLAÐIÐ

Kristín Jóhannsdóttir, forstöðumaður gosminjasafnsins Eldheima í Eyjum, áttaði sig á margvíslegu gildi sögunnar um Heimaeyjargosið 1973 og vann að því af eldmóði að henni yrðu gerð skil á áhrifamikinn hátt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Með tímanum fór fólkið í Eyjum að sjá fegurðina í þessu verkefni, að sögn Kristínar og á þar við gosminjasafnið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Nógu klikkað til að vekja athygli

**FERÐAFRÉTTAMENN BRESKA STÓRBLAÐSINS THE GUARDIAN TÖLDU ELDHEIMA TIL ÁHUGAVERÐUSTU UPPGÖTVANA SINNA ÁRIÐ 2016.**

Það er óneitanlega magnað að koma í Eldheima í Vestmannaeyjum og fá sögu Heimaeyjargossins beint í æð gegnum margs konar miðla. Heyra drunurnar, sjá hraunsletturnar og koma við húsið sem eitt sinn var heimili fimm manna fjölskyldu en fór undir 14 metra þykkt öskulag, eins og svo mörg önnur, og allt sem í því var, nema fólkið. Á leið gegnum sýninguna með söguna í eyrunum, sagða með hinni viðkunnanlegu rödd Eddu Andrésar, er auðvelt að vikna, einkum vegna þakklætis fyrir þá mildi að öll mannslífin, 5.300 talsins, skyldu bjargast hamfaranóttina 23. janúar 1973 þegar gosið hófst.

Að lokinni göngu um húsið, líka upp á loft þar sem Surtsey er í aðalhlutverki, er Kristín Jóhannsdóttir forstöðumaður tekin tali milli þess sem hún afgreiðir gesti.

„Við opnuðum hér vorið 2014. Í fyrra komu hingað 37 þúsund manns, yfir sjó og land, þessi fjöldi kom að langmestu leyti frá byrjun maí og fram í september en svo missum við allan ferðamannastraum þegar Landeyjahöfn lokast og markaðssetning er erfið þegar ferðir um hana eru bara með höppum og glöppum,“ lýsir Kristín. „Hápunktur sýningarinnar er rústin að Gerðisbraut 10, hvergi í heiminum hafa verið grafnar upp jafn ungar rústir til að varðveita og sýna.“

**Brugðist við eftir brjóstvitinu**

Kristín var þrettán ára þegar Heimaeyjargosið varð og kveðst muna allvel eftir því. „Fjölskylda mín var voða heppin. Pabbi hafði byggt uppi á hól í vesturhluta bæjarins og húsið okkar skaddaðist ekkert. Ég á það núna,“ segir hún og bætir við að foreldrar hennar hafi verið Svanhildur Sigurjónsdóttur hjúkrunarfræðingur og Jóhann Friðfinnsson, verslunarmaður í Drífanda, og börnin í húsinu á hólnum hafi verið fimm, þrír strákar og tvær stelpur.

„Það er oft talað um að við Vestmannaeyingar höfum aldrei fengið neina áfallahjálp og höfum verið að vinna úr þessu gosi gegnum lífið. Ég hafði aldrei þá tilfinningu – en samt – ég sagði ekki frá því í 20 ár að ég væri frá Eyjum. Maður er svo viðkvæmur um fermingaraldurinn, krakkar að bjóða manni hraun og gos, komandi með alls konar upplýsingar heiman að frá sér um að við Vestmannaeyingar lifðum á þjóðinni og mér fannst vandræðalegt að hafa verið flóttamaður. Vinir mínir til margra ára sögðu eitt sinn við mig: „Kristín, við vorum að heyra að þú værir frá Vestmannaeyjum.“

Margt væri eflaust gert með öðrum hætti nú ef sambærilegir atburðir yrðu. „Það voru engar viðbragðsáætlanir til eða áfallateymi á þessum tíma,“ segir Kristín. „Menn milli tvítugs og þrítugs sem störfuðu sem bæjartæknifræðingar og fleira í þeim dúr þurftu að taka ákvarðanir á stundinni, enginn tími var fyrir langa fundi. Það var bara brugðist við eftir brjóstvitinu. Hér bjó fólk sem hafði nánast ekki komið til Reykjavíkur. Það átti ekki við um mína fjölskyldu. Mamma var úr Reykjavík og við fórum oft þangað.“

Kristín er master í bókmenntafræði og sagnfræði og kveðst eiga dálítið skrautlegan námsferil. „Ég fór til Þýskalands á þýskukúrs og ætlaði bara að vera í hálft ár eða eitt en þau urðu tuttugu. Var fyrst í Freiburg í Suður-Þýskalandi og í stað þess að fara hefðbundna leið til Kölnar, Berlínar eða München, þegar mér var farið að leiðast þar, fór ég til Austur-Þýskalands og rétt náði í rassinn á því landi áður en það var lagt niður. Var í Leipzig 1987 og eftir ævintýralega dvöl þar fór ég til Vestur-Berlínar og mátti ekki seinni vera til að kynnast henni. Ég kláraði námið í Berlín og bjó þar áfram í tíu ár, starfaði meðal annars sem fréttaritari Ríkisútvarpsins, þá fór ég til Frankfurt, því Icelandair bauð mér vinnu sem ég gat ekki hafnað. Þar sá ég um markaðs- og kynningardeild fyrir Ísland og þá fór ég að fatta að þetta gos hér í Eyjum var dálítið spennandi, ekki bara í sögulegu samhengi heldur líka út frá ferða- og markaðshliðinni. Erlendir fréttamenn sem ég ferðaðist með til Íslands í kynningarferðum mundu eftir gosinu og vildu ólmir komast ➡

# LAGERSALA

# 40-80% AFSL.

## AF ÝMSUM VÖRUM



## 1. – 12. apríl

ATH! Síðumúla 37

OPIÐ 1. APRÍL 11-16



# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN





Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is

til Eyja. Einhvern tíma í viðtali við þýska sjónvarpsstöð rifjaði ég í fyrsta skipti upp hvernig fjölskyldan hafði það á gosnóttina og hvernig mér hafði liðið. Þá var ég orðin fertug og hafði aldrei pælt í því að nokkur væri spenntur fyrir að heyra það.“

**Yrsa og Aska gerðu gagn**

Það var árið 2004 sem Kristín ákvað að flytja heim frá Þýskalandi, þá búin að vera þar í 20 ár. „Ég vildi að strákarnir mínir yrðu Íslendingar,“ útskýrir hún – en bætir við: „Nokkrum árum seinna kom reyndar hrunið og allir svindlararnir poppuðu upp og þá hugsaði maður: Hvað er smart við að vera Íslendingur? En ég sótti um að sjá um ferða- og markaðsmálin fyrir Vestmannaeyjabæ, þá var nú ekki mikið að gerast í þeirri deild, Flugfélag Íslands nýhætt að fljúga hingað eftir áratuga þjónustu og Ernir ekki kominn, Herjólfur sigldi milli Eyja og Þorlákshafnar en Bakkaflugið var svolítið spennandi.“

Hugmyndina að því að grafa hús úr öskunni og hafa til sýnis rekur Kristín til Sigmunds, teiknara og uppfinningamanns. „Sigmund er langflottasti maður sem við Vestmannaeyingar höfum átt,“ segir hún. „Stuttu eftir að ég flutti hingað sýndi hann mér teikningu sem hann kallaði Pompei norðursins, þar var búið að hálfgrafa upp nokkur hús. Mér fannst það bráðsniðug hugmynd, sótti um styrk til Ferðamálaráðs til að ráðast í uppgröft og fékk hæsta styrkinn það árið. Við útbjuggum hér stíg sem lá meðfram hálfuppgröfnum húsum og kölluðum þá sýningu Pompei norðursins. Það var nógu klikkað verkefni til að vekja athygli, við fengum BBC hingað, japanska sjónvarpsstöð, það var gerður sjónvarpsþáttur um málið hjá Arti í Frakklandi og í Þýskalandi og hingað komu blaðamenn frá Der Spiegel. Þetta var upphafið. Við byrjuðum árið 2005. Þá var ferðaþjónusta ekki komin í tísku á Íslandi, við fengum smá kynningarpening frá bankanum okkar en hjá stóru fyrirtækjunum var ekki stemning. Pressan kom áfram utan frá, frá erlendum ferðamönnum, fjölmiðlum og ferðaskrifstofum í Reykjavík en ansi margir Vestmannaeyingar þurftu mörg ár til að sjá tækifærin í þessum hugmyndum, þeim fannst málið jafnvel ósmekklegt og þeir vildu senda mig aftur til Þýskalands.“

Mörg hafa skrefin verið á leið að settu marki að sögn Kristínar. Eitt var stigið þegar Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur mætti í Eyjum með nokkrum útlendingum. „Yrsa fann náttúrlega strax út að hér yrði að fremja morð til að koma þessum bletti á blað. Gerði um það bókina Ösku og hún varð dálítill grunnsteinn að frægð hennar í útlöndum. Búið er að þýða þá bók á fjölmörg tungumál og það eykur aðsókn hjá okkur.“

Jóhann, faðir Kristínar, var safnstjóri byggðasafnsins í Eyjum um tíma. „Pabbi hafði alltaf gríðarlegan áhuga á að reist yrði gosminjasafn, svo maður fari nú aðeins í Freud og alla sem maður treður á bak við sig til að styrkja áhugamálin!“ segir Kristín glaðlega og tekur fram að með tímanum hafi fólkið í Eyjum farið að sjá fegurðina í þessu verkefni. „Bærinn átti peninga frá ríkinu á ís, sem átti að byggja menningarhús fyrir. Það fé hrökk fyrir fjórðungi eða fimmtungi af byggingu Eldheima. Restina greiddi Vestmannaeyjabær og ef heldur fram sem horfir að reksturinn að geta borgað þetta upp á einhverjum x árum,“ lýsir hún.



Húsið að Gerðisbraut 10 var með steypa plötu undir þakinu og harðviðarpósta í gluggum. Það kom furðu heillegt undan farginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> NORÐMENN VORU SVEKKTIR OG HISSA Á HVAÐ VIÐ VORUM MATVÖND, HÉLDU AÐ ÞARNA VÆRU KOMIN LANGSOLTIN FLÓTTABÖRN SEM BORÐUÐU HVAÐ SEM VÆRI.

Eitt herbergi í Eldheimum er autt enn. „Hér verður gagnaver,“ upplýsir Kristín. „Við erum í samstarfi við háskólastúdenta sem eru að safna sögum um hvaða áhrif gosið hafði á líf fólks og vangaveltum um hvernig tilveran hér í Eyjum væri ef ekki hefði gosið. Hér bjuggu 5.300 manns svo sögurnar eru margar og mismunandi og þó enginn hafi farist beint af völdum gossins, guði sé lof, þá eru margar sögur átakanlegar. Í framhaldinu verður hægt að slá inn leitarorð, nafn á manneskju eða kennileiti og þá poppar allt upp sem tengist því nafni, bæði myndir og texti.“

**Öll Eyjabörn til Noregs**

Nú er Kristín beðin að rifja upp eigin minningar um hamfarirnar og áhrif þeirra á eigið líf.

„Mamma var í einni af sínum mörgu Reykjavíkurferðum og með yngstu systur mína með sér þegar gaus. Pabbi vakti mig og bræður mína. Hann gekk um gólf og hrópaði „guð minn góður“, okkur sýndist allt vera að brenna í Austurbænum og mín fyrsta hugsun var: Það er komið stríð. Við vorum jú í miðju kalda stríðinu og mamma og pabbi lásu Moggann og töluðu um Rússana hér allt í kring. Þegar pabbi útskýrði að þetta væri eldgos varð mér mun rórra og velti fyrir mér hvort við þyrftum að fara í skólann. Við vorum alin upp með Surtseyjargosið í grenndinni. Það var hluti af tilverunni því í sunnudagsbíltúrum var fastur liður að horfa þangað. Auðvitað hlýtur að hafa verið angist í huga þeirra sem voru með gosið í garðinum hjá sér en á mínu heimili var engin lífshætta.

Svo keyrði pabbi okkur systkinin niður að höfn, fylgdi okkur um borð í Danska Pétur og við fengum frí úr skólanum! Pabbi varð eftir, til að bjarga verðmætum eins og um þrjú hundruð aðrir Eyjamenn. Við krakkarnir fórum niður í lest þar sem fiskurinn er jafnan geymdur og ég var ægilega sjóveik á leiðinni í land. Fjölskylda móðursystur minnar sat uppi með okkur, sex manna fjölskyldu, í margar vikur í litlili íbúð. Svo fórum við í aðra litla íbúð sem mamma og pabbi áttu í Vesturbænum en var í leigu þegar gaus. Ég fór í strætó þaðan í Laugarnesskóla, því fyrir okkur eldri krakkana úr Eyjum var settur upp Vestmannaeyjaskóli þar og við vorum með kennara úr Eyjum. En litlu krökkunum var bara hent inn í skóla með öðrum á sínum aldri.“

Eitt af því sem Kristín rifjar upp frá þessum tíma er Noregsferð Eyjabarna. „Rauði krossinn í Noregi bauð öllum börnum frá Vestmannaeyjum þangað út í tvær vikur, sem var auðvitað voða fallegt og eflaust gott fyrir foreldrana að losna við okkur. En þetta var mikið fyrirtæki og minnstu krakkarnir höfðu svo sem ekkert að gera í þetta ferðalag. Mér fannst það alveg frábært, ég lenti á agalega fínu heimili í Ósló, ásamt krökkum sem ég var ekki í neinu vinfengi við, það var ekkert verið að velja systkini og vini saman. Litli bróðir minn, átta ára, var í sömu ferð og ég og var bara settur upp í einhverja rútu. Hann þoldi það en sumir litlu krakkarnir voru með grátstafinn í kverkunum allan tímann. Norðmenn voru svekktir og hissa á hvað við vorum matvönd, héldu að þarna væru komin langsoltin flóttabörn sem borðuðu hvað sem væri, en það var nú aldeilis ekki. Allt var þetta þó vel meint. Mismunurinn á aðstæðum þá og nú er bara svo mikill. Nú eru foreldrar hringjandi í börnin sín fjórum sinnum á dag en þarna var þeim bara skutlað út á flugvöll, allt niður í sjö, átta ára gömlum, þau voru að fara á einkaheimili til fólks sem enginn vissi hvernig var. Svo voru þau sótt út á völl eftir tvær vikur. En mín ferð varð mjög fín.“

Kristín segir suma Vestmannaeyinga hafa verið komna heim um leið og gosinu lauk, þannig var það ekki hjá hennar fjölskyldu. „Pabbi og mamma þurftu aðeins að díla við það hvort þau ættu að fara aftur til Eyja eða ekki, við bjuggum um tíma í viðlagasjóðshúsi í Kópavoginum, Birkigrundin og Reynigrundin í Fossvogsdalnum voru Eyjagötur. Allt í lagi að vera þar, ég gekk í Víghólaskóla. Svo fluttum við öll hingað aftur en foreldrar mínir skildu nokkru síðar og mamma flutti suður. Ég lauk landsprófi hér, svo var það MH og eftir það fór ég fljótlega til Noregs og svo Þýskalands.“

Nú er hringnum í frásögninni lokað. Kristín sest að á hólnum og stýrir óskaverkefni í Eyjum. „Ég hef átt minn þátt í þessari uppbyggingu á Eldheimum en ef bæjarstjórnin hefði ekki trúað á verkefnið og komið svona myndarlega að því þá hefði ekkert gerst. Nú eru Eldheimar orðnir að veruleika og það er gaman að vera að reka þá, ég legg metnað minn í að það gangi sem best en ég er voðalega pirruð þegar samgöngur til Eyja eru stopular.“

# Hrafnar reyndu að vara við

Ég var stödd á Ísafirði þegar hringt var í mig og sagt: „Veistu það Gerður, það er farið að sjást í húsið þitt.“ Mér brá og tók fyrstu ferð til Eyja,“ segir Gerður Sigurðardóttir sem átti húsið að Gerðisbraut 10 sem nú er til sýnis í Eldheimum. Í því bjó hún með manni sínum, Guðna Ólafssyni, sem nú er látinn, og sonunum Agnari, Sigurði Óla og Bjarka. Hún kveðst hafa þurft að hugsa sig vel um áður en hún gaf leyfi fyrir uppgreftri þess. „Ástæða þess að ég sagði já var sú að unga fólkið vissi svo lítið um Heimaeyjargosið og ég vildi gera mitt til að varðveita sögu þess því hún má ekki gleymast.“

Það var tilfinningaþrungið að sjá í húsið að sögn Gerðar. „Áfallið rifjaðist upp þegar allt var tekið frá okkur sem við áttum, nema auðvitað það dýrmætasta sem var lífið. „Mér fannst líka erfitt að hafa ekki manninn minn með mér. Það var hann sem byggði þetta hús af mikilli vandvirkni, enda sagði hann: „Ég byggi bara einu sinni.“ Við áttum heima í húsinu í tvö ár.“

Tvö af börnum Gerðar skriðu með henni inn um þvottahúsglugga hússins, yfir hvöss rúðubrot. „Allt var svart inni en ég var með stórt vasaljós og við fórum fet fyrir fet. Askan var víða upp á miðja veggi en þó var margt að skoða, arinn í stofunni, ljósakrónur í lofti og skartgripaskrín með úri og hálsfestum. Svo fann ég hálfprjónaða peysu á litla drenginn minn sem var tæpra tveggja mánaða þegar gosið kom og fleiri ungbarnaföt í öskunni, enda var ég að strauja og ganga frá þvotti þegar ég fann fyrsta jarðskjálftann og heyrði rosalegar drunur undir húsinu.“



Krummi er vísdómsfugl að mati Gerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gerður segir þau hjón hafa verið búin að fá viðvörun um gosið – eftir á að hyggja. „Tveir hrafnar létu alltaf svo ófriðlega þegar ég fór út á snúru. Voru greinilega að reyna að koma einhverju til skila. Byrjuðu í lok nóvember, um það leyti sem drengurinn okkar fæddist og ég óttaðist að eitthvað kæmi fyrir hann. En um áramótin hurfu þeir. Svo var straumur af hagamúsum niður Helgafellið nokkrum vikum áður en gaus og eitt sinn horfði Guðni yfir eyjuna utan af hafi, hún var hvít af snjó nema hvað auð rönd var niður Helgafellið. Okkur datt samt ekki eldgos í hug.“




Eimskip hefur ávallt lagt áherslu á að sýna samfélagslega ábyrgð í rekstri sínum. Mikilvægt er að eiga gott og traust samband við hagaðila félagsins sem eru viðskiptavinir, hluthafar, starfsfólk og ekki síst þau samfélög víða um heim sem Eimskip starfar í. Árið 2016 minnkaði félagið kolefnisfótspor vegna rekstursins um 8,8% frá árinu áður. Þessi frábæri árangur er tilkominn vegna samvinnu og samstarfs viðskiptavina og starfsfólks félagsins.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

# HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT




TEFAL OG JAMIE OLIVER POTTAR OG PÖNNUR

**30% AFSLÁTTUR**

## KENWOOD HRÆRIVÉLAR

**25% AFSLÁTTUR**



KENWOOD



wilfa

**Wilfa BLB1400S**
Wilfa Knus 1400w blandari með 1.8L hitaþolinni glerkönnu. Stiglaus hraðastillir og púls. Losa má hnífa og hreinsa. Gúmmítappar fyrir stöðugleika. Stál.

TILBOÐ
**14.995**
VERÐ ÁÐUR 19.995



*8 ára ábyrgð!*

blendtec

**Blendtec 575BL/WH**
Classic blandari með 3.0 hp mótor og FourSide könnu með Gripper loki. LCD skjár. Smoothie stilling. 5 hraðar og púls. Ofursterkur Blunt stálhnífur. Hreinsistilling. Gúmmítappar.

TILBOÐ
**39.995**
VERÐ ÁÐUR 59.995

## RYKSUGU VÉLMENNI

HREIN SNILLD!



iRobot

**iRobot Roomba IRO 605**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Háþróað burstakerfi sem tekur upp hár, ló o.fl. Þrífur parket, teppi, dúka og flísar.

TILBOÐ
**34.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995



Whirlpool

**Whirlpool WUE2B19X**
60cm og 13 manna uppþvottavél með 5 kerfum. Hrað- og sótt-hreinsikerfi. Seinka má byrjun. Vatnsflæðivörn. Þrír spaðar. Sjálfhreinsandi filter. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A+. Þurrkgeta A. Stál.

*Fairy uppþvottaefni fylgir!*

TILBOÐ
**49.995**
VERÐ ÁÐUR 59.995

INDESIT

**Indesit IDCEG45BH**
Tvíátta barkalaus 8 kg þurrkari með rakaskynjara. 112L tromla. 15 stillingar. LCD skjár. Sérkerfi fyrir gallabuxur og íþróttaföt. Vatnstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn.

TILBOÐ
**39.995**
VERÐ ÁÐUR 54.995






12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# TILBOÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI**




## 49"
**Philips 49PUT6401**
VERÐ
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## 55"
**Philips 55PUT6401**
VERÐ
**119.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Einfalt og öflugt**
Tækið er með öflugan örgjörva og öll vinnsla hröð en á sama tíma er tækið einfalt í notkun.

**Android snjallsjónvarp**
Android 5.1 stýrikerfi opnar heim af forritum, leikjum og öðrum möguleikum. Hvort sem á að horfa á háskerpuefni í gegnum Netflix, YouTube eða Kodi, hlusta á Spotify eða finna skemmtilegan leik. Endalausir möguleikar.

**Ambilight baklýsing**
Tækið er með innbyggðri Ambilight baklýsingu, sem hefur verið eitt af aðalsmerkjum Philips síðustu 10 ár. Baklýsingin eykur upplifunina til muna og létt baklýsing fyrir aftan tækið dregur úr augnþreytu. Samkvæmt könnun Philips eru 97% þeirra sem eiga sjónvarp með Ambilight baklýsingu ánægðir með hana.

**Myndgæði**
Philips slakar aldrei á þegar kemur að myndgæðum. Tækið er búið Pixel Plus Ultra HD myndvinnslu með Micro Dimming Pro og 1000Hz Picture Performance Index sem tryggir framúrskarandi myndgæði hvort sem verið er að horfa á myndefni í háskerpu eða útsendingar í venjulegum gæðum.

**Tengimöguleikar**
Tækið er búið þráðlausri nettengingu, 4 HDMI tengjum og 3 USB tengjum með upptökumöguleika. 20w Premium Sound hljóðkerfi og ekkert mál að tengja öflugri heimabíókerfi við tækið.

ambi light 2 · PixelPlus ULTRA HD · MICRO DIMMING PRO · 1000 PICTURE PERFORMANCE INDEX · Cloud GAMING · QuadCore · Google play · NETFLIX 4K

## SLÉTTUJÁRN HÁRBLÁSARAR KRULLUJÁRN
## 25% AFSLÁTTUR




PHILIPS · VIDAL SASSOON · TONI&GUY · REVLON

## SOUS VIDE
## 20% AFSLÁTTUR

Öll SOUS VIDE tæki, vacum pökkunarvélar og pokar á 20% afslætti um helgina.



**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

TÖLVU LISTINN

# OPIÐ ALLA HELGINA

## Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



ASUS

### 512GB SSD OG INTEL i5

30.000 króna afsláttur af þessari aflmiklu fartölvu með ofurhröðum og ristastórum 512GB SSD diski, 8GB vinnsluminni og Intel i5 örgjörva. Glæsilega hönnuð með 15,6" FHD háskerpuskjá. Mikið fyrir peninginn.



-30.000

139.995

VERÐ ÁÐUR 169.995

ASU-F556UADM331T

ASUS

### GTX1070 MEÐ ÞRIGGJA ÁRA ÁBYRGÐ

ASU-STRIXGTX1070O8G

Spilaðu tölvuleikina í alvöru upplausn með þessu 8GB Asus Geforce GTX1070 Strix skjákorti. VR Ready og með innifalinni árs áskrift að Xplit Gamecaster.



-10.000

79.995

VERÐ ÁÐUR 89.995

nextbook

### 8" NEXTBOOK SPJALDTÖLVA

NEX-NX785QC8G

Ótrúlegt verð á þessari vinsælu Nexbook spjaldtölvu sem kemur með fjögurra kjarna örgjörva og myndavél bæði að framan og aftan.



-20%

11.995

VERÐ ÁÐUR 14.995



-5.000

24.995

VERÐ ÁÐUR 29.995

RAZ-RZ2001780100R3G1

### RAZER RIPSAW UPPTÖKUKORT

Streymdu leikjaspilun þinni beint á YouTube eða Twitch með þessu netta upptökukorti með HDMI sem styður allt að 1080 punkta upptöku.



-10.000

39.995

VERÐ ÁÐUR 49.995

STE-61302

### HÁGÆÐA SIBERIA HEYRNARTÓL

Alvöru heyrnartól með hljóðnema fyrir þá sem gera miklar kröfur um gæði bæði fyrir tónlistina og leikina. Virkar bæði með PlayStation, Xbox og PC.



-5.000

19.995

VERÐ ÁÐUR 24.995

WD-BU6Y0030BBK

### 3TB WD VASAFLAKKARI

Traustur og vandaður WD Elements flakkari sem passar í vasa og þarf ekki straumbreyti við heldur einungis USB hleðslu.



## BARA BROT AF FERMINGARTILBOÐUNUM !

# FERMINGARTILBOÐ




ASUS

## SÉRHÖNNUÐ OFURLEIKJAVÉL FYRIR FERMINGARBÖRN

Draumur fermingarbarnsins. Kröftug og öflug borðtölva fyrir skólann og leikina. Fjögurra kjarna Intel Kabylake i5 örgjörvi, 6GB Asus Strix GTX1060 leikjaskjákort með 3 ára ábyrgð og 500GB Samsung EVO SSD diskur. Corsair Graphite 230T turn með rauðum LED viftum, Asus Prime Z270 móðurborð og Corsair aflgjafi.

-30.000

**209.995**

VERÐ ÁÐUR 245.995



## 24" FHD SKJÁR

ASU-VX248H

Öfurþunnur og flottur skjár með HDMI tengi fyrir leikjatölvur, Chromecast eða önnur margmiðlunartæki beint við hann. 1ms. svartimi og innbyggðir hátalarar.

-7.000

**29.995**

VERÐ ÁÐUR 36.995

steelseries

## BAKLÝST LYKLABORÐ Í LEIKINA

STE-64451

Steelseries Apex 300 er sérhannað með stuttu þrýstisviði til þess að gera viðbrögð í leikjum snarpari. Membrane borð með 17 forritanlegum tökkum.



-23%

**9.995**

VERÐ ÁÐUR 12.995



-33%

**9.995**

VERÐ ÁÐUR 14.995

EPS-XP342

## FJÖLNOTA PRENTARI OG SKANNI

Mikil verðlækkun á þessum vinsæla þráðlausa prentara sem skannar, ljósritar og prentar. Notendavænn með LCD skjá fyrir helstu aðgerðir.



-5.000

**24.995**

VERÐ ÁÐUR 29.995

## EXPERT GAMING LEIKJASTÓLL

Þægilegur stóll sem er hannaður fyrir leikjaspilara. Góður bakstuðningur, þykk fóðring, slitsterkt PU leður og fjöldi stillinga.

EL3-160507



-2.000

**14.995**

VERÐ ÁÐUR 16.995

RAZ-RZ0101600100R3G1

## RAZER NAGA HEX V2

Ofurnákvæm leikjamús með 16000dpi 5G Laser Sensor, 14 forritanlegum tökkum, 1000Hz Ultrapolling og 1ms svartíma.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORGI | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

LEIKVANGURINN

# Sambatakturinn sleginn á ný

Krónprins Barcelona, Neymar, er að stíga út úr skugga kóngsins, Lionels Messi. Hann hefur komið Brasilíu á HM í Rússlandi og var maðurinn á bak við kraftaverkið í Katalóníu þegar liðið vann PSG. Á meðan er Messi í fjögurra leikja banni fyrir að móðga aðstoðardómara.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is



Brasilía eru komin á HM í Rússlandi fyrst liða. Sambatakturinn er kominn í liðið og fótboltinn sem liðið spilar minnir á gömlu góðu dagana þegar ekki snerist allt um taktík. Neymar er aðalmaðurinn, er orðinn foringi hópsins og spilar ekki lengur sem ungur, efnilegur, forríkur og dekraður gutti heldur sem heljarmenni. Hann skorar, leggur upp, tekur aukaspyrnur, hornspyrnur, hvetur leikmenn Brasilíu áfram og krefst þess að þeir hlaupi um og opni svæðið fyrir sig. Og viti menn, landslið Brasilíu lítur út eins og lið. Frá markmanni til fremsta manns. Vörnin er sterk, miðjan góð og sóknarlínan er brasilísk sem þýðir að hún er góð. Þetta hefur svo sem allt verið sagt áður en munurinn nú er að það er einhver liðsheild. Það er einhver ára yfir liðinu nú sem hefur ekki verið í mörg ár.

Á meðan eru erkióvinir Brasilíu, Argentína, í alls konar veseni. Lionel Messi var nýverið dæmdur í fjögurra leikja bann fyrir að móðga aðstoðardómara. Hann kom ekki við hann, bara einfaldlega móðgaði starfsmann leiksins. Og aðstoðardómarinn varð ekki fyrir neinu gríðarlegu áfalli því Messi fékk ekki rautt eða neitt slíkt. Dómaratríóið skrifaði skýrslu eftir leikinn og komst þá að því að svona segi menn ekki! Skýrslan barst á borð FIFA sem dæmdi Messi í fjögurra leikja bann fimm klukkustundum fyrir leik gegn Bólivíu í undankeppni HM. Bannið er auðvitað algjört bull og samsæriskenningarnar fljúga um veraldarvefinn enda margt sagt í hita leiksins sem er mun verra.



Lionel Messi segir nokkur vel valin orð við aðstoðardómara og fékk fyrir það fjögurra leikja bann. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Argentínumenn eru í miklu basli í undankeppni HM og eiga á hættu að missa af sæti í lokakeppninni en þeir töpuðu síðasta leik 2-0 fyrir Bólivíu.

Í undankeppninni hefur Argentína spilað sjö leiki án Messi og unnið einn, gert fjögur jafntefli og tapað tveimur. Með Messi er liðið búið að spila sex leiki og vinna fimm þeirra.

> STUÐNINGUR MESSI VIÐ MIG HJÁLPAÐI MÉR AÐ NÁ ÁTTUM OG STANDA MIG BETUR.

**Neymar steig upp**

Þegar Barcelona þurfti á kraftaverki að halda gegn PSG gekk Neymar fram fyrir skjöldu en ekki Messi. Það var fyrst og fremst Brassinn sem kveikti vonarneista þessar síðustu mínútur í leiknum og sýndi að hann er að stíga út úr skugga Messi og á góðri leið með að sanna sig sem leikmaður sem gæti skákað Ronaldo og Messi sem besti leikmaður heims. Sá síðasti sem gerði það var Brasilíumaðurinn Kaka fyrir áratug.

Ekki það að Messi sé eitthvað sérstaklega mikið að dala. Hann er enn í sérflokki en tíu ár á toppnum eru langur tími. Og Neymar er ekki búinn að ná þeim félögum en hann er svo sannarlega á góðri leið.

Messi er enn kóngurinn í Barcelona og argentínska landsliðinu. Hann er jú búinn að skora yfir 40 mörk átta tímabil í röð sem er galin tölfræði.

En undanfarið hefur ímynd Messi verið að breytast. Það eru alltaf að berast litlar fréttir um að Messi sé jafnvel að hugsa sér til hreyfings og Barcelona sé orðið þreytt á að sitja við samningaborðið. Skattsvik hans voru fyrirferðarmikil, góðgerðarleikirnir hans, Messi og vinir, voru notaðir sem leppur fyrir kólumbísk eiturlyfjasamtök og enginn peningur rann til góðgerðarmála og þá mætti hann ekki á síðustu verðlaunaafhendingu FIFA, þar sem Ronaldo vann sinn þriðja Ballon d'Or bolta.

Dómstóll í Barcelona vísaði reyndar ákærunni varðandi góðgerðarleikina frá og Messi skipulagði þá ekki sjálfur. Faðir hans, Jorge, hafði tekið þátt í því en Lionel tók bara þátt í leiknum. En hann var yfirheyrður eins og Javier Mascherano, José Pinto og Daniel Alves.

**Messi og kókið**

Þá er sagan af samskiptum Messi og Pep Guardiola enn lífsseig en þeim var ekki vel til vina. Þegar Guardiola hætti og hélt sinn síðasta blaðamannafund komu allir leikmenn liðsins nema Messi. Blaðamenn í Barcelona skrifuðu lengi að ástæðan fyrir því að Guardiola hefði hætt væru kóngastælar Messi.

Frægt er þegar Hans Backe, núverandi landsliðsþjálfari Finnlands, greindi frá því að á fyrstu æfingu Guardiola með liðið hefði Messi staðið upp í miðri ræðu og náð sér í kókdós. Guardiola hafi þá bannað honum að opna hana enda stutt í æfingu en Messi hafi horft á hann, litið á dósina og opnað. Fengið sér stóran sopa í kjölfarið. Backe var aðstoðarþjálfari Mexíkó og aðalþjálfari New York Red Bulls þar sem hann stýrði nokkrum fyrrverandi leikmönnum Barcelona. Hvort sagan er sönn er þó ekki sannað en góð er hún.

Á meðan ímynd Messi er á leiðinni niður er ímynd Neymars á leiðinni upp. Það voru ekki margir tilbúnir að taka hann alvarlega fyrst þegar hann mætti á Nývang.

„Ég átti í erfiðleikum þegar ég kom fyrst til Barcelona,“ sagði Neymar fyrir leik Brasilíu og Paragvæ í vikunni. „En þá kom sá besti í heimi og sagði mér að slaka á. Stuðningur Messi við mig hjálpaði mér að ná áttum og standa mig betur.“ Aðspurður hvort þeir væru vinir sagði Neymar svo vera og það væri ekki leiðinlegt að vera vinur goðsagnar æsku sinnar. Lionel Messi sendi frá sér stutta yfirlýsingu í vikunni sem argentínska blaðið La Nación birti.

Margir í kringum Messi hafa fordæmt bannið enda ekki oft sem menn fá svo langt bann eftir orðaskipti.

# Fólk

LAUGARDAGUR 1. APRÍL 2017



## Helgin

**Stína Ágústsdóttir söngkona býr í Stokkhólmi. Hún er á leiðinni til landsins með fríðu föruneyti, þar á meðal sænsku gítarhetjunni Max Schultz.**

helgin →4



# Svefntruflanir úr sögunni

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna endurnærðara. Lífsgæðin batna til muna. →2




## Melissa Dream

Sítrónumelis (Lemon balm) taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B vítamín, sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

### Laus við fótaóeirð og sef betur

Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka.
Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.
***Sigríður Helgadóttir***

Ég mæli eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn.
Það er líka góð tilfinning við að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur
***Lísa Geirsdóttir***

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Nánari upplýsingar á **www.icecare.is** og á Facebook Icecareþinheilsa












**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Sofðu betur með Melissa Dream

Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hjálpaði Melissa Dream mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“


Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA




- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

## Finnur ekki fyrir fótaóeirð

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream og ákvað að prófa.“ Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og finn ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við töflurnar er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

## Ekkert hefur reynst eins vel

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“ Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúrulegt lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

# Börnin fræðast um grjótið

Er hægt að búa til bolla úr grjóti? er yfirskrift smiðju fyrir krakka sem haldin verður á Kjarvalsstöðum á morgun, sunnudaginn 2. apríl, klukkan 14.

Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur stýrir smiðjunni sem ætluð er krökkum á aldrinum 8 til 12 ára í fylgd með fullorðnum. Smiðjan er haldin í tengslum við sýninguna Dæmisögur – vöruhönnun á 21. öld á Kjarvalsstöðum.

Snæbjörn sýnir mismunandi grjóttegundir og segir frá, talar um jarðfræði Íslands og ber saman við önnur lönd. Þá sýnir Snæbjörn krökkunum mismunandi leirtegundir og leyfir þeim að meðhöndla leirinn og móta. Auk þess að vera jarðfræðingur kennir Snæbjörn í vísindasmiðju Háskólans og Háskóla unga fólksins.

Verkefni Snæbjörns og Brynhildar Pétursdóttur vöruhönnuðar og Ólafar Erlu Bjarnadóttur keramikers, Leitin að íslensku postulíni, er sýnt á sýningunni sem nú stendur í vestursal Kjarvalsstaða.

Börn eru beðin um að mæta í fötum sem mega óhreinkast. Börn fá frítt í smiðjuna en aðgöngumiði á safnið gildir fyrir fullorðna.


Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur stýrir smiðju fyrir krakka á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn. Hann sýnir mismunandi grjóttegundir og segir frá.

# NÝJAR VÖRUR - KOMDU Í HEIMSÓKN



30X40 - 4.490 // 50X70 - 7.990 // 15X15 Í RAMMA 3.490







A5 - 4.790 // A4 - 6.790 // A3 8.990 // A2 11.990



hrím

www.hrim.is



Laugavegi 25 / Laugavegi 32 / Kringlunni
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500



„Okkur hefur verið fáránlega vel tekið í Svíþjóð," segir Stína.

# Syngur með gítarhetju

Stína Ágústsdóttir söngkona býr í Stokkhólmi en er á leiðinni til landsins með fríðu föruneyti að halda tónleika, þar á meðal gítarhetjunni Max Schultz.




Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



**Umsóknarfrestur**
7. apríl 2017

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND

molta

## Starfsmaður óskast

**Starfsmaður óskast í jarðgerðarstöð Moltu ehf.**

Molta ehf. er jarðgerðarstöð í Eyjafjarðarsveit sem jarðgerir lífrænan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum. Nú leitum við eftir dugmiklum einstaklingi í sumarafleysingar með möguleika á framtíðarstarfi. Um er að ræða fjölbreytt starf sem felur í sér m.a. móttöku, innmötun og blöndun hráefna, eftirlit með vinnslu og búnaði, ásamt viðhaldi tækja.

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf eða vinnuvélapróf er kostur
- Reynsla af vélaviðgerðum er kostur
- Iðnmenntun sem að nýtist í starfi er kostur
- Sterk öryggis- og umgengnisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi, áreiðanleiki og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017.**
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á kristjan@molta.is
Nánari upplýsingar veitir Birgir Stefánsson (vaktststjóri) í síma: 863 7405 og Kristján Ólafsson (framkvæmdastjóri) í síma: 844 1771.



## VANTAR ÞIG VINNU?

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustuglöðum einstaklingi í 100% sölustarf sem getur hafið störf sem fyrst.

Óskum einnig eftir einstaklingi í sumarafleysingar.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: **matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu

**Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi**

# Við leitum að kraftmiklum og framsæknum einstaklingum

Sjávarútvegur er öflug þekkingargrein þar sem eftirspurn er eftir fólki með fjölbreytta reynslu, menntun og bakgrunn. Forsenda þess að sjávarútvegur megi eflast og þróast er að Íslendingar þekki þessa fjölþættu atvinnugrein og þau tækifæri sem sjávarútvegur býður upp á.

## Umsjónarmaður kynningarmála

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á upplýsinga- og kynningarmálum SFS á innlendum og erlendum vettvangi
- Umsjón með vef- og samfélagsmiðlum
- Umsjón með vinnslu á efni fyrir prent- og margmiðlun
- Skipulagning ráðstefna og funda á vegum SFS

**Menntun og hæfni**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskipta- eða markaðsfræða
- Reynsla af fjöl- og/eða margmiðlun er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum
- Færni í markvissri og greinagóðri framsetningu upplýsinga í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar

## Lögfræðingur

**Helstu verkefni**
- Lögfræðileg ráðgjöf, s.s. á sviði fiskveiðistjórnunar, umhverfismála og vinnumarkaðsmála
- Samningagerð, þ.m.t. kjarasamningar
- Vinnsla álitsgerða og umsagna um lagafrumvörp og reglugerðir
- Alþjóðlegt samstarf á sviði vinnuréttarmála tengdum sjávarútvegi
- Aðstoð við félagsmenn

**Menntun og hæfni**
- Lögfræðimenntun BA og ML eða embættispróf í lögfræði - lögmannsréttindi æskileg
- Að lágmarki 3 ára reynsla af lögfræðistörfum – reynsla af lögmennsku kostur
- Þekking á kjarasamningum, vinnurétti, stjórnsýslurétti og lagaumhverfi sjávarútvegs
- Samningatækni
- Færni í markvissri og greinagóðri framsetningu upplýsinga í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar

## Hagfræðingur / Sjávarútvegsfræðingur

**Helstu verkefni**
- Skrif úttekta, skýrslna, greina og álita sem tengjast efnahagslegum þáttum sjávarútvegs
- Ytri samskipti og tengslamyndun við félagsmenn SFS og hagsmunaaðila í sjávarútvegi
- Vinna tengd umsögnum lagafrumvarpa og reglugerða

**Menntun og hæfni**
- Háskólapróf í hagfræði eða sjávarútvegsfræðum
- Góð starfsreynsla
- Góð greiningarhæfni nauðsynleg
- Áhugi á þjóðmálum og grunnþekking á rekstrarumhverfi sjávarútvegs
- Færni í markvissri og greinagóðri framsetningu upplýsinga í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar

Umsóknir skulu berast á vef SFS, www.sfs.is, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, í síma 591 0300.

Nánari upplýsingar um starfsemi SFS má nálgast á www.sfs.is.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA




Booking.com is the planet's #1 accommodation site. With over one million properties on our platform we continue to deliver on our promise to customers that no matter who you are or what you're looking for, we've got that one-in-a-million stay that's just right for you.

As we continue to scale at incredible speed, we are actively recruiting for our account management team.

Find your next career destination at Booking.com

workingatbooking.com Apply

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

GUNNARS 1960

## SUMARVINNA

Óskum eftir duglegum bílstjóra/lagermanni í sumarvinnu. Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga. Stundvísi og góð íslenskukunnátta skilyrði.

**Umsókn og ferilsskrá sendist á henry@gunnars.is**

GRINDAVÍKURBÆR

## Grindavíkurbær Skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur

Staða skólastjóra við Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 6. apríl næstkomandi.
Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar ***http://www.grindavik.is***

## Fasteignasalar

Við á Fasteignasölunni Bæ auglýsum eftir löggiltum fasteignasölum eða nemum í löggildinganámi fasteignasala til starfa. Góður vinnustaður með frábærri starfsaðstöðu.
Árangurstengd laun.
Við erum til húsa í Ögurhvarfi 6, Kópavogi og útibú á Selfossi.

**Nánari upplýsingar veitir Guðbergur Guðbergsson, löggiltur fasteignasali, s 893-6001, beggi@fasteignasalan.is**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

## Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?

HAUKAR

**Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?**
Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að ráða konu til starfa í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum.
Um vaktavinnu er að ræða.
Æskilegt er að umsækjendur séu liprir, reglusamir og tilgreini meðmælendur í umsókn.
**Umsóknir sendist á netfangið magnus@haukar.is**

VAKA

## Vaka hf. óskar eftir sumarstarfsmanni

**Bílstjóri**

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

**Möguleiki á framtíðarstarfi**
Umsóknafrestur er til **9. apríl 2017**

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is merkt: Bílstjóri – Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar




# *Erlend viðskipti*

Kvika leitar eftir öflugum og reynslumiklum einstaklingi til starfa í bakvinnslu erlendra viðskipta. Starfið felst í daglegri umsjón með erlendum greiðslum, afstemmingum og skýrslugerð. Starfið felur einnig í sér mikil samskipti við erlendar bankastofnanir.

**Helstu verkefni**

- Afgreiðsla á erlendum greiðslum
- Afgreiðsla á framvirkum samningum og skiptasamningum
- Utanumhald og eftirlit með stöðu á erlendum reikningum
- Erlendar ábyrgðir og innheimtur
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila

**Hæfni og þekking**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærilegt
- Þekking á innlendum og erlendum uppgjörskerfum nauðsynleg
- Haldgóð þekking og reynsla af Swift, greiðslu- og verðbréfaskeytum, nauðsynleg
- Þekking á Vog og Libra Loan æskileg
- Mjög gott vald á Excel og ýmiskonar greiningarvinnu
- Mikilvægt að viðkomandi sé töluglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Þórisdóttir, markaðs- og mannauðsstjóri Kviku á hildur@kvika.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.kvika.is/starfsumsokn eða senda umsóknir á starf@kvika.is.

KVIKA



# VERKEFNISSTJÓRI

## Á VERKEFNASTOFU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Laust er til umsóknar fullt starf verkefnisstjóra alþjóðlegra rannsóknarverkefna á Verkefnastofu. Verkefnisstjórinn verður hluti af sameiginlegri Verkefnastofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hlutverk stofunnar er að aðstoða rannsakendur við verkefnisstjórnun alþjóðlegra rannsóknarverkefna. Starfið er fjölbreytt og spennandi. Það krefst skipulagshæfni og leikni í mannlegum samskiptum á alþjóðavísu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf, framhaldsnám er kostur
- Menntun eða reynsla í verkefnisstjórnun
- IPMA vottun eða sambærilegt er æskilegt
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi og jákvæðni
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Æskilegt er að viðkomandi kunni skil á tækjum og tólum verkefnastjórnunar og reikningshaldi
- Þekking á helstu rannsóknarsjóðum (FP7, H2020, Nordforsk, NIH, o.s.frv.) er kostur

**Starfssvið:**

- Fagleg verkefnisstjórnun alþjóðlegra rannsóknarverkefna og/eða verkefnasafna
- Þróun og mótun Verkefnastofu
- Samskipti við þátttakendur í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum
- Yfirsýn yfir rekstrarstöðu rannsóknarverkefna

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2017.**
Sótt er um starfið hér: **www.hi.is/laus_storf**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

## Álfhólsskóli í Kópavogi auglýsir eftir deildarstjóra sérúrræða

Deildarstjóri er millistjórnandi sem hefur mannaforráð og stýrir hluta af skólastarfinu í samráði við skólastjóra. Hann fylgist með nýjungum á svið kennslu og er leiðandi í faglegu starfi. Hann hefur umsjón með sérúræðum nemenda í samráði við kennara og skólastjórnendur og stýrir teymisfundum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Viðbótarmenntun í sérkennslufræðum skilyrði
- Reynsla af sérkennslu æskileg
- Góð þekking á stoðþjónustu
- Samskipta- og skipulagshæfni

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2017.
Nánari upplýsingar veitir Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri í **sigrunb@kopavogur.is** eða í síma 4413800.
Einungis er hægt að sækja um starfið í gegnum heimasíðu Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is**

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Við leitum að hressum ferðafélögum með ríka þjónustulund í hópinn.
Í boði eru 100% störf í vaktavinnu, hlutastörf og sumarstörf.

# HÓPFERÐABÍLSTJÓRI

Ferðin byrjar hér
Komdu með!

**STARFSSVIÐ**

- Akstur og þjónusta við farþega.
- Umsjón og umhirða bifreiða.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

**MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR**

- Aukin ökuréttindi D.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskukunnátta.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Þór Bínó Friðriksson, deildarstjóri stjórnstöðvar, á netfanginu bino@re.is.

Kynnisferðir bjóða upp á að fjármagna meirapróf til þeirra umsækjenda sem ráðnir verða og hafa ekki meirapróf, gegn því að starfa í a.m.k. 2 ár hjá Kynnisferðum.



Tekið er á móti umsóknum rafrænt á **jobs.re.is** ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd. Nánari hæfniskröfur starfa er að finna á umsóknarsíðu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 450 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 9. APRÍL 2017.**

VERT

Kynnisferðir – Reykjavik Excursions
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík
580 5400 • www.re.is

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

## Verkefnastjóri á alþjóðasviði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir starf verkefnisstjóra á alþjóðasviði stofnunarinnar laust til umsóknar. Um er að ræða 75% ótímabundið starf.

Alþjóðasvið stofnunarinnar vinnur að því að efla rannsóknir og kynningu á íslenskri menningu og auka tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna. Meðal helstu verkefna er kynning íslenskrar tungu og menningar, skipulagning ráðstefna og námskeiða á sviði íslenskra fræða, umsýsla styrkja og alþjóðasamskipti.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á fræðasviðum stofnunarinnar
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Reynsla af vefstjórn,
- Kunnátta í ensku og einu skandinavísku máli

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á netfangið sigurborg@hi.is eða til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík merkt: Starfsumsókn.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.** Menntun þarf að staðfesta með afriti af prófskírteini. Þá þarf að láta fylgja með nöfn, símanúmer og netföng tveggja umsagnaraðila. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar hjá stofnuninni í síma 545 4010.
Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni: **www.arnastofnun.is**

# Sól og olía
## Sumarstörf hjá Skeljungi

Vilt þú vinna með okkur í sumar? Skeljungur sinnir orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja hratt og örugglega í sátt við umhverfið. Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um þessi fjölbreyttu og skemmtilegu sumarstörf.

### Olíubílstjórar

Um er að ræða störf á rekstrarsviði í Örfirisey og á Eskifirði. Við leitum að dugmiklu fólki til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu eldsneytis til viðskiptavina Skeljungs.

**Hæfniskröfur:**
- CE meirapróf
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn*
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og ögið vinnubrögð

*Skeljungur greiðir ADR námskeið fyrir þá sem ekki hafa þau réttindi.

**Ráðningartími er frá maí til september.**

*Nánari upplýsingar veitir:*
**Pétur Gísli Jónsson dreifingarstjóri**
444 3059 / pgj@skeljungur.is

### Starf í þjónustuveri

Helstu verkefni eru þjónusta í gegnum síma og tölvupóst, móttaka og úrvinnsla vörupantana, almenn upplýsingagjöf, ráðgjöf um vörur fyrirtækisins og afgreiðsla umsókna viðskiptakorta og lykla.

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund
- Góð almenn tækni– og tölvukunnátta
- Kunnátta á Navision er kostur

**Ráðningartími er frá apríl/maí til ágúst.**

*Nánari upplýsingar veitir:*
**Sigurður Sigurbjörnsson þjónustustjóri**
444 3051 / ssi@skeljungur.is

### Störf á fjármálasviði

Viðkomandi munu starfa við skráningu fjárhagsbókhalds, afstemmingar, innheimtu og önnur störf sem tilheyra fjármálasviði.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Jákvæðni, frumkvæði og samskiptahæfni
- Kunnátta á Navision er kostur

**Ráðningartími er frá júní til ágúst.**

*Nánari upplýsingar veita:*
**Ottó Leifsson fjármálastjóri**
444 3047 / ol@skeljungur.is
**Inga Margrét aðalbókari**
444 3049 / ims@skeljungur.is

### Bensínafgreiðslufólk

Um er að ræða fullt starf á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustulund, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum eru skilyrði.

**Ráðningartími fyrir sumarstörf er frá maí til september en einnig leitum við að fólki í framtíðarstörf.**

*Nánari upplýsingar veitir:*
**Logi L. Hilmarsson, rekstrarstjóri stöðva**
444 3075 / llh@skeljungur.is

### Vaktmenn í olíustöð

Viðkomandi munu vakta olíustöð á rekstrarsviði í Örfirisey og aðstoða við móttöku birgðaskipa, ásamt öðrum tilheyrandi verkefnum.

**Ráðningartími er frá maí til september og unnið er á vöktum.**

*Nánari upplýsingar veitir:*
**Bergsteinn Hjörleifsson, forstöðumaður tækniþjónustu**
444 3066 / bh@skeljungur.is

Skeljungur hf. | Borgartún 26 | 105 Reykjavík | 444 3000 | skeljungur@skeljungur.is | skeljungur.is

Skeljungur

# ÍSAFJARÐARBÆR

## Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.
Í Ísafjarðarbæ búa um 3700 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

### Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Grunnskólinn á Ísafirði**

- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Kennari í tæknimennt 80%
- Kennari í myndmennt 100%
- Deildarstjóri í sérkennslu 50%
- Sérkennari 50-100%
- Danskennari 50%
- Tónmenntakennari 50%

**Grunnskólinn á Suðureyri**

- Grunnskólakennarar 50-100%

**Grunnskóli Önundarfjarðar**

- Grunnskólakennarar 50-100%

**Grunnskólinn á Þingeyri**

- Grunnskólakennarar 60-100%

**Leikskólinn Grænigarður Flateyri**

- Deildarstjóri 100%
- Leikskólakennari 100%

**Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri**

- Leikskólakennari 100%

**Leikskólinn Sólborg Ísafirði**

- Leikskólakennarar 100%

**Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri**

- Leikskólakennari 100%

***Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.isafjordur.is.***

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Lifandi fyrirtæki með öflugan hóp starfsmanna leitar að nýjum liðsmanni

Forlagið leitar að drífandi sölumanni til að heimsækja og sinna samskiptum við sölustaði í Reykjavík og nágrenni.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og vera einstaklega lipur í samskiptum. Bílpróf er nauðsynlegt.

Aðrar hæfniskröfur: góð almenn tölvukunnátta, skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.

Vinsamlegast sendið umsóknina á **atvinna@forlagid.is** fyrir 14. apríl nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# VEGNA AUKINNA UMSVIFA
# BÆTUM VIÐ Í HÓPINN





ENNEMM / SÍA / NM81224

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í VERKSTÆÐISMÓTTÖKU

Við leitum að þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.

Vinnutími er mánudaga til föstudaga frá kl. 07.45-18.00.

**Hæfniskröfur:**

- Mikill áhugi á bílum
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur kunnáttu og eflir þekkingu starfsmanna á nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl. nk.**

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, anna@bl.is

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA

B|L

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

# VÖRUMERKJASTJÓRI

Halldór Jónsson ehf óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa í verslunardeild. Starfið felur í sér stjórnun á þekktum vörumerkjum sem eru til sölu í stórmörkuðum og apótekum.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á markaðsmálum og fjölbreyttum samskiptum við fólk.

Viðkomandi sinnir m.a. erlendum og innlendum viðskiptasamböndum, sér um áætlanagerð, markaðssetningu og fleira.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða sambærileg gráða
- Reynsla af markaðs- og sölumálum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, jákvæðni, heiðarleiki og frumkvæði

Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá óskast send á netfangið **hj@hj.is** fyrir föstudaginn **12. apríl** merkt: Umsókn vörumerkjastjóri. Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

HALLDÓR JÓNSSON

fagtækni

## Rafvirkjar/Tæknimenn/Verkstjóri

Fagtækni hf leitar eftir rafvirkjum/tæknimönnum til starfa sem og verkstjóra til að stýra 3-5 manna hópum rafvirkja. Góð verkefnastaða og mikil vinna framundan. Framtíðarstörf í boði fyrir rétt fólk. Laun samkvæmt samkomulagi. Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið fagtaekni@fagtaekni.is eða hafið samband í síma 6606904 (Eiríkur)

Fagtækni hf er framsækið fyrirtæki sem sinnir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á breiðu sviði rafkerfa. Einnig sækir Fagtækni hf mikið á útboðsmarkað samhliða sterkum aðalverktökum sem ávallt hefur verið gott samstarf við. Starfsemi Fagtækni hf spannar allt frá flóknum tölvu-, smápsennu- og stýrikerfum yfir í lausnir fyrir stóriðju- og skiparafkerfi svo störfin eru fjölbreytt. Fagtækni hf leitast ávallt við að vera í fremstu röð þegar kemur að tækninýjungum sem koma starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum til góða.



Luxaflex®

## *Uppsetning á gluggatjöldum*

***Nútíma gluggatjöld*** *óskar eftir að ráða starfsmann í uppsetningu á gluggatjöldum*

*Við leitum að laghentum traustum einstaklingi*

*Umsóknir sendist á póstfang ok@non.is*

*Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál*

Nútíma

*Suðurlandsbraut 6*
*www.nutima.is*



FB FÓÐURBLANDAN

## Vélstjóri/vélvirki óskast í Fóðurblönduna

**Fóðurblandan óskar eftir vélstjóra/vélvirkja í viðhaldsteymi fyrirtækisins.**

**Helstu verkefni:**
Fyrirbyggjandi viðhald skv. viðhaldsáætlunum

- Þátttaka í gerð viðhaldsáætlana
- Almennar viðgerðir á vélbúnaði
- Uppsetning á vélbúnaði
- Samskipti við undirverktaka í samstarfi við leiðtoga búnaðar og viðhalds
- Þátttaka í stjórnun varahlutalagers
- Staðgengill Leiðtoga búnaðar og viðhalds
- Annað tilfallandi

**Hæfniskröfur:**

- Vélstjóra / vélvirkjamenntun eða sambærilegt
- Yfir 5 ára reynsla í viðhaldsvinnu búnaðar
- Reglusemi og góð ástundun
- Geta unnið sjálfstætt og í teymi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Bílpróf

**Nánari upplýsingar veitir Daði Hafþórsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, dadi@fodur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2017.**

Fóðurblandan er rótgróið og öflugt framleiðslu- og þjónustu- fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á áburði og fóðri fyrir landbúnað, fiskeldi og húsdýr. Því til viðbótar selur Fóðurblandan ýmis konar rekstrarvöru fyrir landbúnað s.s. girðingar, girðingarefni og smávöru. Fóðurblandan rekur fjórar verslanir, á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli og Egilsstöðum sem og öfluga vefverslun. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og eitt það öflugasta í þjónustu við bændur hér á landi.
Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.

FB FÓÐURBLANDAN HF.



## Starfsmaður á gæða- og rannsóknardeild óskast til starfa

Steypustöðin óskar eftir starfsmanni á gæða- og rannsóknardeild félagsins. Starfið fellst í sýnatökum og mælingum bæði á rannsóknarstofu og á verkstað. Gerð er krafa um að viðkomandi sé nákvæmur og töluglöggur, hafi almenna tölvuþekkingu, geti unnið sjálfstætt og tilbúinn að vinna nokkra yfirvinnu þegar svo ber undir. Mikil vinna í boði. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til 12 apríl.**

Tekið er á móti umsóknum á netfangið sandra@steypustodin.is

Öllum umsóknum verður svarað að umsóknarfresti liðnum

STEYPUSTÖÐIN





## Vilt þú gæta auðlindanna?

### Sérfræðingur í jarðvísindum

Þróunarsvið OR leitar að sérfræðingi í jarðvísindum til liðs við öflugan hóp sem hefur það hlutverk að horfa til framtíðar í starfsemi samstæðunnar. Innan samstæðunnar starfa ásamt móðurfélagi, Orka náttúrunnar, Veitur og Gagnaveita Reykjavíkur. Við leitum að manneskju með góða samstarfshæfni, frumkvæði og hæfileika til að vinna í þverfaglegum teymum og ýta verkefnum áfram.

Starfið er fjölbreytt og felst meðal annars í verkefnastjórn og þátttöku í auðlindarannsóknum, umsjón og úrvinnslu aflmælinga og ráðgjöf varðandi orkuöflun og niðurdælingu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í jarðvísindum eða skyldum greinum
- Þekking á jarðhita og eftirliti með vinnslusvæðum
- Reynsla af borverkefnum æskileg

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016 JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

OR Orkuveita Reykjavíkur

blómaval

# GARÐYRKJU-FRÆÐINGUR



**Blómaval í Skútuvogi leitar að duglegum einstaklingi til að sinna fjölbreyttu og skemmtilegu starfi.**

Starfið felur m.a. í sér ráðgjöf, sölu og þjónustu við viðskiptavini, vöruframsetningu, útstillingar og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur
- Menntun eða haldgóð reynsla af garðyrkju nauðsynleg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Metnaður og rík þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknir sendast á netfangið atvinna@husa.is fyrir 12. apríl n.k.

**HRAFNISTA** REYKJAVÍK REYKJANESBÆR



# Laus störf á Hrafnistu í sumar

## Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunar- og læknanemar

Getum bætt við hjúkrunarfræðingum, hjúkrunar- og læknanemum í okkar frábæra starfsmannahóp á **Hrafnistu Reykjavík** og **Reykjanesbæ**. Starfshlutfall er samkomulag.

Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Möguleiki er á gistingu fyrir þá sem ráða sig á Hrafnistu í Reykjanesbæ.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðingar þurfa að hafa íslenskt hjúkrunarleyfi. Nemar skila inn námsframvindu.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót.

Nánari upplýsingar gefa Sigrún Stefánsdóttir, forstöðumaður Hrafnistu Reykjavík, í síma 664-9400 (sigrun.stefansdottir@hrafnista.is) og Þuríður Elísdóttir, forstöðumaður Hrafnistu Reykjanesbæ, í síma 664-9587 (thuridur.elisdottir@hrafnista.is). Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt með því að fylla út umsóknarform á www.fastradningar.is.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

**Óskað er eftir aðila til að keyra Benz Sprinter rútu um helgar í föstum túrum.**
Um gæti verið að ræða annan eða báða helgardagana. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sé akandi leiðsögumaður. Leitað er eftir aðila með lipra framkomu sem á auðvelt með samskipti við fólk.

**Áhugasamir sendi inn umsókn á box@frett.is merkt *„Bílstjóri-0104"***

Sjálfsbjargar HEIMILIÐ
HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARÍBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ



## Viltu vinna hjá Sjálfsbjargarheimilinu í sumar?

**Ertu sérhæfður starfsmaður, nemandi á heilbrigðissviði eða einstaklingur sem vilt breyta til?**

Við leitum eftir starfsmönnum til aðhlynningarstarfa í sumar. Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf eða hlutastarf, unnið er aðra hvora helgi. Einnig vantar starfsfólk í hlutastarf í eldhús frá kl. 17-20, unnið er í 7 daga og síðan 7 daga frí. Nauðsynlegt er að umsækjendur tali íslensku. Við erum sveigjanleg og komum til móts við þig. Hafðu samband við Guðrúnu Erlu Gunnarsdóttur hjúkrunarforstjóra í síma 5500330 eða gudrun@sbh.is, sem allra fyrst.

*Sjálfsbjargarheimilið rekur búsetuþjónustu og fleiri starfsemisþætti í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, 105 R. Sjálfsbjargarheimilið hlaut útnefninguna Stofnun ársins 2014 og hafði þar áður verið valin fjórum sinnum sem fyrirmyndarstofnun af SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu.*



## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi og stöður kennara á elsta stigi frá og með næsta hausti. Meðal kennslugreina á elsta stigi eru stærðfræði og tungumál.

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum eru um 640 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2017 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2017.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

***Skólastjóri***

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## Yfirmaður eldhúss HSN á Sauðárkróki

Yfirmaður eldhúss HSN á Sauðárkróki
HSN á Sauðárkróki leitar að matreiðslumanni, matreiðslumeistara eða starfsmann með mikla reynslu úr mötuneytum til starfa frá 1. júní eða eftir nánara samkomulagi.

Starfið er opið, skemmtilegt og býður upp á að innleiða nýjungar. Nánari upplýsingar um starfið er að finna inn á www.starfatorg.is eða á www.hsn.is undir laus störf. Starfshlutfall er 100% - Umsóknarfrestur er til og með 18.04.2017

**Nánari upplýsingar veitir:**
Herdís Klausen - herdis.klausen@hsn.is - 891 9171
Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750

Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 1. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 520 talsins. Heildarvelta HSN er um 5,4 milljarðar króna.

## Bókari óskast í **100%** starf

**World Class óskar eftir öflugum bókara til starfa á skrifstofu fyrirtækisins í Laugum. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, afstemmingar, gerð reikninga og önnur tilfallandi verkefni.**

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af færslu bókhalds
- Viðurkenndur bókari er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision bókhaldskerfi er kostur
- Nákvæmni í starfi og öguð vinnubrögð
- Samskiptafærni og jákvæðni

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **umsoknir@worldclass.is**
Umsóknarfrestur er til 18. apríl.

World Class ICELAND

CURIO

## Okkur vantar fleiri í liðið okkar

**Curio ehf í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:**

**Tæknimenn í samsetningu, prófanir og þjónustu á vélum okkar**
**Hæfniskröfur:**
Sveinspróf, eða góð reynsla í málmiðnaðargreinum eða vélaviðhaldi, geta til að starfa í hópi, sem og sjálfstætt.

**Iðnverkamenn í framleiðslu íhluta Curio véla**
**Hæfniskröfur:** Starfsreynsla úr málmiðnaði, reynsla af ryðfrírri smíði og geta til að starfa í hóp, sem og sjálfstætt.

Gerð er krafa um íslenskukunnáttu, stundvísi og vandvirkni í störfum. Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur.
Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi, sanngjörn laun og krefjandi en jafnframt skemmtilega vinnu.

Vinsamlegast skilið inn umsókn og ferilskrá á rafrænu formi til: steinmar@curio.is

**Allar nánari upplýsingar veitir Steinmar í síma 892 9865**
**Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2017**

***Curio ehf er framsækið fyrirtæki í framleiðslu fiskvinnsluvéla fyrir innlendan og erlendan markað. Við smíðum okkar vélar frá grunni; allt frá smæstu íhlutum til þeirra stærstu. Hjá okkur eru lausnirnar aðalatriði, ekki vandamálin.***

# Spennandi starf hjá Samgöngustofu



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-0890

## Eftirlitsmaður flugvalla

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann flugvalla á mannvirkja- og leiðsögusviði stofnunarinnar**. Starfið felst í vottun, úttektum og eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til rekstrus flugvalla ásamt öðrum verkefnum tengdum öryggi í flugi og annarri sérfræðivinnu í málaflokknum. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á tæknisviði sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tæknifræði, eða reynsla af tæknimálum tengdum flugvallarrekstri eða reynsla af flugi
- Þekking á gæðakerfum og reynsla á því sviði er kostur
- Þekking á öryggisstjórnarkerfum (SMS) er kostur
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum til flugvalla er kostur
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Góð Word og Excel kunnátta
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi.**
**Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

**Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2017**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á vef stofnunarinnar, **www.samgongustofa.is**.

Samgöngustofa

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að ræka árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# ERT ÞÚ ELEVEN?

**Eleven Experience er alþjóðlegt ferðaþjónustufyrirtæki sem leitast við að veita viðskiptavinum sínum einstaka og persónulega þjónustu.** Eleven býður upp á lúxus gistingu á heimsmælikvarða og skipuleggur ógleymanlegar ævintýraferðir og upplifanir sérsniðnar að óskum hvers og eins.

**Eleven Experience** hóf rekstur á jörðinni Deplum í Skagafirði í apríl 2016. Deplar eru gamalt bóndabýli sem búið er að breyta í lúxus gistiaðstöðu með 13 svítum. Á Deplum er fullbúið eldhús, tveir barir, heilsulind o.fl.
**Eleven Experience** á Íslandi leitar nú að starfsmönnum fyrir Depla. Um er að ræða spennandi og krefjandi störf með mikla möguleika og tækifæri fyrir réttu manneskjurnar.



## LEIÐSÖGUMENN

**HELSTU VERKEFNI:**

Sinna leiðsögn í ferðum á vegum Eleven Experience
Tryggja ánægju gesta
Meta aðstæður og aðlaga ferðir eftir því
Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR:**

Menntun í leiðsögn
Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Þekking á Tröllaskaga og Skagafirði er mikill kostur
Mikil skipulagshæfni og sveigjanleiki í starfi
Þekking og kunnátta á Microsoft Office
Rík þjónustulund

**Frekari upplýsingar má nálgast í síma 588-1800 á virkum dögum.**

## BIFVÉLAVIRKJAR

**HELSTU VERKEFNI:**

Fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir á bifreiðum, vélum og tækjum
Aðstoð við pantanir og skipulag varahluta
Aðstoð við eftirlit skráninga á notkun bifreiða og tækja
Aðstoð við viðhald á eignum fyrirtækisins

**HÆFNISKRÖFUR:**

Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun
Aukin ökuréttindi og vinnuvélaréttindi er kostur.
Smáskipa vélavörður 750 kW <12metra er kostur
Mikil þekking á bilanagreiningu véla og á rafmagnsbilunum í litlum og stórum vélum
Góð þekking á akstri og notkun bifreiða, véla og tækja
Geta til að endurheimta bifreiðar, vélar og tæki úr erfiðum aðstæðum
Þekking og kunnátta á Microsoft Office
Góð mannleg samskipti og enskukunnátta er æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl.**
**Umsóknir og ferilskrá á ensku sendist á JOB@ELEVENEXPERIENCE.COM merkt "Deplar 2017".**

ELEVEN
DEPLAR FARM
ICELAND

WWW.ELEVENEXPERIENCE.COM

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Vættaskóla skólaárið 2017-2018

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Vættaskóla til eins árs**

Vættaskóli er heildstæður grunnskóli í Grafarvogi með bekkjardeildir frá 1.-10. bekk. Skólinn er starfræktur á tveimur starfsstöðum í Grafarvogi, Engi við Vallengi og Borgum við Vættaborgir. Í skólanum eru um 500 nemendur og 80 starfsmenn. Unnið er að því að efla nám við hæfi hvers nemanda, meðal annars með auknum námstækifærum, nýjungum í kennsluháttum og fjölbreyttu námsmati. Við skólann er starfrækt Valver sem er sérúrræði á unglingastigi þar sem unnið er markvisst með einstaklinginn á hans forsendum en verkefnið fékk sérstaka viðurkenningu skóla- og frístundaráðs árið 2017 fyrir framsækið skólastarf. Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli í samvinnu við Embætti landlæknis. Einkunnarorð Vættaskóla eru vellíðan - metnaður - árangur.

**Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi til að leysa af sem skólastjóri Vættaskóla skólaárið 2017-2018.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2017 til 31. júlí 2018. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111.
Netfang: ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

# SPENNANDI STARFSNÁM

## hjá Íslandsstofu

Íslandsstofa býður upp á spennandi starfsnám fyrir ungt fólk á leið á atvinnumarkað. Skilyrði er að viðkomandi sé í, eða hafi nýlega lokið, námi sem tengist störfum Íslandsstofu á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina. Nánari upplýsingar á **www.islandsstofa.is/starfsnam**

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

---

lífdísill®

## Starfsmaður óskast

Lífdísill ehf óskar eftir framtíðarstarfsmanni í fjölbreytt verkefni við framleiðslustörf í tilraunaverksmiðju félagsins á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Íslenskukunnátta nauðsynleg, vinnuvélapróf kostur.

**Allar nánari uppl í síma 6640840 eða sigurdur.ingolfsson@lifdisill.is.**

---

## VERKFRÆÐINGUR EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR Á HÖNNUNARDEILD

VEGAGERÐIN

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á hönnunardeild. Um er að ræða fullt starf, við hönnun umferðarmannvirkja.

Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.

Við erum að leita eftir verkfræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Fjölmörg verkefni eru framundan varðandi uppbyggingu vegakerfisins á Íslandi. Um er að ræða spennandi starf við hönnun vega í krefjandi umhverfi, um fjallvegi, firði og í þéttbýli.

**Starfssvið**
Vinna við hönnun vega, verkefnastjórn hönnunar, verkefni tengd viðhaldi vega auk þátttöku í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingarverkfræðingur, M.Sc. eða byggingartæknifræðingur B.Sc
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju Norðurlandamáli

Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar menntunar- og hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 3.apríl 2017.**

Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar (gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

## Skólastjóri og starfsfólk við grunn-og leikskóla

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsfólki í eftirtalin störf í samreknum leik- og grunnskóla í Hofgarði í Öræfum. Öræfi liggja undir rótum Vatnajökuls þar sem gott samfélag fer ört vaxandi með tilheyrandi þörfum fyrir grunnþjónustu við barnafjölskyldur.

**Óskað er eftir fyrir næsta skólaár:**
- Skólastjóra í samrekinn leik- og grunnskóla.
- Grunnskólakennurum eða leiðbeinendum til að kenna nemendum á yngsta- mið- og unglingastigi.
- Stuðningsfulltrúa í leik- og grunnskóla.
- Matráði í hálft starf.
- Jafnframt er óskað eftir leikskólakennurum eða leiðbeinendum í leikskóla í hlutastarf, frá 15. maí fram að sumarfríi leikskólans 10. júlí.
- Einnig vantar starfskrafta í leikskóla að sumarfríi loknu 14. ágúst fyrir áframhaldið. Gætu verið hlutastörf.

Störfin eru lífleg, hressandi og skemmtileg fyrir alla þá sem hafa gaman af að samveru, leik og starfi með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 24. apríl.**

**Umsóknir berist til Ragnhildar Jónsdóttur fræðslustjóra á netfangið ragnhildur@hornafjordur.is s. 470 8000 sem veitir nánari upplýsingar. Pálína Þorsteinsdóttir núverandi skólastjóri veitir jafnframt upplýsingar í tölvupósti, palinath@hornafjordur.is eða í síma 478-1672.**



LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is



## Sjúkraliði

*Við leitum að metnaðarfullum og skipulögðum sjúkraliða í okkar frábæra starfsmannahóp í hjúkrunarþjónustu Lyfju Lágmúla.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Starfið felst í þjónustu á sviði hjúkrunar í hjúkrunarþjónustu Lyfju Lágmúla. Í því felast m.a. heilsufarsmælingar, ráðgjöf til viðskiptavina á heilsu- og hjúkrunarvörum, umsjón með pöntunum og lager hjúkrunarvara auk almennra afgreiðslustarfa.

**Vinnutími:**
9:00–17:00 virka daga

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Arnardóttir, yfirmaður hjúkrunarþjónustu, í síma 533 2300 / netfang: ingibjorg@lyfja.is.

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.*

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

*Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2017. Tekið er við umsóknum á vefslóðinni lyfja.is*

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 83995 04/16

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Álfaheiði
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol
- Sérkennslustjóri í leikskólann Baug
- Leikskólakennarar í leikskólann Sólhvörf

**Grunnskólar**
- Kennari á miðstig í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri síðastliðinn föstudag. Útförin fer fram í Akureyrarkirkju þriðjudaginn 4. apríl kl. 13.30.

**Kristín Sigurðardóttir**
**Sigurður Arnar Ólafsson** **Heiða Guðrún Einarsdóttir**
**Þorgerður Bjarnadóttir** **Arnbjörn Randversson**
**Edda Bjarnadóttir** **Hermann Ísidórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra
**Fjóla Sigurðardóttir**
Vesturgötu 7,
lést á hjartadeild Landspítalans 27. mars. Útför hennar fer fram frá kapellu Fossvogskirkju þriðjudaginn 4. apríl kl. 15.00.

**Guðrún Hjálmarsdóttir og fjölskylda.**

---



Hugheilar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns,
**Jóhanns Sigvaldasonar**
kennara,
Undirhlíð 3, Akureyri.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Furuhlíðar. Verið öll umvafin kærleika Guðs.

**Guðný Matthíasdóttir**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,
**Gróa Björnsdóttir**
Efstalandi 10, Reykjavík,
sem lést á líknardeild Landspítalans 28. mars sl., verður jarðsungin frá Seljakirkju fimmtudaginn 6. apríl kl. 13.

**Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen**
**Eivin Christiansen**
**Sólveig Eyvindsdóttir** **Kjartan Æ. Kristinsson**
**Elín Gróa Kjartansdóttir**
**Lára Hlín Kjartansdóttir**
**Sigurbjörn Björnsson, Svava Björnsdóttir**
**Sigurður Björnsson, Ásdís Magnúsdóttir**

---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
**Svanhildur Þorvaldsdóttir**
frá Akranesi, Dælengi 4, Selfossi,
lést þriðjudaginn 28. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 5. apríl kl. 13.

**Halldór Magnússon**
**Aðalbjörg Elín Halldórsdóttir** **Skúli Valberg Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Egill Hjartar**
rafmagnstæknifræðingur,
Vættaborgum,
lést á heimili sínu 11. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fríða Egilsdóttir** **Bergsteinn Ólafsson**
**Sigríður Theodóra Egilsdóttir** **Hörður Guðmundsson**
**Ívar Bergmann Egilsson** **Íris Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**




## MADEIRA



**Stökktu**

**Frá kr. 92.480 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 92.480 m.v. 3 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur.

## KRÓATÍA




**Laguna Istra**

**Frá kr. 94.830 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann á frá kr. 94.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 105.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
27. júní í 7 nætur.

## BIBIONE




**Villaggio Marco Polo**

**Frá kr. 74.545 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 74.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

## PORTOROZ




**Hotel Neptun**

**Frá kr. 94.845 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 94.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 115.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

## BENIDORM



**Hotel Melia Benidorm**

**Frá kr. 83.365 m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 83.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA



**Estrella de Mar Apts.**

**Frá kr. 68.545 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 68.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 95.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. ágúst í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



**Aguamarina Apartments**

**Frá kr. 56.145 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 56.145 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 77.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
4. júní í 7 nætur.

## KRÍT



**Omega Platanias**

**Frá kr. 88.045 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 88.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 107.795 m.v. 2 fullorðna í herb.
5. júní í 10 nætur.

## ALBIR



**Hotel Sun Palace Albir**

**Frá kr. 69.465 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 69.465 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 85.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. júní í 7 nætur.

## MALLORCA



**Hotel Sorrento / Portofino**

**Frá kr. 81.895 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 81.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 121.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
10. júlí í 10 nætur.

## SALOU



**Hotel Jaime I**

**Frá kr. 69.885 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 69.885m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 93.785 m.v. 2 fullorðna í herb.
6. júní í 9 nætur.

## TENERIFE



**Arena Suites Apts.**

**Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
26. ágúst í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM81280

595 1000 • heimsferdir.is

**Heimsferðir**

*– fáðu meira út úr fríinu*

markhönnun ehf

# netto




**CADBURY**
PÁSKAEGG OREO 278 GR.
**599 KR STK**
~~ÁÐUR: 798 KR/STK~~




**MARS**
PÁSKAEGG OREO 141 GR.
**398 KR STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~




**SMARTIES**
EGG HUNT BAG 140 GR.
**489 KR STK**
~~ÁÐUR: 689 KR/STK~~




**MALTEASTER**
MINI BUNNY EGG 80 GR.
**209 KR STK**
~~ÁÐUR: 298 KR/STK~~




**CADBURY**
DAIRY MILK BUTTONS UNGI 142 GR.
**398 KR STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~




**MALTESERS**
MINI BUNNIES 58 GR.
**119 KR STK**
~~ÁÐUR: 198 KR/STK~~




**SNICKERS**
PÁSKAEGG 274 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**MALTESERS**
PÁSKAEGG 127 GR.
**398 KR STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~




**M&M**
PÁSKAEGG PEANUT 135 GR.
**398 KR STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~




**CELEBRATIONS**
PÁSKAEGG 248 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**NESTLE** SMARTIES
3D ACTIVITY PACK 117 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**CADBURY**
SÚKKULAÐI KANÍNA 100 GR.
**299 KR STK**
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~




**CADBURY**
EASTER EGG TRAIL
**598 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~

# Landsins mesta úrval af páskaeggjum




**MACKINTOSH**
DÓS 1.315 GR.
**1.598 KR STK**
~~ÁÐUR:1.798 KR/STK~~




**CADBURY**
MINI EGG PLASTIC 231 GR.
**698 KR STK**
~~ÁÐUR: 898 KR/STK~~




**CADBURY**
KANÍNA 5 X 15 GR.
**299 KR STK**
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~




**MARS**
PÁSKAEGG 280 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**GALAXY**
PÁSKAEGG GOLDEN 233 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**MILKYBAR**
3D ACTIVITY PACK 103 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~




**MALTESERS**
PÁSKAEGG TEASERS 248 GR.
**558 KR STK**
~~ÁÐUR: 698 KR/STK~~

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## LÁRÉTT

**1** Held ég snúi mínum bæjarhluta u.þ.b. á haus (11)
**11** Suð straums til svelgs (10)
**12** Seður hún frakkan og sísoltinn (11)
**13** Stækka botna sólfara (8)
**14** Einkenni fólks frá Ójafnaðarkleif á Kjálka (11)
**15** Þetta á ég eftir: Skít og skotsilfur (10)
**16** Saman milli ofna til fauta (9)
**17** Ligg nú á þeim bletti sem mest slitnar í bæli asísks verts (12)
**21** Heldra fólk í Síðu – þeirra bíður reipið (9)
**25** Spyrja fólk í Brúnavík um afdrif kantsneiddra lamba (13)
**28** Hægt er í húminu/hljóðlátt og kyrrt (8)
**30** Skrifum Sunnu með geislum (9)
**32** Þessi tóntegund er táknuð með grátstaf (8)
**33** Fljót, smá kraftur og ég get þetta (5)
**34** Eflið tóm svo kapítalið vaxi (9)
**35** Sannar sögur af ævintýrum ruglaða snóksins (6)
**36** Gef úrvalstrjónu fyrir tiltekna hektara (5)
**39** Með sögur af telegrafinu í nýja gemsanum (10)
**40** Best ég hnoði þetta saman og sendi í pakka (6)
**42** Festi mig í brenglaðri braglínu (5)
**43** Ætli áburður flaski á beljurassi? (7)
**44** Sá frækni gleymdi ekki að gá (6)
**45** Hitti ungpresta, tilbreyting í því (7)
**46** Segi frá svari og fyrirgefningu syndanna (7)

## LÓÐRÉTT

**1** Bekkir fyrir fullorðna og fróðleiksfúsa (11)
**2** Losið þessa ótukt (9)
**3** Taka eftir kollu ef mors er notað (9)
**4** Endast lengur ef ég kem til þeirra aukatalstöð (9)
**5** Heimta fé af heimilum, um það snýst líf þessara gaura (10)
**6** Rennur inn þessar bláu að hjartanu (10)
**7** Segja má að an sé an og leiðin líka (8)
**8** Hálft IKEA-tól leiðir til lostaleiks (8)
**9** Árstíðarfjötur baðaður viðeigandi birtu (8)
**10** Hér fæst hvorki gos né glóð í pípu (8)
**18** Banvænasti limur monthanans er hanaputinn (13)
**19** Safna smá forða fyrir þá sem hafnað var (8)
**20** Ætlar sjálf að ásækja liðið í Valhöll (8)
**22** Þarf að versla vegna fanga (7)
**23** Lestu málsskjölin, svo kennslubækurnar (12)
**24** Þefa uppi spæjarabúllur og lama starf þeirra (12)
**26** Klæðist karakúlgærunni á stjörnusprettinum (11)
**27** Óðagot Sørens er hann sá draugana (6)
**29** Æst að þjálfa svakajaka fyrir hæsta fjallið (10)
**31** Frá bletti er beint strik niður, eins og mælisnúra (7)
**37** Viðeigandi máltíð (6)
**38** Ekki fædd í gær? Er það nú víst? (6)
**41** Lagskona Þorra á dagana nóga (4)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | | | | V | | E | | B | | S | | | S | Æ | B | A | R | I | N |
| R | Á | Ð | N | I | N | G | A | R | S | T | O | F | A | | E | | O | | Ú |
| I | | | | I | | G | | Á | | R | | | U | M | R | Á | S | U | M |
| N | Æ | T | U | R | L | J | Ó | Ð | | Á | | | Ð | | S | | A | | E |
| G | | Á | | E | | A | | G | Ú | M | M | Í | H | A | N | S | K | A | R |
| F | E | L | L | I | N | G | A | R | | Ö | | | E | | A | | L | | U |
| E | | G | | S | | A | | E | I | N | L | E | I | K | U | R | I | N | N |
| R | E | I | Ð | T | A | G | L | I | | N | | | M | | Ð | | K | | |
| I | | S | | A | | G | | N | A | U | T | A | S | K | A | N | K | A | R |
| L | I | T | G | R | E | I | N | D | U | M | | | K | | | Á | | F | |
| | L | | E | | Y | | E | | S | | K | V | A | L | A | F | U | L | L |
| S | M | Á | S | T | R | Á | K | | T | | R | | | O | | R | | A | |
| | S | | T | | N | | T | A | U | G | A | B | O | Ð | | Æ | | M | |
| L | A | G | A | S | A | G | A | | R | | P | | | B | A | N | K | A | R |
| | L | | P | | S | | R | I | B | B | A | L | D | A | | D | | N | |
| S | T | J | Ó | R | N | U | M | | Y | | S | | E | K | R | A | N | N | A |
| Á | | Ó | | | A | | Ó | S | T | I | N | N | I | | A | | E | | L |
| M | I | Ð | B | I | K | | D | | T | | J | | L | A | U | T | I | N | A |
| U | | L | | | K | V | E | Ð | A | | Ó | | D | | M | | N | | S |
| R | Ú | I | N | N | I | | L | | N | O | R | Ð | U | R | S | K | A | U | T |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist næring af einhverju tagi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var

**RJÓMASÚKKULAÐI**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |




### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **13 dagar** eftir **Árna Þórarinsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór B. Kristjánsson, Reykjavík.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Haraldur Haraldsson (1920) átti leik gegn Erni Leó Jóhannssyni (2230) á Skákþingi Norðlendinga.

Svartur á leik

**21...Rxf2! 22. Bxf2 e4 23. Dc4 exf3 24. Hxa6 Hxa6 25. Hxa6 Db7 26. Da4 fxg2 27. Re3 Df3!** og svartur vann nokkru síðar. Með sigrinum tryggði Haraldur sér skákmeistaratitil Norðlendinga.

www.skak.is: Magnus Carlsen teflir á Reykjavíkurskákmótinu!



## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### LÍTILL MUNUR

Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson náðu athyglisverðum árangri á sterka alþjóðlega mótinu „Slava Cup“ sem haldið var helgina 24.-26. febrúar síðastliðna í Moskvuborg. Þeir enduðu í öðru sæti á eftir Rússunum Dubinin og Gromov. Rússarnir enduðu með 595 stig en Jón og Sigurbjörn fengu 594 stig, svo tæpara mátti það ekki standa. Sveinn Rúnar Eiríksson og Þröstur Ingimarsson voru einnig meðal þátttakenda og enduðu í 8. sæti með 544 stig. Pörin voru 58 sem öttu kappi. Þröstur var nýlega að landa Íslandsmeistaratign í pílu og gerir þar garðinn frægan einnig á öðrum ólíkum vettvangi. Þegar einu stigi munar í fyrstu tveimur sætunum, er auðvelt að finna spil sem máttu fara betur. Í þessu spili úr mótinu í Moskvu græddu þó Jón og Sigurbjörn vel en hefðu getað grætt ennþá betur með því að vinna doblað spil með yfirslag. Norður var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ 9
♥ 109876
♦ K1093
♣ D64

**Vestur**
♠ KDG1085
♥ K
♦ 652
♣ 853

**Austur**
♠ 432
♥ G4
♦ ÁDG74
♣ KG2

**Suður**
♠ A76
♥ ÁD532
♦ 8
♣ Á1097

Eftir pass Jóns í byrjun hóf austur sagnir á einu laufi. Sigurbjörn kom inn á einu hjarta á hönd suðurs og vestur sagði 1 spaða. Jón stökk í 3 hjörtu sem voru pössuð yfir til vesturs sem gat ekki stillt sig um að berjast í 3 spaða. Þeir voru passaðir yfir til Sigurbjörns sem þá sagði 4 hjörtu sem vestur doblaði. Sigurbjörn drap spaðakóngsútspilið á ás og spilaði tígli á kóng. Austur drap á ás og spilað hjartafjarka til baka. Sigurbjörn hugsaði sig um og svínaði svo hjartadrottningu. Vestur skipti yfir í lauf og Sigurbjörn tók sína 10 upplögðu slagi sem eftir voru. Sigurbjörn hefur eflaust verið hálf svekktur yfir að finna ekki hjartaleguna og vinna spilið með yfirslag.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÓDÝR PIZZUVEISLA




**198** kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g

Grísakjöt af **NÝSLÁTRUÐU**



**698** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

# GOTT VERÐ Í BÓNUS




RISAEGG

**2.598** kr. 1 kg

**Bónus Páskaegg**
1 kg

Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita




NÝTT Í BÓNUS

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

900g




**995** kr. 900 g

**Macintosh Konfekt**
900 g

SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**259** kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

ENGIN KOLVETNI




Ný BRAGÐ TEGUND

**249** kr. 330 ml

**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 5 teg.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **2. apríl** eða meðan birgðir endast

## Konráð og félagar á ferð og flugi 243

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur svo mikið á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Eins og ævinlega,“ sagði Kata.

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Brandarar

„Ég vildi óska þess að ég kæmist einhvern tímann á skíði,“ sagði þúsundfætlan, „en þegar ég er loksins búin að festa skíðin á alla fæturna er snjórinn horfinn.“

Pétur: „Það eru til hundar sem eru vitrari en eigendur þeirra.“
Páll: „Já, ég veit það, ég á einn.“

„Ég var duglegastur í skólanum í dag, mamma,“ sagði Dóri litli hróðugur þegar hann kom heim.
„Nú, hvernig fórstu að því?“ svaraði móðir hans glöð.
„Kennarinn spurði hvað strúturinn hefði marga fætur og ég sagði þrír.“
„En það er vitleysa, góði minn.“
„Já, en hinir krakkarnir sögðu fjórir og það var enn vitlausara.“






# Skemmtilegt að njósna um mömmu og pabba

**Gunnar Páll Elvarsson** er átta ára Eyjapeyi sem æfir fótbolta með ÍBV og lærir golf á vellinum í Herjólfsdal.

Gunnar Páll Elvarsson er úti að leika með bekkjarfélaga sínum í Vestmannaeyjum enda veðrið upp á það besta.

**Hvað skyldi honum þykja skemmtilegast að gera?**
Skemmtilegast er að njósna um mömmu og pabba og líka að fá páskafrí í skólanum.

**Æfir þú einhverjar íþróttir?**
Ég æfi fótbolta með ÍBV og golf með Golfklúbbi Vestmannaeyja.

**Hvað langar þig að verða?**
Mig langar að verða lögga, sjúkrabílstjóri og slökkviliðsmaður.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**

Ég ætla að fara til útlanda, ég ferðast til sex landa og ég hugsa að ég heimsæki Legoland í Þýskalandi. Svo ætla ég líka að halda áfram að læra golf inni í Herjólfsdal.

**Ferðu oft í dalinn?**
Ég hjóla þangað stundum. Æfði mig að hjóla þar og hjólaði reyndar bæði á vegg og ruslatunnu.

**Hefur þú verið á Þjóðhátíð?**
Já, mér finnst ótrúlega gaman á Þjóðhátíð. En ég sleppi henni núna í sumar af því að ég verð í útlöndum.

**Heyrir þú oft talað um eldgosið í Eyjum?**
Já, Þingholt, húsið hennar Þórsteinu ömmu minnar og Páls afa fór undir hraunið og ég fer stundum að steini sem er þar sem húsið stóð. Ég á rosalega marga frændur og frænkur hér í Eyjum og hef heyrt mikið um gosið.

**Hefur þú farið á sjó?**
Nei, ekki enn þá, bara verið um borð í bát sem heitir Huginn þegar var verið að færa hann í höfninni.



**Gunnar Páll leikur sér úti þegar veðrið er gott.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Listaverkið



**Manal María Hani** er höfundur þessarar myndar.

# FERMINGARGJAFIR #AMEN




CROSS
Star Wars
minnisbók & penni
**VILDARVERÐ: 7.499**
Verð: 9.999

**25% vildarafsláttur**

GABOL



**GOTT VERÐ!**

Ferðataska Cloud
4 hjól
Verð frá: 9.999.-






**25% vildarafsláttur**




Íslenskar þjóðsögur
**TILBOÐSVERÐ: 6.699.-**
Verð áður: 7.899.-

Heyrnartól Spectrum
**VILDARVERÐ: 3.749**
Verð: 4.999

Where to go When
**VILDARVERÐ: 3.499**
Verð: 4.999-

**GOTT VERÐ!**













Gæfuspor
gildin í lífinu
Verð: 2.999.-

Steinn Steinarr
ljóðasafn
**TILBOÐSVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 5.186.-

The Art Book
**VILDARVERÐ: 3.499**
Verð: 4.999-

Vísindabókin
**TILBOÐSVERÐ: 3.899.-**
Verð áður: 6.499.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 02. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðlæg átt, allhvöss og snjókoma eða slydda norðvestantil með morgninum, en síðan hægari og él um landið norðanvert. Vestan 5-10 og úrkomulítið um landið sunnanvert. Heldur kólnandi í bili.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 17° | Oslo 13° | Stokkhólmur 11° | Gautaborg 10° | Helsinki 2° | Þórshöfn 7° | Nuuk -12° |
| London 15° | Amsterdam 15° | Paris 14° | Berlin 19° | Madrid 15° | Brussel 14° | Róm 21° |
| Boston 2° | New York 4° | Orlando 18° | Moskva 4° | Singapúr 25° | Tókýó 5° | Sydney 20° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↖19 | 5° ↗9 | 3° ↙9 | 4° ↖15 | 1° ↓8 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ←18 | 0° ↙18 | -5° ↙11 | -2° ←13 | -5° ↙10 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ←9 | 4° ↖4 | -1° ↘14 | -3° ←7 | -4° ↓10 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ↖8 | 6° ↑11 | 1° →15 | -2° ←10 | -2° ↓16 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ←11 | 7° ↖8 | 4° →9 | 1° ↙8 | 1° ↓12 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# FERMINGAR 2017

## TILBOÐ AF VÖLDUM GJAFAVÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**30. mars - 17. apríl**



**Hnattlíkön með ljósi**
Verð með afslætti: 11.990 kr.
Verð áður: 13.990 kr.



**Hliðarborð frá Bloomingville**
Verð með afslætti: 16.990 kr.
Verð áður: 21.990 kr.



**Base Boost frá Samsonite**
25% afsláttur af öllum stærðum
Verð frá 14.993 kr.



**Járnhilla**
Verð með afslætti: 5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.



**OH stóll frá Umbra**
Verð með afslætti: 7.990 kr.
Verð áður: 9.990 kr.



**Ananas frá Bloomingville**
25% afsláttur af öllum gerðum
Verð frá 2.999 kr.

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Losna við að hafa áhyggjur af myndbyggingu

**Hlynur Helgason, myndlistarmaður og listfræðingur, opnar sýninguna Málverk/12 rendur í Hannesarholti við Grundarstíg í dag en fjórtán ár eru liðin síðan hann sýndi síðast málverk sín í Reykjavík.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þetta er það sem ég hef verið að fást við undanfarin tvö til þrjú ár," segir Hlynur Helgason, listfræðingur og myndlistarmaður, um blek- og olíumálverk sem hann er að koma fyrir í veglegum veitingastofum Hannesarholts við Grundarstíg 10.

Hann hefur ekki sýnt í fjórtán ár en kveðst beita svolítið sérstakri tækni við gerð þessara nýlegu mynda. Hún felist í vissri aðferð við að blanda litinn. „Ég mála rendur á strigann og læt svo málningu leka yfir flötinn á kerfisbundinn hátt þannig að hvert málverk er um tvo mánuði að verða til," segir hann og lýsir ferlinu nánar: „Á hverri mynd eru tólf rendur, ég mála eina í einu og síðan sný ég striganum þannig að málningin fer að leka niður flötinn. Þetta er aðferð sem byggir á mörg hundruð ára gamalli hefð en þó er kannski viss frumleiki í að nota hana svona. Hugmyndin sem að baki býr hjá mér er að losna við að hafa áhyggjur af myndbyggingu."

Aðferðin er ekki eins einföld og hún hljómar því Hlynur viðurkennir að nota vissa útreikninga við hana. „Myndirnar byggja sig upp sjálfar út frá kerfi sem ég er búinn að búa til fyrirfram. Þar ræður að hluta til regla byggð á aukastöfum útreikninga á ummáli hrings, pí sem er reglulegasta tala sem til er í heiminum en verður nákvæmlega eins og handahóf þegar hún er komin í þetta samhengi." Nú ranghvolfir blaðamaður augunum og skilur voða lítið. Hlyni er skemmt. „Þetta er svona léttur leikur, smá kerskni, getum við sagt!"

Best að snúa sér að einfaldari atriðum. Af hverju varð Hannesarholt fyrir valinu þegar hann ákvað að setja upp sýningu eftir fjórtán ára hlé?

„Mér var boðið að sýna hér og fannst það tilvalið. Myndirnar í þessari myndröð eru það litlar, lunginn af þeim er 50x50 sentimetra olíumálverk, svo er ég með nokkur blekmálverk líka sem eru 50x70."

Aðalstarf Hlyns er að kenna listfræði í Háskóla Íslands. Eigin listsköpun hefur verið hliðargrein hjá honum síðustu ár. „Ég var með svona sex, sjö fermetra pláss hjá Myndhöggvarafélaginu í mörg ár, þar sem ég gat sest inn og gert eina og eina vatnslitamynd, skissu eða vídeó en svo var ég kominn með svo mikið af hugmyndum að ég ákvað að fá mér vinnustofu upp á 35 fermetra. Síðustu misserin hef ég aðallega verið að keyra í gegnum hugmyndirnar og þegar mér bauðst sýningarpláss hér í Hannesarholti ákvað ég að slá til, enda með myndir í þeirri stærð sem hentar vel fyrir staðinn."

### NOKKUR ORÐ UM FERIL HLYNS

**Hlynur lauk prófi frá málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1986, hlaut kennsluréttindi frá Háskóla Íslands 1991, lauk MA-gráðu í myndlist frá Goldsmith's College í London 1994 og doktorsprófi í heimspeki listmiðlunar frá European Graduate School í Sviss og á Möltu árið 2011. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga á ferli sínum og tekið þátt í sýningum víða um heim, í Englandi, Danmörku, Þýskalandi, Tékklandi og Argentínu. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur eiga verk eftir Hlyn í safneign sinni.**



**„Þegar mér bauðst sýningarpláss hér í Hannesarholti ákvað ég að slá til, enda með myndir í þeirri stærð sem hentar vel fyrir staðinn," segir Hlynur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**ÞETTA ER SVONA LÉTTUR LEIKUR, SMÁ KERSKNI, GETUM VIÐ SAGT!**



**Eitt verkanna á sýningunni í Hannesarholti.**


## Tónlistarskóli FÍH

**auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2017-2018**

Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2017-2018 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 3. apríl n.k.
Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.tonlistarskolifih.is og á www.rvk.is (Rafræn Reykjavík)

- Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.
- Umsækjendur fá tölvupóst með nánari tímasetningu fyrir inntökupróf sem verða 7.apríl.
- **Umsækjendur fá svar um skólavist í byrjun maí**



**Þú þarft einungis að hafa hæfileika og þá tökum við við þér**

**Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.**

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rythmiskri tónlist ( djass, popp, rokk,) Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu. Tónlistarskóli FÍH er góður undirbúningur fyrir þá sem ætla sér í framhaldsnám í tónlist og starfar skólinn í nánu umhverfi við MÍT menntaskóla í tónlist.

# Erum við að leita að þér?



## Við hjá VHE

**erum á höttunum eftir öflugu og góðu fólki til að ganga til liðs við okkar framúrskarandi hóp starfsmanna í Hafnarfirði**

## á Mannvirkjasvið vantar okkur:

- Verkefnastjóra
- Tæknimenn
- Verkstjóra
- Smiði, múrara og aðra iðnaðarmenn (samstilltir hópar í afmörkuð verkefni geta komið til greina)
- Verkamenn
- Krana- og tækjamenn

**Hæfnis- og menntunarkröfur fyrir verkefnastjóra og tæknimenn mannvirkja eru m.a.:**

- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun á sviði iðnfræði, byggingafræði, tæknifræði, verkefnastjórnun eða sambærilegu
- Góð reynsla í verk- og eða verkefnastjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, úthlutun verkefna, skipulagi og sjálfstæðum vinnubrögðum

## á Verkfræðisvið vantar okkur:

- Sérfræðing í hönnun rafmagns og iðnstýringa
- Sérfræðing í hönnun fyrir orku- og/eða efnaiðnað

**Hæfnis- og menntunarkröfur fyrir þessi störf eru m.a.:**

- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á ofangreindum sviðum
- Sjálfstæði í starfi og áhugi á fjölbreyttum verkefnum

## á Stoðsvið vantar okkur:

- Gæðastjóra
- Öryggisfulltrúa

**Um er að ræða störf sem fela m.a. í sér:**

- útfærslu, eftirlit, eftirfylgni og endurskoðun á þeim gæða- og öryggiskerfum sem eru til staðar
- skipulag, utanumhald og framkvæmdir úttekta bæði á sviðum véla og mannvirkja



*VHE er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1971 og hefur starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Egilsstöðum og á Reyðarfirði.*
*Hjá fyrirtækinu starfa um 350 manns við hin ýmsu störf og erum við mjög stolt af þekkingu starfsmanna okkar og reynslu. VHE er framsækið fyrirtæki á Véla- og Mannvirkjasviði, við bjóðum upp á ítarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu fyrir viðskiptavini okkar, má þar nefna sérhæfðar lausnir fyrir stóriðju, iðnað, orkufyrirtæki og mannvirkjagerð.*

VHE
HUGVIT Í VERKI

*Frekari upplýsingar um störfin er hægt að nálgast hjá starfsmannastjóra; gudrun@vhe.is • Móttaka umsókna fer fram á vefsíðu okkar:*
***www.vhe.is/fyrirtaekid/atvinnuumsokn.*** *Umsóknarfrestur er til og með* ***9. apríl***.
*Við viljum vekja athygli á því að konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um þessar stöður. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðargögn.*

# Passíusálmarnir nær djassinum en margir halda

**Fyrirlestur og tvennir tónleikar á einni viku er á meðal þess sem stendur fyrir dyrum hjá Önnu Grétu Sigurðardóttur djasspíanista sem er hér í stuttu stoppi frá framhaldsnámi í Stokkhólmi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Anna Gréta Sigurðardóttir djasspíanisti hefur í mörg horn að líta í stuttu Íslandsstoppi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Anna Gréta Sigurðardóttir djasspíanisti er alin upp á tónlistarheimili og hefur fengið djassinn beint í æð allt frá barnæsku en hún er dóttir Sigurðar Flosasonar saxófónleikara, eins kunnasta djassista þjóðarinnar. „Það hafa að mörgu leyti verið forréttindi að fá að alast upp á svona tónlistarheimili og fá með því ákveðna innsýn í bransann,“ segir Anna Gréta sem þekkir tónlistarlífið á Íslandi vel en bætir þó við að hún hafi aldrei átt von á því að halda fyrirlestur undir yfirskriftinni Konur og jazz í hátíðarsal FÍH eins og hún ætlar að gera næsta mánudagskvöld. „Já, ég ætla svona aðeins að tala um það hvernig er að vera ung kona í þessum bransa og af hverju það getur verið erfiðara að vera kona en karl og hvaða vandamál ég hef rekið mig á og ekki síður hvernig má leysa þau. ég ætla líka að koma aðeins inn á efni eins og kynjakvóta og hvernig hann hefur gengið fyrir sig í Svíþjóð þar sem ég er í framhaldsnámi við Konunglega tónlistarskólann í Stokkhólmi um þessar mundir.“

Anna Gréta segir að óneitanlega sé djassheimurinn mjög karllægur. „Fyrir þremur árum bjóst ég aldrei við því að þetta mundi vera vandamál. Ef ég hefði vitað það þá að ég ætti eftir að koma heim til þess að halda fyrirlestur um jafnrétti en ekki tónlist, því ég tónlistarkona fyrst og fremst, þá hefði ég ekki trúað því. Þannig að ég mundi segja að þetta hafi verið blaut tuska í andlitið síðustu ár.“ En skyldi vera munur á þessu í djassbransanum hér og í Svíþjóð? „Þetta er mismunandi. Það sem ég tek eftir sem er jákvætt í Svíþjóð er að strákar eru mjög meðvitaðir um kynjavandamálið. Á Íslandi eru mjög flottir hlutir að gerast í grasrótinni með verkefnum eins og Stelpur rokka, almennar hreyfingar á borð við Free the Nipple og annað slíkt en það væri gaman að sjá meiri viðleitni að ofan. Þannig að þetta eru svona plúsar og mínusar.“

**Tvennir tónleikar**

Anna Gréta tekur þátt í tónleikaröðinni Freyjujazz sem Sunna Gunnlaugsdóttir kom á laggirnar fyrir skömmu til þess að koma á framfæri konum í djasstónlist. Freyjujazz er hádegistónleikaröð á þriðjudögum á Listasafni Íslands og Anna Gréta segir að það sé gaman að fá að taka þátt í þessu verkefni. „Þetta er frábært framtak hjá Sunnu, að auka sýnileika kvenna í djassi með þessum hætti. Sunna er mér vissulega fyrirmynd sem kona á tónlistarsenunni og svo er pabbi líka tónlistarmaður og hann ætlar að spila með mér þriðjudaginn. Við ætlum að fókusera á tónsmíðar kvenna og spilum að miklu leyti tónlist eftir mig en henda líka jafnvel inn lagi eftir Björk Guðmundsdóttur og Cörlu Bley og þetta verður bara gaman.“

Næstu helgi, sunnudaginn 9. apríl klukkan 17, eru svo stórtónleikar fyrir dyrum í Hörpu hjá Önnu Grétu þar sem hún mætir með sitt tríó sem samanstendur af henni, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni á bassa og Einari Scheving á trommur, en hún segir að það séu tónleikar sem hún sé ekki síður spennt fyrir. „Kórinn Fjárlaganefnd úr Tónó ætlar að syngja vel valda Passíusálma og það er hún Hlín Pétursdóttir sem er að stýra þessari tónleikaseríu sem gengur út á að gefa ungu tónlistarfólki sem hefur verið í námi erlendis tækifæri til þess að kynna sig jafnt sem áhugasömum að kynnast tónlist þeirra. Hlín gaf mér frjálsar hendur með hvað ég mundi gera en sagði mér að þau kæmu til með að syngja þessa Passíusálma svo ég ákvað að koma með að borðinu mínar tónlistarlegu hugleiðingar í kringum þessa sálma. Ég er búin að semja nokkur ný lög sem eru innblásin af Passíusálmunum og mér fannst ótrúlega skemmtilegt að vinna með þessa sálma. Þessar laglínur eru módal, þær eru í þessum kirkjutóntegundum og djassinn vinnur mikið með þær og við eigum sitthvað sameiginlegt. Svo er ég búin að vera að lesa sálmana og þeir eru svo ótrúlega ástríðufullir og það skína svo í gegn þessar sterku tilfinningar gagnvart svona universal þemum eins og iðrun og fyrirgefningu. Þannig að Passíusálmarnir eru í rauninni ekki eins fjarri djassinum og margir halda, heldur er þetta fyrst og fremst mjög inspírerandi stöff.“

»EUKANUBA DAGURINN

LAUGARDAGINN 1. APRÍL
GÆLUDÝR.IS SMÁRATORGI MILLI KL. 12 OG 16

LJÓSMYNDASTÚDÍÓ – FÁÐU MYND AF HUNDINUM ÞÍNUM
FRÍ KLÓAKLIPPING – FYRIR HUNDA
HAPPDRÆTTI – GJAFAKÖRFUR & ÁRSBIRGÐIR AF EUKANUBA
VIGTUN & RÁÐGJÖF – ÞARF HUNDURINN AÐ LÉTTAST EÐA ÞYNGJAST?
FÓÐURRÁÐGJÖF – HVAÐ HENTAR ÞÍNUM HUNDI BEST?
HundaAkademían – KLIKKERÞJÁLFUN

MERKTU ÞIG Á VIÐBURÐINN, DEILDU Á FACEBOOK OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFAKÖRFU FRÁ GÆLUDÝR.IS



gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari
Smáratorg · Korputorg · Helluhraun · www.gaeludyr.is



# Samband drottnara við þjóð sína

**BÆKUR**

**Rútan**
★★★★☆

**Eugenia Almedia**
**Salka**

**130 bls.**
**Íslensk þýðing:** Katrín Harðardóttir
**Kápa:** Aðalsteinn Svanur Sigfússon
**Prentun:** Oddi

Í afskekktu og tilbreytingasnauðu sveitaþorpi á tímum einræðis og kúgunar í Argentíu býr virtur lögmaður ásamt eiginkonu sinni í ástlausu hjónabandi. Hjónaband lögmannsins Ponce og hinnar vel ættuðu og menntuðu Mörtu byggir á hugmyndum um heiður og rétta eftirbreytni en er í raun andstæða alls þess. Holdtekning karllægrar þöggunar og kúgunar sem einkenndi argentínskt samfélag á seinni hluta síðustu aldar. Samband manns og konu er samband drottnara við þjóð sína.




Dag einn hættir rútan sem gengur í gegnum þorpið að stoppa. Hún brunar áfram og þar með eru þeir fáu einstaklingar, eitt par og systir Ponce lögmanns, strandaglópar í þorpinu. Dagarnir líða og ekki stoppar rútan sem verður þorpsbúum tilefni til þess að klæða sig upp og fylgjast með aðförunum. Horfa á valdinu beitt með offorsi, tala um allt hið hversdaglegasta og þegja um það sem skiptir máli.

Rútan er ekki flókin saga en að sama skapi er hún ákaflega táknræn og áhrifarík í einfaldleika sínum. Bók sem fjallar um erfiða og dökka tíma í sögu Argentínu, tíma sem þjóðin er eflaust enn að takast á við ekki síst fyrir tilstilli þeirrar þöggunar sem innleidd var með henni á þessum árum. Einfaldir endurlitskaflar sem veita innsýn í líf Ponce lögmanns, systur hans og eiginkonu, fullkomna heildarmynd sögunnar og hvernig saga þeirra er um margt táknræn fyrir sögu þjóðarinnar. Saga sterkra tilfinninga og ástríðu en í senn saga græðgi eða öllu heldur greddu og kúgunar.

Rútan er fyrsta skáldsaga Eugenia Almeida og ef tekið er mið af því þá er þetta sérdeilis þroskuð og vel skrifuð skáldsaga. Mannlýsingum, einkum aukapersóna, mætti á stundum gefa örlítið meiri gaum en samtöl og persónusköpun aðalpersóna er ljóslifandi og sterk. Persónurnar eru táknmyndir með afmarkað sögulegt hlutverk í pólitísku landslagi Argentínu en þó mannlegar og lifandi. Hið sama má í raun segja um umhverfið, veðrið, landslagið og umhverfið allt – það er allt táknrænt og hlaðið þeirri spennu sem einkenndi samfélagið á þessum árum og áratugum. Pólitíkin er þó ekki alltumlykjandi í textanum, heldur til staðar fyrir þá sem hana vilja lesa, því Rútan er ekki síður saga um manneskjur, líf þeirra og örlög. Vel skrifuð og skemmtileg skáldsaga sem óhætt er að mæla með, lipurlega þýdd og á góðu máli, þá er hún ekki alveg gallalaus með öllu.

Og þó svo Rútan fjalli um og gerist í ákveðnu pólitísku landslagi Argentínu frá síðustu öld er þetta bók sem á erindi við okkur öll. Sú hugsun og stjórnun sem hún tekst á við stendur okkur því miður nær en margan grunar og það sýnir okkur vel mikilvægi þess að geta nálgast heimsbókmenntir samtímans og að taka virkan þátt í þeirri samræðu sem þær bjóða okkur til.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Einföld, mannleg og áhrifarík skáldsaga um atferli valdsins hvar og hvenær sem er.

# Lífið er eins og sýningarnar, kemur alltaf á óvart

3Klassískar og prúðbúinn píanisti taka lagið og léttar veitingar verða í boði á sýningaropnun í Anarkíu Listasal í Hamraborg 3a í Kópavogi í dag, laugardag, sem hefst klukkan 15. Þar eru þær Eilíf Ragnheiður og Jóhanna Þórhallsdóttir með sína einkasýninguna hvora. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég sýni á Íslandi undir formerkjum myndlistar. Fjölskylda mín er mjög spennt, hún veit ekkert hvað ég er að gera, man bara eftir mér rúllandi á gólfi,“ segir Eilíf Ragnheiður sem er dansari að mennt en meiddist fyrir nokkrum árum, fór þá að læra gjörningalist úti í Gautaborg en flutti heim síðasta haust. „Ég kalla verkið M-1, það er innsetning sem byggist á textílverkum, skúlptúrum og vídeói og er viss rannsókn á sjálfinu,“ útskýrir hún.


**Eilíf Ragnheiður og Jóhanna hlakka til að opna sýningarnar í dag.**

**FJÖLSKYLDA MÍN ER MJÖG SPENNT, HÚN VEIT EKKERT HVAÐ ÉG ER AÐ GERA, MAN BARA EFTIR MÉR RÚLLANDI Á GÓLFI.**

Jóhanna var um árabil söngkona og kórstjórnandi en sneri sér alfarið að málverkinu fyrir sex árum. Hún hefur undanfarið stundað nám hjá Markúsi Lübertz í Suður-Þýskalandi og útskrifast þaðan í sumar. Jóhanna kallar sýningu sína Nekt og nærvera og sýnir málverk sem hún hefur aðallega unnið á þessu ári, auk örfárra eldri mynda. „Lífið er eins og sýningarnar,“ segir hún. „Kemur alltaf á óvart.“ **– gun**









**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 6 - 11:10 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 8 - 10:30 |
| GHOST IN THE SHELL 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 12:30 - 3:20 - 8:30 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D VIP | KL. 12 - 2:40 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 12 - 2 - 4 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| VAIANA ÍSL TAL | KL. 12:40 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 2:50 - 8 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 3:15 - 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 1 - 3 - 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 1 - 3:30 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:45 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 1:30 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 3:20 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 12:20 - 2:40 - 5:20 - 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 10:10 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 12:20 - 1 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 3 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 1:30 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 3:20 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 1. APRÍL

### Tónlist

**Hvað?** Suð, Rythmatik og Saktmóðigur með tónleika
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn
Suð, Rythmatik og Saktmóðigur stíga á svið og framreiða einstakan indie-pönk-rokk þeyting.

**Hvað?** Jason Mraz tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Jason Mraz hefur slegið í gegn víða um heim og nú þegar hefur hann hlotið demants-, platínu- og gullplötur í meira en 20 löndum. Hann mun koma fram í Hörpu í kvöld.

### Uppákomur

**Hvað?** Tangó praktika Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Svana Vals er Dj kvöldsins og heldur uppi stuðinu með dúndrandi tangótónlist og leiðsögn í argentínskum dansi. Aðgangseyrir er 700 krónur.

**Hvað?** Fatamarkaður Sólstafa/Páskaeggjaleit
**Hvenær?** 10.30
**Hvar?** Sóltún 6
Í tilefni páska efnir foreldrafélag grunnskólans Sólstafa til fatamarkaðar þar sem hægt verður að næla sér í flíkur á frábæru verði og gæða sér á heitri súpu og brauði (vegan fyrir vegan) gegn vægu gjaldi. Páskahérinn ákvað að efla fjörið enn meir og fela smáegg (vegan fyrir vegan) um alla lóð fyrir börnin að finna. Páskaeggjaleitin hefst kl. 11.00. Allir velkomnir. Allur ágóði af sölunni fer til kaups á innanstokksmunum fyrir glæsilegu nýbygginguna sem nú fer senn að verða tilbúin fyrir börnin og til að efla útisvæði barnanna enn meir.

**Hvað?** Magnea og Anita Hirlekar með opnun
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Garðastræti 2


Jason Mraz kemur fram í Hörpu í kvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Ný konseptverslun verður opnuð. Fata- og textílhönnuðirnir Anita Hirlekar og Magnea Einarsdóttir sameinast undir einu þaki og munu bjóða upp á vörur frá eigin merkjum. Myndlistarkonan Auður Ómarsdóttir mun skapa stemningu fyrir opnunina.

**Hvað?** Bocuse d'Or kvöld
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grillið
Viktor Örn Andrésson náði 3. sæti í keppninni Bocuse d'Or í janúar síðastliðnum. Viktor er margverðlaunaður og var meðal annars matreiðslumaður ársins 2013 og matreiðslumaður Norðurlandanna 2014. Í tilefni þess hefur Viktor verið fenginn í samstarf við teymið á Grillinu á sérstöku Bocuse d'Or kvöldi.

### Sýningar

**Hvað?** Málverkasýning Hlyns Helgasonar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholt
Hlynur Helgason opnar sína fyrstu málverkasýningu í 14 ár í Hannesarholti. Á sýningunni sýnir Hlynur olíumálverk og blekmálverk. Málverkin eru unnin eftir ákveðnu kerfi og eru byggð upp af tólf röndum.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar Vox feminae í Seltjarnarneskirkju
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Kvennakórinn Vox feminae heldur tónleika sem bera yfirskriftina Hörpur og strengir. Efnisskrá tónleikanna samanstendur af klassískum evrópskum og íslenskum verkum, allt frá 17. öld fram til okkar daga.

### Uppákomur

**Hvað?** Jarðfræði- og leirsmiðja fyrir krakka
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur stýrir smiðjunni sem ætluð er krökkum á aldrinum 8-12 ára í fylgd með fullorðnum. Snæbjörn sýnir mismunandi grjóttegundir og segir frá, talar um jarðfræði Íslands og ber saman við önnur lönd. Þá sýnir Snæbjörn krökkunum mismunandi leirtegundir. Frítt inn.

